7. Kristján E. Þórarinsson.
8. Jón Þorsteinsson.

V. Skolens Beneficier.

Skolens Beneficier bleve af Ephoratet fordelte paa følgende Maade:

A, Heelt Stipendium (100 Rd.) erholdt:

B, Halvt Stipendium (50 Rd.) erholdt:

9. Jón Ólafsson.
10. Jón Þorgrímsson.
11. Sveinbjörn Sveinbjörnsen.
12. Hannes Stefánsson.
13. Júlíus Friðriksson.
14. Páll Ólafsson.
15. Einar Guðjohnsen.
16. Magnús Jósefsson.
17. Árnabjarni Sveinbjörnsen.
18. Jón Pálsson.
19. Stefán Halldórsson.
20. Pjetur Jónsson.
21. Helgi Melsteð.
22. Hallgrímur Melsteð.
23. Einar Einarsson.
24. Árni Jóhannesson.
25. Árni Jónsson.
26. Ólafur Bjarnarson.
27. Tómas Hallgrímsson.
28. Böðvar Þórarínsson.

C, Kennslu njóta allir lærisveinar kauplaust, og 39 bjuggu að auki kauplaust í skólanum.

D, Af bræðrasjóðnum var styrkur veittur þessum lærisveinum :

Kristjáni Jónssyni . . .	18 rdd., » skk.
Pjetri Guðmundssyni . . .	18 — » —
Birni Jónssyni . . .	14 — » —
Ólafi Briem	14 — » —
Ólafi Bjarnarsyni . . .	14 — » —
Árna Jónssyni	12 — » —
Árna Jóhannssyni . . .	10 — 21 —
Stefáni Jónssyni	5 — » —
Páli Einarssyni	5 — » —

E, Enn fremur voru með samþykki yfirstjórnanda skólans, í þóknunarskyni, nokkrar bækur gefnar þeim, er tekið höfðu þátt í umsjóninni í skólanum.

Umsjónarmenn bekkjanna

(*Inspectores scholae*):

Jón Bjarnason fjekk: *Sveinbj. Egilsson: Lexicon poëticum antiquae linguae septentrionalis. Havniae 1860.*

C, Fri Undervisning nydes af hele Skolen, og desuden boede 39 frit paa Skolen.

D, Af den saakaldte »*Bræðrasjóður*« uddeltes følgende Portioner :

E, Endvidere tilstodes, efter Ephoratets dertil indhentedes Samtykke, følgende Böger som Erkjendtlighed til de Disciple, der havde deeltaget i Inspectionen i Skolen :

Kristján E. Þórarinnsson fjekk: *Örsted: Mechanisk Physik og Petersen: chemisk Physik.*

Kristján Jónsson . . . — *L. Meyer: Fremmedordbog.*

Björn Stefánsson . . . — *P. Arnesen: Græsk-dansk Ordbog.*

Umsjónarmenn í svefnloftunum

(*Inspectores cubiculi*):

Jakob Pálsson . . . fjekk: *Qvicherat: Dictionnaire français-latin, og Petersens Lyslære. Khavn. 1852.*

Hannes Stefánsson . . . — fyrir 1863—1864 og 1864—1865: *Ciceronis opera ex recensione R. Klotzii. Lipsiae, 1852—1856.*

Umsjónarmaður úti við

(*Inspector platearum*):

Þorvaldur Jónsson hafði árinu áður verið umsjónarmaður í 3. bekk B, og fjekk fyrir bæði árin: *Karl v. Rotteck: Allgemeine Weltgeschichte für denkende Geschichtsfreunde, mit der Fortsetzung der Geschichte der neuesten Zeit von Hermes.*

VI. Stjórn skólans.

1. Í brjefi dagsettu 6. dag septembermánaðar f. á. skýrðu yfirstjórnendur skólans skólástjóra frá, að þeir hefðu þá stungið upp á, að reisa þegar hús það handa bókasafni skólans, sem lengi hafði verið um rætt, og að það væri talið haganlegast sett á svæði því, fyrir sunnan skólann, sem skólástjóra væri úthlutað til kálgarðs, en honum var aptur lofað jafngóðu svæði til kálgarðs annarstaðar.

Í næstu skólaskýrslu mun jeg nákvæmar skýra frá bókhlöðu þessari, en skal að eins geta þess hjer, að í vetur er var var allt það grjót flutt að hússtæðinu, er til hússins þurfti, og að nú í sumar hefur verið reist ágætt steinhús, og þak þegar á það lagt, en að innan verður það að líkindum eigi fullgjört fyr en í vor.

2. Í brjefi dagsettu 4. dag janúarmánaðar þ. á. skýrðu yfirstjórnendur skólans mjer frá, að eptir undirlagi þeirra væri gjörður samningur við ensku verzlunina hjer í bænum um það, að hún tæki að sjer, að byrgja skólann upp að því, sem hann þyrfti með til sinna þarfa og til viðrhalds hússins, við sem vægustu verði, og

VI. Skolens Bestyrelse.

1. Ved Ephoratets Skrivelse af 6. Sept. f. A. meddeltes Rector, at samme nu havde foreslaaet, at den saa længe omforhandlede Bibliotheksbygning nu skulde opføres, og som den hensigtsmæssigste Byggegrund ansaaes den sönden for Skolebygningen beliggende Deel af Skolens Grund, indbefattet et Stykke Havejord, der var tillagt Rectorsboligen, hvis Equivalent tilsagdes at ville blive ham anvist paa et andet Sted.

Idet jeg i næste Aars Program forbeholder mig en nærmere Omtale af denne Bygning, skal jeg her blot bemærke, at efter at det fornödne Quantum Steen var i Vinter bleven transporteret i Nærheden af Byggepladsen, er der i Sommer bleven opført et prægtigt Steenhuus, som nu er kommet under Tag, men hvis indvendige Fuldförelse rimeligviis maa udsættes til Foraaret.

2. Ved Skrivelse af 4. Januar d. A. underrettede Skolens Ephorat Rector om, at der paa dets Foranstaltning var bleven afsluttet en Contract med den herværende engelske Handel, ifölge hvilken denne paatager sig alle Leverancer til Skolens Forbrug og Bygningernes Vedligeholdelse, til de billigst mulige Priser og des-

með afslætti, 10 af hverju hundraði. Áður hafði skólinn engan fastan sala, og fjekkst þá eigi neina uppbót.

3. Með brjefi dagsettu 27. dag júnim. þessa árs sendu yfirstjórnendur skólans mjer brjef kennslumálastjórans, dagsett 25. dag maímánaðar þ. á., og þar með álit umsjónarmanns skólanna, konferenzráðs *Madvigs*, um skólamálið, og beiddist kennslumálastjórinn athugasemda þeirra, sem yfirstjórnendum skólans, skólastjóra og kennurunum þætti ástæða til að gjöra um málið. Jafnframt var, eptir uppástungu konferenzráðs *Madvigs*, skorað á kennendurna, ef auðið væri, að semja tafarlaust latínska málmyndalýsingu á íslenzku og latínska orðabók handa neðri bekkjum skólans. Kostnað þann allan, sem af þessu flýtur, ætlar stjórnarherrann að greiða af því fje, sem hann hefur umráð yfir. Hlutaðeigandi kennendur kváðust fúsir að takast á hendur starf þetta, og mun málmyndalýsingin að minnsta kosti verða fullgjörð áður langt um liður.

VII. Burtfararpróf.

Síðari hluti burtfararprófsins var haldinn 27.—28. dag júnimánaðar, og gengu undir það próf þeir 4 af lærisveinum í 4. bekk, er verið höfðu 2 vetur í þeim bekk.

Einkunnir þær, sem lærisveinar fengu í prófi þessu, má sjá á töflu þeirri, sem hjer fylgir með. Prófsfulltrúar voru skipaðir af yfirstjórnendum skólans: landsyfirrjettardómari *Jón Pjetursson* og dómkirkjuprestur prófastur Ólafur Pálsson.

Verkefni í íslenzkan stýl:

Að útlista þýðingu orðtækisins: »Hvað ungur nemur, gamall hefur«.

Verkefni í latínskan stýl:

Þá er Xerxes þóttist vita, að sínir menn mundu vera komnir yfir fjallið, gjörir hann harða hrið að þeim Leonídas, svo að þeir gættu því síður þess, er að baki þeim gjörðist. En Leonídas, sem vissi vel, hvað fram fór, hugði einungis á það, að vinna sem mest, áður hann fjelli, og fyrir því gengur hann nú fram fyrir víggarðinn með liðsmenn sína, og berst ákaflega; fjell þá margt af Persum, en flýja þorðu þeir eigi, því að yfirmenn þeirra stóðu að baki þeim, og börðu hvern þann, er á hæl hopaði; þó hjeldust Persar eigi við, og hrukku margir undan og í sjóinn og ljetust þar. Þá er spjót Grikkja brotnuðu, brugðu þeir sverðum, og hjuggu bæði hart og títt. En þó fór hjer sem optar, að enginn

uden med 10 % Rabat. För var der ingen vis Leverandeur eller gaves Procenter.

3. Ved Ephoratets Skrivelse af 27. Juni d. A. communiceredes Rector Cultusministeriets Skrivelse af 25. Mai d. A., ledsaget af Undervisnings-Inspecteur Conferentsraad Madvigs Betænkning i Skolesagen, over hvilken Skolens Ephorat, Rector og Lærere opfordredes til at fremkomme med de Bemærkninger, hvortil de maatte finde dem foranledigede. Endvidere opfordredes Lærerne ifølge Conferentsraadens Forslag til om muligt en uopholdelig Udarbeidelse af en latinsk Formlære paa Islandsk og et latinsk Lexicon til Brug for de lavere Classer, og vil Ministeriet udrede alle Udgifter i Anledning af et saadant Arbeide af de til sammes Raadighed staaende Midler. Vedkommende Lærere erklærede sig villige til at paatage sig Arbeidet, og vil idetmindste Grammatiken kunne ventes fuldført om föie Tid.

VII. Afgangsexamen.

Den sidste Deel af Afgangsexamen blev afholdt den 27.—28. Juni, og indstillede sig til den Pröve 4 af 4. Klasses Dicile efter toaarigt Ophold i denne Klasse.

Resultatet af denne Pröve erfares af efterstaaende Tabel. De af Ephoratet udnævnte Examens-Commissairer vare: Landsoverretsassessor *Jón Pjetursson* og Domkirkepræst Provst *Ólafur Pálsson*.

má við margnum, og fjell Leonidas við frægan orðstír fyrir ættjörð sína og frelsi; börðust menn langa stund um lík hans; hrukku Persar fjórum sinnum fyrir, en Grikkir náðu líki foringja síns. Nú komu þeir Effialtes að baki þeim; fóru Spartverjar inn fyrir víggarðinn og á hól einn, og vörðust þaðan, meðan auðið varð.

Verkefni til að snúa latínu á íslensku:

Solon, quum Miletum venisset ad Thaletem, mirum sibi videri dixit, quod uxorem ille non duxisset, nec liberos relinqueret. Nihil tum Thales respondit, sed paulo post peregrinum quendam subornavit, qui se nuper Athenis venisse simularet. Quaerente Solone, num quid in ea urbe novi, homo, nihil aliud contigisse, respondit, nisi quod adolescentem quendam efferrí vidisset, cujus funus tota fere civitas prosecuta esset. Erat quippe, inquit, ut ferebant, filius viri inter cives virtute praecellentis, et jam dudum ab urbe absentis. O infortunatum parentem! exclamat Solon. Ceterum dic, inquit, quodnam ejus nomen ferebant? Audivi equidem, respondit ille, sed excidit mihi. Hoc tantum memini, habitum esse sermonem de illius viri sapientia et justitia. Solon, cujus metus ad singulas peregrini responsiones magis magisque crescebat, turbatus animo atque anxius quaesivit: numquid ille fato functus adolescens Solonis filius diceretur. Quod ita esse, respondente illo, coepit Solon caput caedere, aliaque et facere et dicere, quae solent magno moerore oppressi. Tum ridens Thales, qui aderat: haec me, inquit, o Solon, a ducenda uxore et gignendis liberis absterruerunt, quae te etiam, fortissimum virum, nunc frangunt. Te vero nihil hic nuntius moveat; haec enim omnia ficta sunt.

Verkefni í rúmmálsfræði:

Hvað stór er hliðin í reglulegum tíhyrningi, þegar radius er = 1?

Verkefni í talnafræði:

Hvað er klukkan, þegar mínútuvisirinn stendur millum 5 og 6 beint yfir tímavisinum?

VIII. Inntökupróf.

26. dag júnímánaðar voru 10 nýsveinar reyndir, er komast vildu inn í skólann, og settist af þeim

a, í 2. bekk:

VIII. Adgangspröven.

Den 26. Juni bleve 10 Aspiranter prøvede, af hvilke blev optagen

a, i 2. Klasse:

1. *Halldór Briem* (fæddur 1852), sonur sýslumanns Eggerts Briems í Skagafjarðarsýslu.
b, í 1. bekk :
2. *Brynjólfur Gunnarsson* (fæddur 1850), sonur hreppstjóra Gunnars Halldórssonar á Kirkjuvogi í Gullbringusýslu.
3. *Indriði Einarsson* (fæddur 1851), sonur Einars bónda Magnússonar á Krossanesi í Skagafjarðarsýslu.
4. *Jón Sigurður Ólafsson* (fæddur 1848), sonur sjera Ólafs Þorvaldssonar á Viðvík í Skagafjarðarsýslu.
5. *Ólafur Ólafsson* (fæddur 1851), og
6. *Friðrik Theódór Ólafsson* (fæddur 1853), synir dómkirkju-prests prófasts Ólafs Pálssonar í Reykjavík.
7. *Ólafur Rósenkrans Ólafsson* (fæddur 1852), sonur Ólafs heitins Guðmundssonar, bónda á Miðfelli í Árnassýslu.
8. *Páll Pálsson* (fæddur 1848), sonur trjesmiðs Páls Pálssonar á Ásgarði í Skaptafellssýslu vestari.
9. *Stefán M. Jónsson* (fæddur 1852), sonur Jóns heitins Eiríkssonar, fyrrum verzlunarþjóns í Reykjavík.
10. *Þorleifur Jónsson* (fæddur 1845), sonur Jóns bónda Oddssonar á Arnarbæli í Dalasýslu.

Í byrjun þessa skólaárs voru teknir í skóla,

a, í 3. bekk A :

11. *Kristján Jónsson* (fæddur 1852), sonur alþingismanns Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum í Þingeyjarsýslu.
12. *Björn Þorláksson* (fæddur 1851), sonur sjera Þorláks Jónssonar á Skútustöðum í Þingeyjarsýslu.

b, í 2. bekk :

13. *Páll Þorláksson* (fæddur 1849), sonur hreppstjóra Þorláks Jónssonar á Krossi í Ljósavatnsskarði í Þingeyjarsýslu.

c, í 1. bekk :

14. *Sigurður Sigurðsson* (fæddur 1849), sonur Sigurðar bónda Ólafssonar á Skiðsholtum í Mýrasýslu.
15. *Óle Theódór Schulesen* (fæddur 1852), sonur Sigfúsar heitins Schulesens fyrrum sýslumanns í Þingeyjarsýslu.

30. dag júnímánaðar fór fram flutningur pilta úr einum bekk í annan, og kveðnar upp einkunnir þær, er piltar þeir, er út voru skrifaðir, fengu í burtfararprófinu.

B. Jónsson.

1. *Halldór Briem* (født 1852), Søn af Sysselmand Eggert Briem i Skagafjarðar Syssel.
b, i 1. Klasse:
2. *Brynjólfur Gunnarsson* (født 1850), Søn af Repstyrer Gunnar Halldórsson paa Kirkjuvogur i Gullbringu Syssel.
3. *Indriði Einarsson* (født 1851), Søn af Bonden Einar Magnússon paa Krossanes i Skagafjarðar Syssel.
4. *Jón Sigurður Ólafsson* (født 1848), Søn af Pastor Ólafur Þorvaldsson paa Viðvík i Skagafjarðar Syssel.
5. *Ólafur Ólafsson* (født 1851), og
6. *Friðrik Theódór Ólafsson* (født 1853), Sønner af Domkirkepræst Provst Ólafur Pálsson i Reykjavík.
7. *Ólafur Rósenkrans Ólafsson* (født 1852), Søn af afd. Bonde Ólafur Guðmundsson paa Miðfell i Árnes Syssel.
8. *Páll Pálsson* (født 1848), Søn af Snedker Páll Pálsson paa Ásgarður í Vestur-Skaptafells Syssel.
9. *Stefán M. Jónsson* (født 1852), Søn af afg. Handelsbetjent Jón Eiríksson i Reykjavík.
10. *Þorleifur Jónsson* (født 1845), Søn af Bonden Jón Oddsson paa Arnarbœli i Dala Syssel.

I Begyndelsen af dette Skoleaar bleve optagne,

a, i 3. Klasse A:

11. *Kristján Jónsson* (født 1852), Søn af Althingsmand Jón Sigurðsson paa Gautlönd i Þingeyjar Syssel.
12. *Björn Þorláksson* (født 1851), Søn af Pastor Þorlákur Jónsson paa Skútustaðir i Þingeyjar Syssel.

b, i 2. Klasse:

13. *Páll Þorláksson* (født 1849), Søn af Repstyrer Þorlákur Jónsson paa Kross i Ljósavatnsskarð i Þingeyjar Syssel.

e, i 1. Klasse:

14. *Sigurður Sigurðsson* (født 1849), Søn af Bonden Sigurður Ólafsson paa Skíðsholt i Mýra Syssel.
16. *Óle Theódór Schulesen* (født 1852), Søn af afg. Sysselmand Sigfús Schulesen i Þingeyjar Syssel.

Translocationen foretoges den 30. Juni, og samme Dag fandt Proclamationen af Afgangsexamens Udfald Sted.

B. Johnsen.

Tafla

yfir einkunnir þær, sem lærisveinar fengu í burtfararprófi 1866.

	Síðari hlutinn.									Aðaleinkunn.
	Íslenzka.	Munnleg latína.	Skrifleg latína.	Gríska.	Trúarfræði.	Sagnafræði.	Talnafræði.	Rúmmálsfræði.	Eðlisfræði.	
Jón Bjarnason . . .	mg.	mg.	mg.	mg.	mg.	mg.	mg.	ug.	ug.	1. eink. (93).
Steingrímur Johnsen .	g.	g.	mg.	mg.	g.	mg.	mg.	g.	mg.	1. — (81).
Sveinbjörn Sveinbjörnson	g.	g.	g.	g.	g.	g.	mg.	mg.	ug.	2. — (72).
Jakob Pálsson . . .	tg.	mg.	g.	g.	g.	g.	mg.	g.	mg.	2. — (69).

AUSTURFÖR KYROSAR

EPTIR

XENÓFON,

ÍSLENZKUÐ

AF

HALLDÓRI KR. FRÍÐRIKSSYNI

OG

GÍSLA MAGNÚSSYNI.

REYKJAVÍK.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. EINAR ÞÓRÐARSON.

1866.



engu af þessu, og eigi veittu þeir heldur mannfólkinu eptirför, af því að þeir vildu heldur vægja Kardúkum, ef þeir kynnu að vilja leyfa þeim að fara um landið sem vinland, þar eð þeir voru óvinir konungs. 9. Þó tóku þeir vistir þær, sem hver fann; því að nauður rak þá til. En Kardúkar gegndu þeim hvorki, er þeir kölluðu, nje sýndu þeim nokkur önnur vinahót. 10. En er þeir, er síðastir fóru Grikkja, komu af fjallinu niður í þorpinn, var þegar myrkt af nótt; því að vegurinn var þröngur, og sökum þess hafði allur dagurinn gengið til þess fyrir þeim, að fara upp á fjöllin og niður í þorpinn; söfnuðust þá saman nokkrir Kardúka, og rjeðu á hina öptustu, drápu nokkra, og særðu með steinum og örvum; en voru þó að eins fáir; því að lið Grikkja hafði komið að þeim óvörum. 11. En ef þeir hefðu þá orðið fleiri saman, hefði hætta verið búin, að mikill hluti liðsins hefði farizt. Þannig höfðust þeir þá við þessa nótt í þorpunum, en Kardúkar kyntu elda marga umhverfis á fjöllunum, og sáu hvorir aðra.

12. En með degi komu hershöfðingjar Grikkja og hundradshöfðingjar saman, og kom þeim þá saman um, að hafa með sjer þá eykina, er þeir gátu eigi án verið, og færastir voru, en láta hina eptir, og sleppa frá sjer öllum þrælum þeim, er þeir höfðu nýlega hertekið og í liðinu voru. 13. Því að eykirnir og þrælarnir dvöldu ferðina, sökum þess að þeir voru margir, og margir voru yfir þeim, og máttu því eigi berjast. Þá þurfti og að afla tvöfalt meiri vista, og bera, er mennirnir voru margir. Þá er þetta var af ráðið, boðuðu kallarar, að svo skyldi gjöra.

14. Þá er þeir höfðu snætt morgunverð, hófu þeir ferð sína; námu þá hershöfðingjarnir staðar á öngvegi einu, og ef þeir fundu eitthvað þeirra muna, er boðið hafði verið að sleppa, að það var eigi gjört, þá tóku þeir það; en liðsmenn hlýddu, nema ef einhver laumaði einhverju undan, svo sem friðum sveini, eða friðri konu, er hann hafði fýst til. 15. Þannig hjeldu þeir þá fram ferðinni þennan daginn, og áttu ýmist í bardögum, eða þeir hvíldu sig. En annan dag fjell snjór mikill; en nauðsyn bar til, að halda fram ferðinni, því að vistir voru eigi nógar. Keirisofos fór fyrir, en Xenófon hafði apturvörðinn. 16. Óvinirnir gjörðu þeim og harðar aðsóknir, og þar sem landþrengsli voru, gengu þeir nær, og skutu á þá af bogum og köstuðu af slöngum, svo að Grikkir neyddust til að reka þá á flóttu og hverfa

svo aptur, og sökum þess varð þeim seinfarið; og opt bauð Xenófon liðinu, að nema staðar, þá er óvinirnir sóttu fast að.

17 17. Keirisofos stóð þá stundum við, er boðin komu, en stundum eigi, heldur fór hann með hraða, og bauð hinum að fylgja á eptir, svo að auðsætt var, að þeir voru í einhverjum vanda; en eigi var tóm til fyrir Xenófon, að fara fram með, og komast að, hver orsökkin væri til flýtisins, og því varð ferðin fyrir apturvörðunum, sem þeir flýðu.

18 18. Þá fellur og maður einn hraustur, lakverskur, Kleónýmos að nafni; hann var skotinn öru í gegnum skjöldinn og brynstakkinn inn í rifin. Þá fellur og Basías frá Arkadíu, og var hann skotinn þvers í gegnum höfuðið. 19. En er þeir komu í áfangastað, gekk Xenófon þegar, sem hann stóð, til Keirisofosar, og taldi á hann, að hann hefði eigi beðið, og hefðu þeir því verið neyddir til, að berjast á flóttanum. «Og nú eru fallnir tveir hraustir og vaskir menn, og fengum vjer hvorki náð þeim nje grafið þá». 20. Keirisofos svarar þessu og mælti: «Líttu upp til fjallanna, og sjáðu, hversu ófær þau eru öll; þessi eini vegur, sem þú sjer, er brattur, og máttu við hann sjá slíkan 21 sæg manna, er hafa tekið stiginn og verja hann. 21. Sökum þess hafði jeg hraðan á, og sökum þess beið jeg þín eigi, ef jeg kynni að verða fyrri að bragði, áður en vegurinn yfir fjallið yrði tekinn; en leiðsögumenn þeir, sem vjer höfum, segja engan annan veg vera». 22. Xenófon mælti: «Jeg hef og tvo menn; því að þá er þeir veittu oss ónáðirnar, settumst vjer í launsátur, og máttum við það kasta mæðinni; drápum vjer þá og nokkra þeirra, en oss fýsti og, að taka nokkra lifandi, beint til þess, að vjer hefðum leiðsögumenn, er kunnugir væru landinu».

23 23. Þeir leiddu þegar fram menn þessa, og spurðu þá sinn í hvoru lagi, hvort þeir vissu nokkurn annan veg, en þann, er við blasti. Annar þeirra sagði það þá eigi vera, og það þótt mjög mörgum ógnunum væri við hann beitt; en er hann ekkert sagði, það er að liði mætti koma, var hann drepinn að hinum ásjáandi. 24. Sá, sem eptir var, sagði þá, að þessi hefði ekkert sagt vita sökum þess, að hann ætti þar dóttur manni gefna; en sjálfur kvaðst hann mundu vísa þeim leið, er væri jafnvel eykjum fær. 25. En er hann var spurður, hvort nokkur væri torfæra á þeirri leið, kvað hann þar vera múla einn, er eigi væri auðið að komast fram um, nema hann væri tekinn á

undan. 26. Nú var af ráðið, að kalla saman hundraðshöfðingjana 26
og smáskjöldungana og nokkra stórskjöldunganna, segja frá á-
stæðum og spyrja, hvort nokkur þeirra væri sá, að sýna vildi af
sjer vaskleik, og gangast undir för þessa af frjálsum vilja. 27. 27
Þeir gangast þá undir það af stórskjöldungunum, Aristónýmos
frá Mepýdrion í Arkadiu, og Agasías frá Stýmfalos í Arkadíu.
En í móti þeim gekk Kallímakos frá Parrasafylki í Arkadíu,
og kvaðst og vilja fara með þá, er til farar byðust af sjálfvilja
sínnum úr öllum hernum; »því að jeg veit«, mælti hann, »að
margir hinna yngri manna munu fylgja mjer, ef jeg er fyrirlið-
inn«. 28. Síðan spyrja þeir, hvort nokkur sveitarhöfðingja 28
berskjöldunganna vildi og fara með; gengst þá undir það Arist-
eas frá Kíos, og varð hann víða hernum góður liðsmaður, er
líkt stóð á.

ANNAR KAPÍTULI.

1. Nú var þegar degi tekið að halla, og báðu þá fyrir- 1
liðar liðsmenn að taka snæðing, og halda svo af stað; bundu
þeir þá leiðsögumanninn, og fá þeim, og semja svo um með
sjer, að ef þeir, sem fóru, ná fjallinu, skuli þeir gæta þess um
nóttina, og gefa vísbending með degi með lúðurblaestri; og
skyldu þá þeir, er uppi á fjallinu væru, halda móti þeim, er
sætu á veginum, er við blasti, en sjálfir kveðast þeir munu
koma til liðs við þá, sem fyrst þeir megí. 2. Þá er þeir höfðu 2
samið þetta með sjer, hjeldu þeir braut, er fara skyldu, um
tvær þúsundir að tölu, og fjell þá mikið vatn úr lopti; en
Xenófon fór á undan með apturverðina til vegarins, er við
blasti, svo að óvinirnir hefðu hugann á þeirri leiðinni, og þeir
mættu dyljast sem bezt, er krókinn fóru. 3. En er apturverð- 3
irnir komu að gljúfri einu, er þeir skyldu yfir fara, áður en
þeir legðu upp í brettuna, þá tóku útlendingarnir að velta
vagntækum hnöllungssteinum, og svo stærri og minni stein-
um, en steinarnir bárust niður eptir, og slöngdust í allar áttir,
er þeir hjuggu niður á klettana, og var alls eigi auðið, að ganga
í nánd við veginn. 4. En sumir hundraðshöfðingjanna reyndu 4
að komast yfir gljúfrið á öðrum stað, er þeir máttu eigi á ein-
um, og voru þeir að þessu, uns myrkt gjörði af nótt. En er
þeir ætluðu, að þá sæi eigi, þótt þeir færu á braut, hjeldu þeir
braut til kveldverðar; en þeir af þeim, er í apturverðinum voru,

höfðu og engan morgunverð fengið. Óvinirnir ljettu eigi alla nóttina að velta niður grjótinu; og mátti það heyra á dynkjunum.

5 5. En þeir, sem leiðsögumanninn hafa, fara í hring og koma að varðmönnum, þar sem þeir sitja við eld; drápu þeir þá suma þeirra, en suma eltu þeir á braut, og hjeldu þar síðan
6 kyrru fyrir, sem hefðu þeir tekið fjallið. 6. En þeir höfðu eigi náð fjallinu, því að máli einn var fyrir ofan þá, og fram með honum lá þessi hinn þröngi vegur, sem verðirnir sátu við. Þó lá þaðan vegur til óvina þeirra, er sátu við þann veginn,
7 er við blasti. 7. Þar voru Grikkir um nóttina; en er lýsti af degi, fóru þeir í fylkingu gegn óvinunum, og fóru hljótt, en þoku hafði gjört, og mátti því eigi sjá þá, þótt þeir kæmu nær. En er þeir sáu hvorir aðra, þeyttu Grikkir lúður, æptu heróp og hlupu að hinum; en þeir veittu eigi viðnám, en fyrirljetu veginn og flúðu, og fjellu að eins fáeinir af þeim, því að þeir
8 voru ljettbúnir. 8. En er þeir Keírísosfos heyrðu lúðurblásturinu, hjeldu þeir þegar upp eptir veginn, sem við blasti; en hinir hershöfðingjarnir fóru vegaleysur, þar sem hver kom að, og er þeir komu upp eptir, drógu þeir hverjir aðra upp á spjótunum, sem þeir bezt gátu; og komust þessir menn fyrstir til þeirra, er tekið höfðu fjallið.

9 9. Xenófon fór með helming apturvarðanna sömu leið og þeir, sem leiðsögumanninn höfðu; því að sá vegur var greiðfærastur eykjunum; en helmingnum skipaði hann að baki eykjunum.
10 10. Á leiðinni verður fyrir þeim háls nokkur fyrir ofan veginn, og höfðu óvinirnir tekið hann, og var Grikkjum nauðugur einn kostur, að reka þá af hálsinum, eða verða viðskila við hina aðra Grikki. Þeir hefðu reyndar sjálfir getað farið sömu leið og hinir, en eykirnir gátu eigi farið aðra leið en
11 þessa. 11. Þeir eggja þá hver annan, og halda að hálsinum í beinum flokkum, þó eigi samföstum, heldur ljettu þeir óvinunum rúm, að slýja á braut, ef þeir vildu. 12. Útlendingarnir skutu þá á Grikki og köstuðu, meðan þeir hjeldu upp eptir hálsinum, hver þar sem hann mátti; en eigi ljettu þeir þá koma í nánd sjer, en taka á rás undan, og fyrirláta hálsinn. Grikkir hjeldu þá fram um þennan hálsinn, en þá sáu þeir annan háls fyrir
12 sjer, er óvinir sátu á, og rjeðu þeir aptur af, að halda á hann. 13. Xenófon ugðði þá, að ef hann ljetti þann hálsinn mannláusan, er tekinn var, mundu óvinirnir taka hann aptur, og ráða að

eykjunum, er þeir færur fram um; en þeir náðu yfir mikið svæði, með því að leiðin var þröng, þar sem þeir fóru; skilur hann því eptir á hálsinum hundraðshöfðingjana, Kefisodóros Kefisofónsson frá Aþenuborg, og Amfíkrates Amfidemusson frá Aþenuborg, og Arkagóras, flóttamann nokkurn frá Argos, en sjálfur fór hann með öðrum liðsmönnum gegn hinum öðrum hálsinum, og ná þeir honum og á sama hátt.

14. Nú áttu þeir enn eptir þriðja hálsinn, og var sá miklu brattastur; hann var fyrir ofan vörð þann, sem hinir sjálfviljugu menn höfðu komið að við eldinn um nóttina. 15. En er Grikkir koma í nánd þeim, halda útlendingarnir bardagalaust burtu af hæðinni, svo að alla furðaði, og grunaði, að þeir hefðu verið hræddir um, að um þá mundi kringt, svo að þeir kæmst í kví, og hefðu því haldið á braut. Og í rauninni sáu þeir niður fyrir sig af fjallinu, það er fram fór að baki þeim, og hjeldu allir á móti apturvörðunum. 16. Xenófon gekk þá upp á fjallið með hinum yngstu, og bað hina að fylgja eptir, svo að hinir óptustu flokkarnir næðu þeim, og lagði svo fyrir þá, að þeir skyldu halda fram veginn og nema síðan staðar á jafnsljettu.

17. Í þessum svifunum kom Arkagóras frá Argos flýjandi, og kvað þá hafa verið hrakta burt af fyrsta hálsinum, og að þeir Kefisodóros og Amfíkrates væru fallnir, og allir aðrir, þeir er eigi hefðu stokkið niður af hamrinum, og komizt til apturvörðanna. 18. Þá er útlendingarnir höfðu þetta afrekað, fóru þeir á háls þann, er gagnvart var múlanum; tók þá Xenófon að ræða við þá fyrir túlk um frið, og beiddist að fá líkin. 19. En útlendingarnir kváðust mundu selja þeim þau í hendur með því skilyrði, að þeir brenndu eigi þorpinn. Þessu játaði Xenófon. En meðan hið annað liðið gekk fram hjá, en þeir voru að semja um þetta, þyrptust allir óvinirnir saman, þeir er þar voru. 20. Þar stóðu óvinirnir um stund; en er Grikkir tóku að ganga niður af múlanum til hinna, þar sem liðið var, tóku óvinirnir á rás og fóru með miklu háreysti, og voru fjölmennir mjög; og er þeir komu efst upp á múlann, sem Xenófon hjelt niður af, tóku þeir að velta grjóti; fótbrutu þeir þá einn manni; en skjaldsveinn Xenófons hljóp frá honum með skjöldinn. 21. En Eifrilokos frá Lúsoi í Arkadíu, stórskjöldungur einn, hljóp

til hans, og brá skildi fyrir þá báða, og hjelt svo á fram; komu þá og hinir til þeirra, er í fylkingu stóðu.

22 22. Þessu næst kom allt hið gríska lið saman á einn stað; tjölduðu þeir þar í mörgum og fögrum húsum, og voru þar vistir nógar; því að þar var mikið vín, er landsmenn höfðu
23 í límsettum kjöllum. 23. Þeir Xenófon og Keirisofos fengu þá svo um samið, að þeir fengu líkin, en slepptu aptur leiðsögumanninum; gjörðu þeir greptrun þeirra eptir föngum, svo
24 sem siður er til að gjöra greptrun vaskra manna. 24. Daginn eptir hjeldu þeir fram ferð sinni leiðsögumannslausir; en óvinirnir tálmuðu för þeirra með atlögum, og með því að taka
25 á undan þeim vegþrengsli, þar sem þau voru. 25. En er þeir lögðu farartálma fyrir þá, er fyrstir fóru, fór Xenófon úr apturliðinu upp í fjöllin, og ruddi burtu farartálmanum fyrir þeim, er fyrstir fóru, með því að reyna að komast upp fyrir
26 þá, er ferðina bönnuðu. 26. En er óvinirnir rjeðu á apturliðið, fór Keirisofos og leitaðist við að komast upp fyrir þá, er ferðina bönnuðu, og ruddi þannig burtu farartálmanum fyrir apturliðinu; og þannig veittu þeir ávallt hvorir öðrum, og báru
27 mikla önn hvorir fyrir öðrum. 27. En það var og stundum, að útlandingarnir gjörðu þeim mönnum, er fóru upp í fjöllin, mikinn óskunda, þá er þeir hjeldu niður af þeim aptur; því að þeir voru mjög fráir á fæti, og sluppu því undan, þótt þeir væru nærri, er þeir tóku að flýja; því að þeir höfðu ekkert
28 annað en boga og slöngur. 28. En þeir voru hinir beztu bogmenn; en bogar þeirra voru nær þriggja álna langir, en örvarnar meir en tveggja álna; en er þeir skutu, stigu þeir vinstri
29 fæti á bogasvigann að neðan, og drógu svo upp bogana. 29. En örvarnar gengu í gegnum skildina og brynjurnar. En er Grikkir náðu örum þessum, settu þeir á þær kastreimar, og höfðu að kastspjótum. Á þessum stöðum komu Kriteyingar, að bezta liði, en fyrir þeim var Stratókles frá Krít.

FRÍÐJI KAPÍTULI.

1 1. Þennan dag hjeldu þeir þá aptur kyrru fyrir í þorpum þeim, sem voru fyrir ofan sljettuna, fram með Kentrítes-fljótinu; en það fljót var nær tvö hundruð feta á breidd, og greinir það Armeníu og land Kardúka. Þar tóku Grikkir hvíld, og urðu gláðir, er þeir sáu sljettuna; en fljótið var nær sex eða sjö Kar-

dúka-skeiðrúm frá fjöllunum. 2. Þar hjeldu þeir þá kyrru fyrir, næsta glaðir í huga, er þeir bæði höfðu vistir, og minutust titt þrauta þeirra, er yfir þá höfðu gengið; því að alla þá sjö daga, er þeir fóru um land Kardúka, áttu þeir stöðugt í orustum, og sættu meiri þrautum, en þeir höfðu sætt að öllu samtöldu af hendi konungs og Tissafernesar. Þeir lágu því þar um nóttina, glaðir í huga, að vera sloppnir frá þrautum þessum.

3. En með degi sjá þeir riddara binu megin fljótsins; voru þeir vopnaðir, sem mundu þeir banna þeim yfirförina; en þeir sáu og fótgöngumenn, er skipað var á hæðunum upp frá riddurunum, og skyldu þeir verja þeim inngöngu í Armeníu. 4. En þetta voru málamenn Orontasar og Artúkasar, Ermar, Mardonar og Kaldaiar. En Kaldaiar voru sagðir frjálsir menn og hraustir; en að vopnum höfðu þeir langa vandskjöldu og lagspjót. 5. En hæðir þær, er þeim var skipað á, voru þrjú eða fjögur hundruð feta frá fljótinu; en hinu eini vegur, er sjá mátti, lá upp eptir þeim, og var sem gjörður af mannahöndum; hjer leituðust Grikkir við að fara yfir fljótið. 6. En er þeir reyndu fyrir sjer, varð sú raun á, að vatnið gekk þeim upp yfir geirvörtur; fljótið var og mjög ósljett í botninum sökum stórgrýtis og háلكu; eigi var heldur audið, að halda vopnunum niðri í vatninu, því að þá reif straumurinn þau með sjer; en ef þeir báru vopnin á höfði sjer, gjörðust þeir berir fyrir örum og öðrum skeytum; þeir hurfu því aptur, og settu herbúðir sínar þar við fljótið.

7. En þar sem þeir höfðu verið hina fyrri nóttina, sáu þeir á fjallinu fjölda Kardúka, er saman höfðu safnast, og voru með vopnum. Grikkjum fjellst þá mjög hugur, er þeir að einu leytinu sáu, hversu torfært fljótið var yfirferðar, og þeir að öðru leyti sáu menn, er banna mundu þeim yfirförina, og í þriðja lagi Kardúka að baki sjer, er ráðast mundu að þeim, er þeir færðu yfir. 8. Þeir hjeldu þá kyrru fyrir þennan daginn og nóttina, og voru í miklu ráðaleysi. En Xenófon dreymdi draum einn: Hann þóttist fjötraður á fótum; en þótti svo, sem fjötrarnir rynnu af sjer sjálfkrafa, svo að hann losnaði, og gat gengið, sem hann vildi. En í dögum gengur hann til Keirisofosar og segir honum, að hann voni þess, að allt muni vel fara, og segir honum draum sinn. 9. Keirisofus varð glaður við, og undir eins og lýsti af degi, færðu þeir fórnir, allir

hershöfðingjarnir, er við voru staddir, og spáðu blótiu góðu þegar við fyrstu tilraun. Þá er hershöfðingjarnir og hundraðshöfðingjarnir gengu frá blótunum, buðu þeir liðinu að ganga til morgunverðar.

10 10. En er Xenófon sat að morgunverði, komu hlaupandi til hans tveir ungir menn; því að allir vissu, að leyfilegt var, að ganga á fund hans, þótt hann sæti að morgunverði eða kveldverði, og þótt hann svæfi, mátti hver maður vekja hann, og segja honum, ef hann vissi eitthvað, er að hernaði laut.

11 11. Hinir ungu menn sögðu þá, að þeir hefðu verið að tína saman kvisti til eldsneytis, og hefðu þeir þá sjeð fyrir handan fljótið í hömrum þeim, er gengju niður að fljótinu, mann einn gamlan, og konu og nokkrar stúlkur, og hefðu þau lagt eitt-hvað, líkast því, sem verið hefðu klæðasekkir, niður í hamarskúta einum.

12 12. En er þeir hefðu þetta sjeð, hefði sjer þótt hættulaust að fara yfir; því að eigi væri óvinunum auðið að komast þar að á hesti. Þeir kváðust þá hafa kastað klæðum, og tekið til að vaða naktir yfir fljótið, og ætlað sjer að synda, og hefðu haft með sjer rýtinga; en þeir kváðust hafa komizt svo yfir, að þeir hefðu eigi vöknað upp í mitti; hefðu þeir svo

13 farið yfir og tekið klæðin, og farið síðan yfir aptur. 13. Xenófon dreypti þá þegar sjálfur dreypifórn, og bað hina ungu menn að skenkja, og heita á guðina, er hefðu birt draumana, og sýnt vaðið, að láta hið annað og vel takast. En er Xenófon hafði dreypt dreypifórninni, fór hann þegar með hina ungu menn á fund Keirisofosar, og segja þeir honum hið sama. En er Keirisofos

14 heyrði það, dreypti hann og dreypifórn. 14. En er þeir höfðu dreypt dreypifórnum, buðu þeir hinum öðrum, að búast til ferðar, en sjálfir stefndu þeir saman hershöfðingjunum, og báru ráð sín saman, hversu þeir mættu bezt yfir komast, og bæði vinna þá, er fyrir framan þá voru, og eigi sæta neinum þrautum af þeim, sem að baki þeim voru.

15 15. Þeim kom þá saman um, að Keirisofos skyldi fara á undan, og halda yfir fljótið með helming liðsins, en helmingurinn skyldi dveljast eptir með Xenófon; en eykirnir og farangurinn skyldi fara yfir á milli þeirra.

16 16. Þá er þetta var vel í lag komið, lögðu þeir upp, og sögðu hinir ungu menn fyrir leið, og höfðu fljótið á vinstri

17 hönd; en vegurinn að vaðinu var nær fjögur skeiðrúm. 17.

En á þeirri leið fóru riddararnir hinu megin gagnvart þeim. En er þeir komu að vaðinu og fljótsbökkunum, námu þeir staðar; setti þá Keirisofos fyrstur manna sveig á höfuð sjer, fór af klæðunum og tók vopn sín, og bauð öllum öðrum að gjöra hið sama, og hundraðshöfðingjunum bauð hann, að halda fram með beina flokka, suma til vinstri handar sjer, en suma til hægri. 18. Spámennirnir slátruðu og niður í fljótið, en óvinirnir skutu á þá af bogum og köstuðu af slöngum; en drógu enn eigi. 19. En er blótin spáðu góðu, hófu liðsmenn allir upp hersöng og æptu heróp; en allar konurnar æptu og, því að margar fylgikonur voru í liðinu.

20. Keirisofos gekk þá út í fljótið, og þeir, sem með honum voru, en Xenófon tók þá, er ljettbúnastir voru af apturvörðunum, og hljóp, sem hann mátti, aptur til þess vaðsins, er lá gegnt leiðinni til Armeníufjallanna, og ljet, sem hann mundi halda þar yfir, og króa af riddara þá, sem við fljótið voru. 21. En er óvinirnir sjá, að mönnum Keirisofosar veitir hægt að vaða vatnið, og að þeir Xenófon hlaupa aptur, urðu þeir hræddir, að þeir mundu verða af króaðir, og taka á rás, sem mest mega þeir, til vegarins upp frá fljótinu; og er þeir komu á veginn, hjeldu þeir upp til fjallsins. 22. En Lýkíos, er fyrir rjeð riddarasveitinni, og Aiskínes, er rjeð fyrir smáskjöldungasveit Xenófons, þá er þeir sáu, að óvinirnir runnu, sem þeir máttu, veittu þeir þeim eptirför; en aðrir liðsmenn kölluðu, að þeir skyldu eigi eptir verða, heldur fylgjast með upp á fjallið. 23. En er Keirisofos var kominn yfir, elti hann eigi riddarana, heldur hjelt hann þegar til hæðanna, sem lágu niður að fljótinu, gegn óvinunum, sem þar voru. En er óvinirnir sjá riddara sína taka á rás undan, en stórskjöldungana veita sjer atgöngu, halda þeir burtu af hæðunum fyrir ofan fljótið.

24. Þá er Xenófon sá, að allt fór vel hinu megin fljótsins, hjelt hann sem skjótast til liðsins, sem yfir var að fara, því að og sást til Kardúka, þar sem þeir hjeldu niður á sljettuna, til að ráða að þeim, er síðast fóru. 25. Keirisofos hafði þá náð hæðunum, en Lýkíos veitti óvinunum eptirför með fáum mönnum, og tók það, sem eptir var skilið af farangrinum, og þar með fögur klæði og bikara. 26. Farangurseykir Grikkja og fylgifolk voru þá beint að fara yfir; en Xenófon sneri þá við, og hjelt liðinu á móti Kardúkum, og bauð hundraðshöfðingjunum,

að hver þeirra skyldi fylkja sinni sveit í fjórðungsdeildir, og halda fram með þær vinstra megin, svo að breiðfylking yrði úr, og skyldu hundraðshöfðingjarnir og fjórðungshöfðingjarnir halda á móti Kardúkum, en fyrirliðar aptursveitanna taka sjer stöðu við fljótið.

27 27. Þá er Kardúkar sáu, að apturverðir farangursins voru berir fyrir, og nú sáuust að eins fáir þeirra, gengu þeir hraðar að, og sungu kvæði nokkur. En er öllu var óhætt hjá Keirisófosí, sendir hann smáskjöldungana, slöngumennina og bogmennina til Xenófons, og biður þá gjöra það, sem hann bjóði þeim.

28 28. En er Xenófon sjer þá halda niður eptir, sendi hann mann til þeirra, og biður þá biða þar við fljótið, og fara eigi yfir; en er hann og menn hans taki að fara yfir, skuli þeir koma á móti þeim út í fljótið á báða vegu við þá, svo sem þeir ætli yfir, og skuli spjótamennirnir hafa hendurnar á kastreimunum, og bogmennirnir hafa lagða ör á streng; en eigi 29 skuli þeir halda langt út í fljótið. 29. En sínum mönnum bauð hann, að þá er slangan drægi, og glymdi í skjöldum, skyldu þeir hefja hersöng og hlaupa í gegn óvinunum; en er óvinirnir sneru undan, og lúðurþeytarinn gæfi hermerki við fljótið, skyldu þeir snúast á hægri hlið, og skyldu foringjar aptursveitanna fara á undan, en allir skyldu hlaupa, og fara yfir sem tíðast, hver þar, sem honum væri skipað, svo að þeir tálmuðu eigi hver fyrir öðrum, og skyldi þann telja vaskastan, er fyrstur kæmist yfir.

30 30. En er Kardúkar nú sáu, að fáir voru eptir, með því að margir þeirra, er hoðið var að biða, höfðu farið sumir til að annast um eyki, sumir til að annast farangur, og sumir til að gæta fylgikvenna, þá sóttu þeir djarflega að, og tóku að 31 kasta af slöngum, og skjóta örum. 31. Grikkir hófu þá upp hersönginn, og fóru á hlaupi á móti þeim; en hinir tóku eigi á móti; því að þeir voru reyndar nægilega vopnum búnir, til að hlaupa að og flýja undan í fjallendi, en eigi til þess, að 32 ganga í höggorustu. 32. Í þessari svipan gefur lúðurþeytarinn merki, og runnu óvinirnir þá enn miklu hraðar, en Grikkir 33 sneru við, og flúðu sem hraðast yfir fljótið. 33. Nokkrir óvinanna urðu þessa varir, og hlupu þá aptur niður að fljótinu, og skutu örum á Grikki, og særðu við það fáeina menn; en allur þorri óvinanna sást enn renna, þá er Grikkir voru yfir komnir.

34. En Grikkir snerust á móti þeim, sýndu af sjer hugrekki, 34
og gengu lengra út í fljótið, en hentaði, og komust því yfir
fljótið aptur síðar en þeir Xenófon; og voru nokkrir þeirra
særðir.

FJÓRÐI KAPÍTULI.

1. En er þeir voru yfir komnir, fylktu þeir sjer nær mið- 1
degi, og hjeldu síðan um Armeníu, einlæga sljettu og greið-
færa hálsa, og var sú leið eigi skemmri en fimm perskar mil-
ur; því að eigi voru þorp í nánd við fljótið sökum styrjaldar- 2
innar við Kardúka. 2. En þorp það, sem þeir komu í, var
stórt, og var þar höll ein handa jarlinum, og voru turnar á
flestum húsum; þar voru og gnægtir vista. 3. Þaðan hjeldu 3
þeir tvo áfanga, tíu perskar milur, uns þeir komust fyrir upp-
sprettur Tígresfljótsins. Þaðan hjeldu þeir þrjá áfanga, fimmt-
án perskar milur, og komu þá að Telebóas-fljóti. Það fljót
var eigi stórt, en fritt, og stóðu við það mörg þorp. En þetta
land var nefnt Armenia hin vestari. 4. Landsjóri var þar 4
Teribazos; hann var í kærleikum við konung, og er hann var
við staddur, hjálpaði enginn annar konungi á hest. 5. Teri- 5
bazos reið þá til móts við Grikki með riddurum nokkrum, og
sendi túlk fyrir, og kvaðst vilja eiga tal við fyrirliðana. Hers-
höfðingjunum þótti ráð, að heyra erindi hans, gengu svo langt
fram, að þeir máttu heyra mál hans, og spurðu, hvað hann
vildi 6. En hann kvaðst vilja semja svo við Grikki, að hann 6
skyldi þeim engan óskunda gjöra, enda skyldu þeir eigi heldur
brenna húsin, en taka vistir, sem þeir þyrftu. Þetta þótti hers-
höfðingjum ráðlegt, og sömdu með þessum skilyrðum.

7. Þaðan hjeldu þeir þrjá áfanga, um sljettu eina, fimmtán 7
perskar milur, en Teribazos fór á hlið við þá með liði sínu,
svo sem tíu skeiðrúm frá þeim; komu þeir þá til hallar einnar,
og voru þar mörg þorp umhverfis, full af miklum vistum. 8. 8
Þeir setja þar herbúðir sínar, og fjell þá snjór mikill um nótt-
ina; en þegar um morguninn kom þeim saman um, að skipta
hersveitunum og hershöfðingjunum niður á þorpin; því að þeir
sáu enga óvini, og þótti engin hætta búin sökum fannfergj-
unnar. 9. Þar höfðu þeir alls konar gæði, fórnardýr, korn, 9
gamalt ilmandi vín, þurrkuð vínber, og alls konar baunategundir.

10. En nokkrir þeirra, er reikað varð frá herbúðunum, 10

kváðust hafa sjeð her manns, og sögðu, að á nóttunni mætti sjá elda marga; þótti hershöfðingjunum þá eigi óhætt, að dreifa liðinu, og rjeðu því af, að draga það saman aptur. Síðan söfnuðust þeir saman, enda þótti þá og birta upp. 11. Þeir eru þar um nóttina, og fellur þá ákaflega mikill snjór, svo að fal bæði vopnin og mennina, þar sem þeir lágu; cykirnir stirðnuðu og við snjófallið; menn voru og mjög tregir, að risa á fœtur, því að snjórinn, sem fallið hafði á þá ofan, var þeim til hlýinda, þar sem þeir lágu, ef hann rann eigi af þeim. 12. Xenófon áráddi þó að risa á fœtur fáklæddur, og tók að kljúfa skiði; stóð þá og skjótt upp maður einn, tók af honum skiðin, og klauf. 13. Síðan risu og hinir aðrir upp, kveyktu eld, og smurðu sig; því að þar fundu þeir smyrslu mikil, er þeir höfðu í stað viðsmjör; en það var svínafeti, sesams-olía, möndul-olía af beiskum möndlum, og terpentín-olía; en af möndlunum sjálfum fengust og smyrslu.

14. Eptir þetta þótti þeim ráðlegast, að dreifa sjer aptur í húsina í þorpunum; hlupu þá liðsmenn með miklu kalli og gleði til húsanna og vistanna; en þeir, sem brennt höfðu húsina, þá er þeir fóru burtu í fyrra skiptið, sættu hegningu, með því að þeir urðu að hafast við undir berum himni, og höfðu illan náttstað. 15. Þeir fengu þá Demókratesi frá Temeníon menn nokkra, og sendu hann til fjallanna, þar sem þeir menn, er reikað hafði orðið frá herbúðunum, kváðust sjá eldana; því að svo þótti, sem Demókrates hefði opt áður sagt satt um slíka hluti, bæði að það var, sem var, og að það var eigi, sem eigi var. 16. Demókrates fór þá, og kom aptur, og kváðst enga elda sjeð hafa, en hafði með sjer mann einn, er hann hafði náð, og hafði sá perskan boga, og örvamæli, og tvieggjað sverð, slíkt sem Skjaldmeyjar hafa. 17. En er maðurinn var spurður, af hvaða landi hann væri, kváðst hann vera maður perskur, og hafa farið frá liði Teribazosar til vistafanga. Grikkir spurðu hann þá um liðið, hversu mikið það væri, og í hverju skyni saman dregið. 18. Maðurinn sagði, að það væri Teribazos með sitt eigið lið, og málamenn frá Kalýbum og Taokum; hann sagði og, að Teribazos hefði haft viðbúnað, að ráða á Grikki á leiðinni yfir fjöllin, í þrengslunum, þar sem vegurinn væri að eins einstigi eitt.

19. Þá er hershöfðingjarnir heyrðu þetta, þótti þeim ráð,

að draga liðið saman; ljetu þeir þá verði þar eptir vera, og skipuðu Sofainetos frá Stýmfalos yfir þá, er eptir voru, og hjeldu þegar braut, og höfðu hinn hertekna mann með sjer að leiðtoga. 20. En er þeir voru komnir yfir fjöllin, fóru smá- 20
skjöldungarnir fyrir, og er þeir sáu herbúðir óvinanna, biðu þeir eigi stórskjöldunganna, heldur æptu þeir upp og hlupu til herbúðanna. 21. En er útlendingarnir heyrðu óhljóðin, biðu 21
þeir eigi boðanna, en tóku á rás undan. Þó fjellu nokkrir útlendinganna; hestar voru og teknir nær tveim tugum; svo var og tjald Teribazosar tekið, og í því silfurfættir legubekkir og ker, og menn, er kváðust vera brauðskerar og vinskenjarar. 22. En er hershöfðingjar stórskjöldunganna urðu þessa visir, 22
kemur þeim saman um, að halda sem bráðast til herbúða sinna, svo að eigi væri á þá ráðið, er eptir höfðu orðið; ljetu þeir þá þegar blása liðinu til apturfarar, sneru burtu, og komu samdægurs til herbúða sinna.

FIMMTI KAPÍTULI.

1. Daginn eptir þótti þeim ráð að halda fram ferðinni sem 1
skjótast, áður en óvinaliðið drægist aptur saman og tæki þrengslin; þjuggust þeir þá þegar til ferðar, og fóru um snjó mikinn, og höfðu marga leiðsögumenn; komust þeir samdægurs yfir fjallið, þar sem Teribazos hafði í hyggju að ráðast á þá, og settu því næst herbúðir. 2. Þaðan fóru þeir þrjá áfanga 2
um óbyggðir, fimmtán perskar milur, og komu til Frat-sljótsins, og fóru yfir það, og náði vatnið þeim í naflastað; en sagt var, að uppsprettur þess væru eigi langt frá. Þaðan hjeldu þeir um sljettu eina, þrjá áfanga, fimmtán perskar milur, og var um mikinn snjó að fara. 3. En þriðji áfanginn gjörðist næsta erf- 3
iður, og stóð norðanvindur í andlit þeim; sveið hann allt, og mennirnir urðu stirðir af kulda. 4. Þá rjeð spámaður einn, 4
að færa vindinum sláturförn, og fórnar hann, og þótti öllum auðsætt, að veðurharkan rjenaði; en snjórinn var faðmur á dýpt, og týndust því margir af eykjunum og þrælunum, og nær þrír tugir liðsmanna. 5. Um nóttina höfðu þeir eld kyntan; því að 5
mikill viður var í áfangastaðnum; en þeir, sem síð komu, höfðu engan brennivið. Þeir, sem komnir voru áður og eldinn kyntu, vildu þá eigi hleypa þeim að eldinum, er síðla komu, nema því að eins að þeir gæfu þeim hveiti, eða eitthvað annað matarkyns,

6 ef þeir höfðu það. 6. Þeir miðluðu þá hver öðrum því, sem hver hafði. En þar sem eldurinn brann, bráðnaði snjórinn, og urðu stórar holur eptir niður að jörð; þar mátti mæla dýpt snjóarins.

7. Þaðan hjeldu þeir fram ferðinni næsta dag allan, og var um snjó að fara, og sótti á marga ákaflegt hungur. Xenófon hafði apturvörðinn, og sá mennina falla, en vissi eigi, hvað
8 að þeim gekk. 8. Maður einn, er þekkti til þessa, sagði Xenófon, að auðsjeð væri, að þeir þjáðust af ofurlhungri, og mundu þeir rísa á fœtur, ef þeir neyttu einhvers; fór Xenófon þá fram með til eykjanna, og ef hann sá einhverstaðar eitt-
9 hvað matarkyns, skipti hann því upp, og sendi menn, er til hlaupa voru færir, með það til hiuna hungruðu manna. En er þeir neyttu einhvers, risu þeir á fœtur, og hjeldu fram
10 ferðinni. 9. Kemur þá Keirisofos í rökkrinu til þorps eins, og hittir hjá lind einni fyrir framan vígið konur og stúlkur úr þorpinu, er vatn sóttu. 10. Konur þessar spurðu þá, hverjir þeir væru. Tálkurinn sagði þá á perska tungu, að þeir væru á ferð frá konunginum til jarlsins; en þær svöruðu, að hann væri þar eigi, en hann væri perska mílu þaðan. En með því að mjög var á dag liðið, fara þeir til vísins með
11 vatnsburðarkonunum. 11. Keirisofos tjaldaði þá þar, og þeir af liðinu, sem það gátu; en hinir aðrir liðsmanna, er eigi komust alla leið, höfðust við um nóttina á veginum, matarlausir og eldlausir, og ljetust þar nokkrir liðsmanna.

12. Nokkrir óvinanna höfðu safnast saman, og veittu Grikkjum eptirför; rændu þeir eykjum þeim, sem uppgefnir voru, og börðust um þá. Þeir liðsmanna urðu og eptir, sem
13 annað tveggja höfðu orðið augnveikir af snjónum, eða sem kalið hafði á tánum. 13. En það hlífði augunum gegn snjónum, er bundið var einhverju svörtu fyrir þau á ferðinni; en það hlífði fótunum, ef menn voru á gangi og aldrei kyrrir,
14 og leystu af sjer skóna á kveldin. 14. En allir þeir, er lágu með skóna á fótunum, á þeim sukku reimarnar inn í fœturna, og skórnir frusu utan um þá; því að þá er hina gömlu skóna
15 þraut, voru þeim gjörðir skór úr hráblautu nautsskinni. 15. Sökum slíkra báginga drógust nokkrir liðsmanna aptur úr; sáu þeir þá dila einn svartan, sökum þess, að þar var snælaust orðið, og ætluðu þeir, að snjórinn hefði bráðnað; hann hafði

og bráðnað sökum þess, að lind ein var þar í nánd í dalverpi einu, og rauk úr henni. Þangað sneru þeir, og settust þar niður, og kváðust eigi fara lengra. 16. En er Xenófon, er var í apturverðinum, varð þessa vís, bað hann þá með öllu móti og á allar lundir, að verða eigi eptir, og sagði hann, að margir óvinir hefðu safnast saman, og sæktu eptir þeim, og að síðustu gjörðist hann byrstur við þá. En þeir báðu að drepa sig, því að þeir gætu eigi lengra farið. 17. Þótti það þá tiltæki-legast, að hræða óvinina, er eptir sóttu, ef unnt væri, svo að þeir rjeðu eigi á þá, er örmagna voru orðnir. Nú var þegar myrkt af nótt, og gengu útlendingarnir að með miklu háreysti, og deildu um það, er þeir höfðu. 18. Apturverðirnir voru heilir, og risu þeir þá upp og hlupu á móti óvinunum; en hinir, sem magnþrota voru, æptu sem mest máttu þeir, og börðu skjöldunum við spjótin. Óvinunum skaut þá skelk í bringu, steypu sjer eptir snjónum niður í dalverpið, og heyrði eigi framar nokkurstaðar kvak í neinum þeirra.

19. Xenófon og menn hans sögðu þá hinum veiku mönnum, að einhverjir skyldu koma til þeirra næsta dag, og hjeldu síðan á braut; en áður en þeir höfðu farið fjögur skeiðrúm, rekast þeir fram á liðsmennina, þar sem þeir lágu á veginum ofan á snjónum, og höfðu breitt yfir sig, og var enginn vörður þar settur; þessa menn ráku þeir Xenófon á fætur. En þeir sögðu, að þeir, sem á undan væru; hjeldu eigi á fram. 20. Xenófon fór þá fram með liðinu, og sendi þá, er færastir voru af smáskjöldungunum, og bað þá, að grennslast eptir, hvað til tálma væri. Þeir komu aptur með þær fregnir, að þannig hvíldi allt liðið. 21. Þeir Xenófon höfðust þar og við um nóttina, eldlausir og kveldverðarlausir, og skipuðu verði, sem bezt þeir gátu. En er komið var undir dag, sendi Xenófon þá, sem yngstir voru, til hinna magnþrota manna, og bauð þeim, að reka þá á fætur, og neyða til farar. 22. Í þetta mund sendir Keirisofos nokkra þeirra, er í þorpinu voru, til að skyggjast um, hvað um þá væri, er síðastir voru. En þeir urðu glaðir við, er þeir sáu sendimenn, og seldu þeim í hendur hina magnþrota menn, til að slytja þá til herbúðanna, en hjeldu sjálfir fram ferðinni; og áður en þeir höfðu farið tuttugu skeiðrúm, komu þeir til þorpsins, þar sem Keirisofos var. 23. En er þeir hittust, þótti hættulaust, að sveitirnar skiptust niður á

þorpin til dvalar. Keirisofos hjelt kyrru fyrir á sama stað, en hinir aðrir fyrirliðar hlutuðu um þorpin, er þeir sáu, og fór síðan hver með sína sveit.

24 24. Hundraðshöfðingi einn, Polykrates frá Apenuborg, bað að láta sig fara; tók hann þá með sjer hið ljettbúna liðið, og hljóp til þorps þess, er Xenófon hafði hlotnast, og tekur alla þorpsbúa og þorpstjórann þar inni. Þeir fundu þar og (sautján) fola, er aldri voru í skatt til handa konungi; enn hittu þeir þar dóttur þorpstjórans; hún hafði gipzt fyrir níu dögum, en maður hennar var farinn á bjeraveiðar, og varð eigi tekinn í
25 þorpunum. 25. Húsin voru niðri í jörðunni, og voru mynnin sem á brunni, en undir niðri voru húsin við. Inngangurinn handa eykjunum var grafinn; en mannfólkið gekk niður stiga; en í húsunum voru geitur, sauðir, naut og fuglar, svo og af-
26 kvæmi dýra þessara, og var allur fjenaður fóðraður inni. 26. Þar var og hveiti og bygg og baunir, og byggvín í kerum. En byggið var og sjálft í kerunum, og flaut ofan á jafnhátt börmunum; í þeim lágu og reyrleggir, sumir stærri og sumir minni, og voru engir liðir á. En þá er einhvern þyrsti, varð hann
27 að stinga reyrleggjum þessum í munn sjer, og sjúga svo. 27. Vín þetta var mjög áfengt, nema vatni væri í hellt; en mjög ljúffengur drykkur var það þeim, er vanur var orðinn við það.

28 28. Xenófon ljet þá þorpstjórann snæða með sjer kveldverð, og bað hann vera hughraustan, og sagði honum, að hann skyldi eigi sviptur verða börnum sínum; en áður en þeir færu braut, kvað hann þá aptur á móti mundu fylla hús hans vistum, ef það yrði bert, að hann vildi veita liðinu einhverja góða
29 leiðbeiningu, uns þeir kæmu til annarar þjóðar. 29. Þorpstjórinn heitir þessu, og gjörðist hann þá svo vingjarnlegur, að hann sagði til vins, þar sem það var niður grafið. Liðsmenn áttu þá náttstað þessa nótt á tvístringi, og lifðu allir í allsnægtum, en hjeldu þó vörð á þorpstjóranum og börnum hans,
30 og slepptu eigi augunum af þeim. 30. En daginn eptir tók Xenófon þorpstjórann og fór með hann til Keirisofosar; en þar sem hann fór fram hjá þorpi einhverju, hvarf hann til þeirra, sem í þorpunum voru, og hitti þá hvervetna að veizlu og glaða í huga, og ljetu þeir hann hvergi frá sjer fara, fyr
31 en þeir höfðu sett fyrir hann morgunverð. 31. Hvervetna báru þeir og á borð fyrir hann lambakjöt, kiðakjöt, grískajöt, kálfa-

kjöt og fuglakjöt, ásamt mörgum brauðhleifum, bæði úr hveiti og byggi. 32. En er einhver vildi í vinsemd drekka öðrum til, dró hann þann að kerinu, og varð hann að beygja sig niður að því, og sötra, sem þá er naut drekkur. Þorpstjóranum leyfðu þeir og að taka, hvað er hann vildi; en hann þáði eigi neitt, nema þar sem hann sá einhvern ættingja sinna, þá tók hann hann allajafna til sín.

33. En er þeir komu til Keirisofosar, hittu þeir þá og í tjöldum sínum, skreytta höfuðsveigum af þurrum grösum, og þjónuðu fyrir borðum ernskir drengir í perskum skikkjum, en sveinunum bendu þeir sem ómalamönnum, hvað gjöra skyldi. 34. En er þeir höfðu heilsagt, Keirisofos og Xenófon, ljetu þeir báðir samt túlk þann, er mælti á perska tungu, spyrja þorpstjórann, hvert land þetta væri; en hann kvað það vera Armeníu. Þeir spurðu þá aptur, handa hverjum hestarnir væru aldir; en hann sagði þá vera skatt konungi til handa; en landið þar í grenndinni sagði hann að væri land Kalýba; hann sagði og, hvar vegururinn lægi. 35. Xenófon fór þá aptur með þorpstjórann til ættingja hans, og gefur þorpstjóranum hest einn, heldur gamlan, er hann hafði tekið, til að ala hann til fórnar, því að hann hafði heyrt, að hann væri prestur sólarguðsins, en var hræddur um, að hesturinn mundi drepast; því að hann var illa leikinn eptir ferðina; en sjálfur tekur hann einn af folunum, og hverjum hershöfðingja og hundraðshöfðingja gefur hann einn. 36. En hestarnir þar voru minni, en perskir hestar, en miklu fjörugri. Þá kennir og þorpstjórinn þeim, að binda þrúgur á fætur hestunum og eykjunum, er þeir færu með þá um snjó; en er dýrin höfðu eigi þrúgurnar, sukku þau upp í kvið.

SJÖTTI KAPÍTULI.

1. Á áttunda degi fær Xenófon Keirisofosi leiðsögumanninn, en skilur eptir þorpstjóranum til handa heimamenn hans, nema son hans, sem nú færðist beint á ungmennisaldur; hann fær hann Epispenes frá Amfípólís til gæzlu, svo að þorpstjórinn gæti og fengið hann, er hann skildi við þá, ef hann segði þeim vel til vegar. Inn í hús þorpstjóra báru þeir og, sem mest þeir máttu, lögðu upp og hjeldu áleiðis. 2. En þorpstjórinn sagði þeim leið um snjóinn, og var þá látinn laus vera; voru þeir þegar komnir í þriðja áfangastað, og reiddist þá

Keirísofos honum sökum þess, að hann færi eigi með þá til
neinna þorpa. En þorpstjóri sagði, að á þessu svæði væru
engin þorp. Keirísofos barði hann þá, en batt hann þó eigi.
3. Þorpstjóri hljópst þá á burtu um nóttina, og skildi eptir son
sinn. Þetta var hið eina, er þeim bar á milli á ferðinni, Keirí-
sofosi og Xenófon, hrakning leiðsögumannsins og vangeymslan
á honum; en Epíþenes fjekk ástir á drengnum, flutti hann
heim til sín, og hafði hann að mesta trúnaðarmanni sínum.

4. Eptir þetta fóru þeir sjö áfanga, fimm perskar mílur á
dag, og komu til Fasis-fljótsins, en það var nær hundrað feta
5 breitt. 5. Þaðan fóru þeir tvo áfanga, tíu perskar mílur; en á
leiðinni yfir fjöllin niður á sljettlendið mættu þeim Kalýbar, Taokar
6 og Fasíanar. 6. En er Keirísofos sá til óvinanna á fjallleiðinni,
stöðvaði hann ferðina, nær þrjátíu skeiðrúmum frá þeim, svo
að herinn væri eigi í mjórri halaróu, er hann kæmi í nánd ó-
vinunum; hann bauð þá og hinum öðrum liðsforingjum, að
flytja fram sínar sveitir, svo að breiðfylking yrði úr hernum.

7. En er apturverðirnir komu, kallaði hann saman hershöfð-
ingjana og hundraðshöfðingjana, og tók þannig til máls: »Ó-
vinirnir sitja, eins og þjer sjáið, á fjallleiðunum, og er því
tími til, að bera ráð sín saman, hversu vjer fáum barizt sem
8 bezt. 8. Mjer þykir það þá ráð, að bjóða liðsmönnum að taka
morgunverð, en að vjer ráðgumst um, hvort ráðlegra þyki, að
9 fara yfir fjallið í dag eða á morgun«. 9. Kleanór mælti: »Jeg
ætla ráðlegast, að undir eins og vjer höfum tekið morgunverð,
að vjer þá hervæðumst sem bráðast, og höldum síðan gegn óvin-
unum; því að ef vjer höldum kyrru fyrir daginn í dag, þá munu
bæði þeir óvinir, sem nú sjá oss, verða hugrakkari, og líkur
10 til, að fleiri komi, er þessir eru öruggir«. 10. Næst eptir
Kleanór tók Xenófon til orða og mælti: »Mín ætlun er þessi:
ef nauður rekur til, að berjast, þá ber oss að búast svo við,
að vjer fáum barizt sem kröptuglegast; en ef vjer viljum kom-
ast yfir fjallið með sem ljettustu móti, þá virðist mjer, að vjer
eigum að skoða hug vorn um, hversu vjer megum sem fæst
11 sár fá, og hversu vjer megum sem minnst manntjón bíða. 11.
Fjallið, sem vjer sjáum, nær þá yfir meira svæði en sextíu
skeiðrúm; en hvergi er menn að sjá, er hafi gætur á oss,
nema á sjálfum veginum; það er því miklu betra, að reyna til
að laumast, og að stelast einhverstaðar upp á fjallið, þar sem

það er mannlaust, og verða fyrri að bragði að ná því, ef unnt er, heldur en að berjast við torsóttu staði og viðbúna menn. 12. Því að miklu er það auðveldara, að fara upp bratta leið bardagalaust, en um jafnsljettu, ef óvinir eru á báðar hendur; og hver maður gæti betur sjeð á næturþeli, það sem fyrir fótum honum er, ef hann á eigi í bardaga, heldur en um dag, ef hann berst; og slitróttur vegur er þægilegri fyrir fœturna á gangi bardagalaust, en sljettur vegur þeim mönnum, er skotin dynja á höfðum þeirra. 13. En mjer virðist takast mega, að stelast upp á fjallið, með því að vjer getum farið á næturþeli, svo að vjer verðum eigi sjeðir; svo getum vjer og farið svo langt frá, að eigi verði vart við oss. Mjer þykir þá svo, sem vjer munum sæta minni vörn annarstaðar á fjallinu, ef vjer látum, sem vjer ætlum að ráða hjer að; því að óvinirnir munu halda hjer kyrru fyrir, og þyrpast enn meir saman. 14. En hvað er jeg að tala um stuld, því að jeg heyri sagt um yður Lakverja, Keirisofos, að allir þjer, sem í jafningjastokki eruð, temjið yður stuld þegar frá blautu barnsbeini, og að það sje eigi ósæmilegt, heldur nauðsynlegt, að stela hverju því, sem lög eigi banna. 15. En svo að þjer stelið sem höndulegast, og kostið kapps um, að verða eigi uppvisir að því, þá er það lögum bundið með yður, að þjer sjeuð harðir svipum, ef þjer verðið staðnir að þjófnadinum. Nú býðst þjer þá næsta gott fœri á, að sýna æskunám þitt, og gæta þess þó, að vjer verðum eigi teknir, er vjer stelumst upp á fjallið, svo að vjer sætum eigi mörgum höggum«.

16. »En jeg heyri og sagt«, mælli Keirisofos, »að þjer Apenubúar sjeuð næsta fimir í að stela þjóðeignunum, og það þótt ákasslega mikil hættu sje búin þeim, er þjófnadinn fremur, og heyri jeg sagt, að einkum gjöri það hinir beztu mennirnir, ef svo er, að þjer teljið þá hina beztu menn verða þess að stjórna, og sökum þess er nú og tími fyrir þig, að sýna æskunám þitt«. 17. »Jeg er þá þess búinn«, kvað Xenófon, »að fara með apturverðina, þá er vjer höfum neytt kveldverðar, og ná fjallinu. Jeg hef og leiðsögumenn; því að hið ljettbúna liðið settist í launsátur fyrir þjófana, sem oss veittu eptirför, og náðu nokkrum þeirra, og af þeim hef jeg þess vís orðið, að fjallið er eigi ófært, heldur er það beitt bæði geitum og nautum, svo að, ef vjer náum einhverjum hluta fjallsins, þá

18 verður það og fært eykjunum. 18. Jeg vonast þess og, að
óvinirnir muni og eigi heldur sitja lengur kyrrir, er þeir sjá
oss jafnhátt sjer á fjöllunum, með því að þeir nú og eigi
19 vilja ganga niður á jafnsljettu við oss«. 19. Keirisofos mælti
aptur á móti: »Og hví átt þú að fara og fyrirláta apturvörð-
inn? sendu heldur aðra, ef engir verða til þess sjálfviljugir«.
20 20. Síðan komu þeir Aristonýmos frá Mepýdrion með stór-
skjöldunga nokkra, og Aristetas frá Kíos með nokkra ljettbúna
menn, og Nikomakos frá Oitafjalli og með nokkra ljettbúna
menn; og sömdu þeir svo um, að þá er þeir hefðu náð fjöll-
21 unum, skyldu þeir kynda elda marga. 21. Þá er þeir höfðu
þetta samið, tóku þeir morgunverð; en þegar eptir morgun-
verðinn hjelt Keirisofos á fram með öllu liðinu nær tíu skeið-
rúm, og stefndi gegn óvinunum, svo að sem mest líkindi
þóttu, að hann mundi halda þar fram.

22 22. En er þeir höfðu neytt kveldverðar, og nótt var kom-
in, fóru þeir, er til þess voru skipaðir, og tóku fjallið; en
hinir hjeldu kyrru fyrir á sama stað. En er óvinirnir urðu
þess vísir, að fjallið var tekið, vöktu þeir um nóttina, og kyntu
23 elda marga. 23. En er dagur rann, færði Keirisofos fórnir,
og hjelt fram veginn, en þeir, sem fjallið höfðu tekið, gengu
24 að eptir hæðunum. 24. Meginþorri óvinanna hjelt þá kyrru
fyrir á veginum yfir fjallið, en nokkur hluti þeirra hjelt á móti
þeim, er eptir hæðunum fóru. En áður en meginherunum
lenti saman, tekst orusta með þeim, sem uppi voru á fjöllun-
25 um; bera Grikkir hærri hlut og reka hina á flóttu. 25. Í sama
mund tóku og smáskjöldungar Grikkja, sem frá láglandinu
komu, að hlaupa á móti þeim, sem gegn þeim voru skipaðir;
en Keirisofos fylgdi á eptir með stórskjöldungana, og fór hratt,
26 og þó jöfnum fetum. 26. En er óvinir þeir, er á veginum
voru, sáu, að mönnum þeirra, sem fyrir ofan voru, veitti mið-
ur, flýja þeir, og fjellu fáeinir þeirra, en Grikkir náðu mörg-
um tágskjöldum, hjuggu þá í sundur með söxum og ónýttu þá
27 svo. 27. En er þeir voru komnir upp á fjallið, færðu þeir
fórnir, settu þar upp sigurmerki, gengu síðan niður á sljett-
lendið, og komu til þorpa nokkurra, er full voru af margs
konar vistum.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

1. Eptir þetta fóru þeir fimm áfanga, þrjátíu perskar mil- 1
ur, og komu þá til Taoka; tók þá nú að þrjóta vistir; því að
Taokar byggðu rammgjör virki, og í þau höfðu þeir allar vistir
fluttar. 2. Grikkir komu þá að vígi einu, þar sem enginn var 2
bær nje hús; en þar voru bæði saman komnir karlmenn margir
og konur, og búfje mikið. Keirisofos lagði þegar að viginu, er
hann kom að, og er fyrsta hersveitin var þreytt orðin, gekk
önnur að, og svo hver af annari, því að eigi máttu liðsmenn
skipa sjer umhverfis vígið margir saman, sökum þess að fljót
eitt rann í hring um það. 3. En er Xenófon kom með aptur- 3
vörðunum, bæði smáskjöldungum og stórskjöldungum, mælir
Keirisofos: »Þú kemur á heillastundu; því að vígi þetta verð-
um vjer að vinna, sökum þess að liðið hefur engar vistir, nema
vjer náum því«. 4. Þeir tóku þá að bera ráð sín saman, og 4
spurði Xenófon, hvað til tálma væri, að komast inn í vígið, og
mælti Keirisofos þá: »Hinn eini vegurinn að viginu er sá, er
þú sjer hjer; en er einhver reynir að halda hjer fram, þá velta
þeir grjóti fram af hamrinum, sem gnæfir hjer upp yfir, en
hver sá, er fyrir verður, hann verður þannig til reika«, og
sýndi honum um leið fótbrotna menn og síðubrotna. 5. »En 5
ef þeir vinna upp grjótið«, mælti Xenófon, »er það þá nokkuð,
sem til tálma sje, að komast fram? því að gagnvart oss sjáum
vjer að eins þessa fáu menn, og að eins tvo eða þrjá þeirra
vopnaða. 6. En leiðin er, eins og þú sjer, nær hundrað og 6
fimmtíu fet, er vjer eigum að fara í grjóthrið. Nær hundrað feta
svædis þessa er þjettvaxið stórum furutrjám með eyðum á milli.
Ef mennirnir stæðu bak við trjen, hvaða mein mættu þeir þá
bíða af grjótinu, sem niður berst eða niður er velt? Þá verða
eptir nær fimmtíu fet, sem vjer eigum að hlaupa yfir, þá er
grjóthriðinni linnir«. 7. »En þegar, er vjer tókum að ganga 7
inn í skóginn«, mælti Keirisofos, »berast margir steinar nið-
ur«. »Það er það, sem á að vera«, mælti Xenófon; »því að
því fyr vinnst grjótið upp hjá þeim. En höldum þangað, þar
sem vjer eigum skammt yfir að hlaupa, ef vjer megum, og
hægt er að komast á braut, ef vjer svo viljum«.

8. Þeir fóru þá, Keirisofos, Xenófon, og hundraðshöfðing- 8
inn Kallímakos frá Parrasafylki, því að hann hafði yfirforustu
hundraðshöfðingja apturvarðanna þann daginn; en hinir hundr-

aðshöfðingjarnir hjeldu kyrru fyrir, þar sem engin hætta var
búin. Síðan gengu nær sjö tugir manna inn undir trjen, eigi
i einum hóp, heldur einn og einn, og gætti hver sín, sem
9 hann mátti. 9. En Agasías frá Stýmfalos og Aristónýmos frá
Mepýdríon, er báðir voru og hundraðshöfðingar apturvarðanna,
og aðrir fleiri, stóðu fyrir utan trjen; því að eigi var meir en
10 einni sveit óhætt að standa undir trjánnum. 10. Þá tekur Kallí-
makos að velkja eitthvað með sjer. Hann hljóp fram undan
trjenu, er hann stóð undir, tvö eða þrjú skref; en er stein-
arnir bárust niður, átti hann hægt með að hörfa aptur; en við
11 hvert framhlaup eyddust meira en tíu vagnar grjóts. 11. En
er Agasías sjer, hvað Kallímakos hafðist að, og að allur her-
inn horfði á, varð hann hræddur um, að hann yrði eigi fyrst-
ur inn í vígið; hann heldur þá og sjálfur af stað, og fer fram
hjá öllum öðrum, og kallaði hvorki með sjer Aristónýmos, sem
þar stóð nær honum, nje Eifrylokos frá Lusoí, sem báðir voru
12 sjelagar hans, nje neinn annan. 12. En er Kallímakos sá hann
fara fram hjá sjer, þrífur hann í skjaldarrönd hans, og í þess-
ari svipan hljóp Aristónýmos frá Mepýdríon fram hjá þeim, og
eptir honum Eifrylokos frá Lusoí; því að allir þessir lögðu
kapp á, að sýna hreysti af sjer, og kepptu hver við annan, og
með þessari keppni taka þeir vígið; því að úr því að þeir
13 voru komnir inn, var engum steini framar niður velt. 13. Þá
var ógurlegt á að horfa; því að konurnar fleygðu börnunum
niður fyrir klettinn, og köstuðu síðan sjálfum sjer niður, og
karlmennu slíkt hið sama. Þá sá Aineias, hundraðshöfðingi frá
Stýmfalos, mann einn hlaupa til, og ætlaði sá að fleygja sjer nið-
ur af klettinum, og var hann fagurbúinn, og þrífur Aineias í
14 manninn og vill tálma honum. 14. En hinn dregur hann með
sjer, og bárust þeir báðir niður fyrir klettana, og biðu þannig
bana. Þar voru mjög fáir menn teknir, en naut voru tekin
þar, og asnar margir og sauðir.

15 15. Þaðan hjeldu þeir um land Kalýba, sjö áfanga, fimmtíu
perskar mílur. Kalýbar voru hinir hraustustu þeirra þjóða,
16 er Grikkir fóru um land hjá, og gengu þeir í höggorustu. 16.
Þeir höfðu hampbrynjur, er náðu niður fyrir naflastað, en í
stað brynvængja höfðu þeir digrar fljettur. Þeir höfðu og bryn-
hosur og hjálma, og við beltí sjer smásax, sem lakverskt sigð-
sax; með saxinu drápu þeir menn þá, er þeir fengu unnið,

skáru af þeim höfuðin, og höfðu braut með sjer. Þeir sungu og dönsuðu, er óvinirnir gátu sjeð þá. Þeir höfðu og nær fimmtán álna langt spjót einblaðað. 17. Menn þessir höfðust við í bæjum; en er Grikkir fóru fram um, fylgdu þeir á eptir, og áttu í sífelldum hardögum við þá. En þeir bjuggu í víggirtum stöðum, og höfðu flutt þangað vistirnar, svo að Grikkir máttu þaðan ekkert fá, en lifðu á fjenaði þeim, er þeir höfðu tekið frá Taokum.

18. Eptir þetta komu Grikkir til Harpasos-fljótsins, en það var fjöggra hundraða feta breitt. Þaðan fóru þeir um land Skýþína, fjóra áfanga, tuttugu perskar mílur; fóru þeir um sljettu eina, og komu þá til þorpa nokkurra, og í þeim dvöldust þeir þrjá daga, og öfluðu sjer vista. 19. Þaðan hjeldu þeir fjóra áfanga, tuttugu perskar mílur, og komu til borgar einnar stórrar, auðugar og byggðrar; en hún var nefnd Gymnías. Frá borg þessari sendir landstjórinn Grikkjum leiðsögumann, er skyldi segja þeim leið um óvinaland sjálfra þeirra. 20. En er maður þessi kom, kveðst hann munu fylgja þeim þangað á fimm dögum, þaðan sem þeir muni geta sjeð á sjó, og sagði hann, að ef hann gjörði það eigi, skyldu þeir drepa sig. Hann fór þá og fyrir, og er hann kom inn í óvinaland sjálfra þeirra, hvatti hann þá að brenna og eyða landið; og af því varð auðsætt, að hann kom af þessum sökum, en eigi af velvild við Grikki. 21. Þeir koma og á fimmta degi til hins helga fjalls; en fjallið het Þekes. En er þeir, er fyrstir fóru, komu upp á fjallið, og sáu sjóinn, gjörðist kall mikið. 22. Og er Xenófon heyrði það og apturverðirnir, ætluðu þeir, að aðrir óvinir rjeðu og að þeim að framanverðu; því að menn úr landi því, er þeir höfðu brennt, veittu þeim og eptirför; og höfðu apturverðirnir gjört þeim fyrirsát, og drepð nokkra þeirra, og tekið nokkra lifandi. Þeir höfðu og tekið nær tuttugu vandskildi, er dregið var á órakad nautaskinn hráblautt.

23. En er köllin urðu meiri og nálægðust, og allir tóku að hlaupa til þeirra, er háreystið gjörðu, eptir því sem þeir komu að, og háreystið varð því meira, sem þeir urðu fleiri saman, þótti Xenófon, sem eitthvað meira væri um að vera. Hann stje þá á hest, tók með sjer Lýkíos og riddarana, og reið fram til liðveizlu. 24. Heyra þeir þá brátt, að liðsmenn kalla: »Sjór, sjór«, og að orð þessi ganga mann frá manni. Þá hlupu og

allir apturverðirnir, og eykirnir og hestarnir voru knúðir fram.
25 25. En er allir voru komnir upp á fjallið, fœðmuðu þeir grátandi hver annan, og sömuleiðis hershöfðingjana og hundraðshöfðingjana. En allt í einu taka liðsmenn, eptir áskorun ein-
26 hvers, að bera saman grjót, og gjöra stóra vörðu. 26. Þar á ofan lögðu þeir fjölda af hráblautum húðum, stafi, og vandskildina, sem þeir höfðu náð; en leiðsögumaðurinn hjó í sundur vandskildina, og bað aðra að gjöra slíkt hið sama. 27. Að því búnu láta Grikkir leiðsögumanninn frá sjer fara, og gáfu honum gjafir af sameiginlegu fje, hest og silfurskál, perskan búning og tíu Dareiospeninga; en einkum beiddist hann fingurhringa, og fjekk hann marga hjá liðsmönnum. Hann vísaði þeim þá á þorp eitt, þar sem þeir mættu tjalda, svo og á leið þá, er þeir skyldu halda til lands Makróna, og er kveld var komið, hjelt hann á braut og fór um nóttina.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

1 1. Þaðan hjeldu Grikkir um land Makróna, þrjá áfanga, tíu perskar mílur. Á fyrsta deginum komu þeir til fljóts
2 þess, er greindi land Makróna og Skýþína. 2. Á hægri hönd höfðu þeir hið mesta torfæri fyrir ofan sig, en á vinstri hönd fljót eitt, er landamærafljótið fjell í, og það áttu þeir yfir að fara; en með fljótinu var alsett trjám, eigi digrum, en þjettvöxnum. Þá er Grikkir komu þar að, hjuggu þeir trjen, og
3 höfðu hraðan á, að komast sem fyrst út úr landi þessu. 3. En Makrónar voru svo búnir, að þeir höfðu vandskildi og lagspjót, og voru í hárkýrtlum; höfðu þeir skipað sjer andspænis vaðinu, og eggjuðu hver annan og köstuðu steinum í fljótið; en þeir drógu eigi allt fyrir það, og meiddu engan.

4 4. Þá kemur til Xenófons maður einn af smáskjöldungunum; kveðst hann hafa verið í þrældómi í Apenuborg, og þekkja tungu þessara manna. »Ætla jeg«, mælti hann, »að þetta sje ættjörð mín, og vil jeg tala við þá, ef ekkert er til tálmunar«.
5 5. »Það er enginn tálmi á því«, mælti Xenófon; »talaðu við þá, og fá fyrst að vita hjá þeim, hverjir þeir eru«. Maðurinn frjetti þess, og kváðust þeir vera Makrónar. »Spurðu þá þá«, mælti Xenófon, »hví þeir hafi fylkt sjer á móti oss, og hví þeir vilji vera óvinir vorir«. 6. Þeir svöruðu: »Sú er sök til þess, að þjer ráðið inn í land vort«. Hershöfðingjarnir báðu hann

þá segja, að þeir kæmu eigi með þeim hug, að gjöra lands-
mönnum mein; »heldur höfum vjer átt í ófriði við konung, og
höldum nú til Grikklands, og viljum komast til sævar«. 7. 7
Landsmenn spurðu, hvort Grikkir vildu vinna tryggðir að því;
en þeir kváðust vilja vinna og taka tryggðir. Síðan gefa Ma-
krónar Grikkjum útlenzkt lagsþjót, en Grikkir gefa þeim aptur
grískt spjót, og þetta sögðu þeir tryggðir vera; en hvorirtveggja
vitnuðu til guðanna.

8. Þá er tryggðir voru unnar, tóku Makrónar þegar að 8
höggva trjen með Grikkjum, og ruddu þeim veg, og voru inn-
an um Grikki. Þeir hjeldu þeim og torg, sem þeir máttu við
komast, og fylgdu þeim í þrjá daga, uns þeir komu þeim á
landamæri Kolka. 9. Þar var fjall eitt mikið, og þó gengt, og 9
á því höfðu Kolkar skipað sjer. Grikkir skipuðu sjer þá fyrst
í breiðfylkingu á móti, og ætluðu að fara með þeirri skipun á
fjallið; en síðar leizt hershöfðingjunum að eiga fund með sjer,
og bera ráð sín saman, hversu þeir mættu sem bezt berjast.
10. Xenófon mælti þá, að sjer þætti ráð, að hætta við breið- 10
fylkinguna, og skipa liðinu í beina flokka; »því að breiðfylkingin
mun þegar rofna, með því að fjallið mun reynast oss á sum-
um stöðum ófært, en á sumum stöðum greiðfært; og mun
þetta þegar draga hug úr liðsmönnum, er þeim er skipað í
breiðfylkingu og þeir sjá hana rofna. 11. Því næst er það, að ef 11
vjer fylkjum svo, að margir standi hver aptur af öðrum, og
höldum svo fram, munu óvinirnir hafa lið afgangs, og mega
hafa þá, sem um fram eru, til hvers, sem þeir vilja; en ef
vjer högum svo göngu vorri, að fáum sje skipað hverjum apt-
ur af öðrum, þá væri það engin furða, þótt fylking vor yrði
einhverstaðar rofin, er þjett skothrið dyndi á, og margir menn
sæktu að; en ef þetta verður einhverstaðar, þá mun allri fylk-
ingunni illa af reiða. 12. Mjer þykir þá ráð, að skipa liðinu 12
niður í beina flokka, og hafa svo mikið bil á milli, að yztu
flokkarnir lendi fyrir utan fylkingarhorn óvinanna; og með því
móti munum vjer bæði verða með yztu flokkana fyrir utan
breiðfylkingu óvinanna, og er vjer förum með beinum flokk-
um, verða hinir vöskustu vorra manna fyrstir til aðgöngu, og
mun hver flokkur halda þar fram, sem greiðfært er. 13. Það 13
mun og eigi verða neinn hæggdarleikur fyrir óvinina, að ganga
inn í geitarnar, er flokkar eru til beggja handa; eigi verður

heldur auðvelt, að rjúfa beinan flokk, er hann gengur að; en ef kreppir að einhverjum flokknunum, þá mun hinn næsti flokkur veita honum; og ef einn flokkurinn kemst einhverstaðar upp á fjallið, mun enginn óvinanna fremur viðnám veita». 14. Þeir samþykktust þessu, og gjörðu beina flokkana, en Xenófon fór frá hægri fylkingarhorninu til hins vinstra, og mælti þannig við liðsmenn: »Góðir menn, menn þessir, sem þjer sjáið, eru hinir einu, sem oss eru enn til tálmunar að komast þangað, sem vjer höfum lengi til sótt; vjer verðum þá jafnvel að rífa þá hráa í oss, ef vjer megum með nokkru móti«.

15. Þá er hver var kominn á sinn stað, og þeir höfðu skipað hina beinu flokka, urðu flokkar stórskjöldunganna um áttatíu, en í hverjum flokk voru nær hundrað manns; en smáskjöldungunum og bogmönnum skipuðu þeir í þrjár sveitir, og settu suma þeirra fyrir utan vinstra fylkingarhornið, suma fyrir utan hið hægri, en suma í miðjunni, nær sex hundruðum á hvern stað. 16. Síðan buðu hershöfðingjarnir að gjöra áheit; þeir gjörðu áheitin, hófu upp hersöng og lögðu svo af stað. Keirísofos og Xenófon og smáskjöldungar þeir, er þeim fylgdu, fóru svo, að þeir voru fyrir utan fylkingu óvinanna; 17. en er óvinirnir sáu þá, hlupu þeir í gegn þeim, og til hliðar við þá, og drógust sumir til hægri fylkingarhornansins, en sumir til hins vinstra, og varð þá stór auðn í miðri fylkingu þeirra.

18. En er ljett skjöldungarnir í Arkadíu-liðinu, sem Aiskínes frá Akarnaníu rjedi fyrir, sáu, að óvinirnir drógust sundur, ætluðu þeir, að þeir mundu flýja, æptu upp og tóku að hlaupa, og verða þeir fyrstir upp á fjallið; en hið stórskjaldada lið frá Arkadíu fylgdi og á eptir þeim, og var foringi þess Kleonór frá Orkómenos. 19. En er þeir tóku til hlaupa, námu óvinirnir eigi frammar staðar, en snerust á flótta, sinn í hverja áttina. En er Grikkir voru komnir upp á fjallið, settu þeir herbúðir í þorpum mörgum, og voru í þeim vistir miklar. 20. Þar var ekkert, er þeim þótti nýstárlegt, nema þar voru býjabúr mikil, en allir þeir liðsmanna, er hunangsins neyttu, urðu vitstola, og fengu þeir bæði uppgang og niðurgang, og gat enginn þeirra staðið upprjettur; þeir, sem höfðu neytt lítils, líktust afar-drukknunum mönnum, en þeir, sem mikils höfðu neytt, óðum mönnum, en sumir biðu jafnvel bana. 21. Þannig lágu þá margir, sem þeir hefðu ósigur beðið, og voru þeir mjög

daprir í huga. En næsta dag dó enginn, og röknuðu þeir við aptur nær í sama mund dags; en á þriðja og fjórða degi risu þeir á fœtur, svo sem eptir lyfjadrykk.

22. Þaðan hjeldu þeir tvo áfanga, sjö perskar mílur, og komu þá til sævar, til Trapezúnt; en það var grísk borg byggð, við Eifxeinos-haf, nylenduborg Sinópe-manna, og stóð í landi Kolka; þar dvöldu þeir nær þrjátíu daga í þorpum Kolka; og er þeir hjeldu þaðan, herjuðu þeir Kolkis. 23. Trapezúnt-búar hjeldu þeim torg í herbúðunum, og tóku vel á móti Grikkjum, og gáfu þeim að gestgjöfum naut, bygg og vín. 24. Þeir sömdu og fyrir hönd Kolka þar í grenndinni, einkum fyrir hönd þeirra, er byggðu sljettlendið, og komu og naut frá þeim að gestgjöfum. 25. Því næst bjuggust þeir til blóts þess, er þeir höfðu heitið, og kom til þeirra gnægt nauta, til að færa Seifi frelsara og Heraklesi leiðsagnarblót, og hinum öðrum guðum þær fórnir, er þeir höfðu heitið. Þeir stofnuðu og til fimnisleiks á fjallinu, þar sem þeir höfðu tjaldstað; kusu þeir Drakontíos, spartverskan mann, til að annast hlaupið og veita leiknum forstöðu; en þegar hann var ungur, hafði hann að óvilja sínum lostið svein einn til dauðs með saxi, og flúið því að heiman.

26. Þá er blótinu var lokið, gáfu þeir Drakontíosi húðirn-ar, og báðu hann að fylgja sjer þangað, þar sem hann hefði stofnað til skeiðsins. En hann benti þeim á staðinn, þar sem þeir voru staddir, og mælti: »Háls þessi er hinn fegursti til hlaupa, hvert sem vera skal«. »Hversu munu þeir glimt fá«, sögðu þeir, »á svo ósljettum og skógi vöxnum stað?« Hann mælti: »Því ver mun þeim þykja, er fellur«. 27. Flestir sveinar hinna herteknu manna runnu í köpp eitt skeiðrúm; en yfir sextíu Kríteyingar runnu langskeið; en aðrir reyndu glímu, hnefaleik og aflraunir. Það var fögur sjón, því að margir gengu fram til leikanna, og gjörðist mikið kapp með mönnum, er fjelagar þeirra horfðu á. 28. Hestar runnu og í köpp, og varð að halda þeim niður hallandann, snúa þeim við niðri við sjó, og leiða þá svo upp aptur að blótstallanum. Næsta margir ultu og niður eptir, en hestarnir gengu erfíðlega upp í móti, er mjög var bratt, og gjörðist þá kall mikið og hlátur og eggjan með þeim.

FIMMTA BÓK.

FYRSTI KAPÍTULI.

- 1 Frá því hefur verið sagt i sögunni hjer á undan, hvað Grikkir höfðust að á austurförinni með Kýrosi, og hvað þeir höfðust að á ferðinni, uns þeir komu til sævar við hafið svarta, hvernig þeir komust til hinnar grísku borgar Trapezúnt, og hversu þeir færðu þar fórnir fyrir frelsi sitt, þær er þeir höfðu
- 2 heitið, þar er þeir fyrst kœmu í vinaland. 2. Eptir það gengu þeir á ráðstefnu, og rjeðust um það sin á milli, hvernig ferðinni skyldi haga, það sem eptir væri. Stóð þá fyrstur upp Antileón frá Þúríoiborg, og tók þannig til máls: »Jeg er orðinn þreyttur, góðir menn, af ferðabúningi, af göngum, hlaupum, af að bera vopn mín og ganga í fylkingu, að standa á verði og að berjast. En úr því að vjer erum komnir til sævar, langar mig nú til, að losast við allar þrautir þessar, og fara sjóveg, það sem eptir er leiðarinnar, og komast til Grikklands
- 3 sofandi og liggjandi endilangur, eins og Odysseifur«. 3. Þá er liðsmenn heyrðu þetta, gjörðu þeir góðan róm að því, hversu vel honum mæltist, og varð ys mikill. Mælti þá einhver annar þeim hinum sömu orðum, og því næst allir þeir, er við voru
- 4 staddir. 4. Því næst reis upp Keirísofos, og mælti þessum orðum: »Anaxibíós er kunningi minn, góðir menn, og hann er skipstjóri. Ef þjer því sendið mig, þá ætla jeg, að jeg muni geta komið með þrennæringa og önnur skip, sem vjer getum flutzt á; en þjer skuluð halda kyrru fyrir, til þess er jeg kem aptur, fyrst þjer annars viljið fara sjóleiðis; en jeg mun koma bráðum aptur«. Þá er liðsmeun heyrðu þetta, urðu þeir gláðir við, og kváðu svo á, að hann skyldi sigla af stað, sem hraðast.
- 5 Næstur honum stóð upp Xenófon, og mælti svo: »Keirísofos fer þá eptir skipunum, en vjer munum eptir verða. Jeg skal þá kveða upp, hvað mjer virðist hentast að vjer höfumst að, með-
- 6 an á dvölinni stendur. 6. Fyrst eigum vjer að afla oss vista úr landi fjandmanna vorra; því að hvorki eru hjer nægar vistir til kaups, enda eru það eigi nema fácinir, er hafi það, er þeir

skuli fyrir gefa, og landið óvinaland; er því hætt við, að margir muni lífinu týna, ef þjer farið gálauslega og athugalaust, þá er þjer sækið vistirnar. 7. En það er mitt ráð, að þjer farið flokk- 7 um saman til vistatökunnar, en reikið eigi ráðlauslega, svo að yður sje óhætt, og ber oss fyrirliðunum, að annast það«. 8. 8 Á þetta var fallizt. «Heyrið þá enn fremur, það er jeg nú mun segja. Sumir yðar munu fara til rána. Jeg ætla þá, að betra sje, að hver sá segi oss, fyrirliðunum, er hefur í hyggju, að fara á burt í þeim erindum, og segi oss jafnframt, hvert hann ætlar að halda, svo að vjer bæði vitum, hversu margir þeir eru, sem burtu fara, og hversu margir eru eptir, og svo að vjer megum viðbúnir vera, ef á þarf að halda, og ef einhverjir þurfa hjálpar við, að vjer þá vitum, hvert halda skuli til liðveizlunnar, og ef einhver hinna óreyndari reynir einhverstaðar fyrir sjer, að vjer þá getum verið í ráðum með honum, með því að reyna að komast fyrir, hversu mikið lið þeir hafa, er vorir menn kunna á að ráða«. Þetta var einnig samþykkt. 9. «Íhugið og einnig 9 það», kvað hann, «að sjandmenn vorir hafa tóm til gripdeilda, og þeir gjöra það, er þeir eiga að gjöra, er þeir beita oss vjelráðum; því að vjer höldum eignum þeirra fyrir þeim, og sitja þeir um oss. Mjer virðist því ráð, að verðir sjeu hafðir í kring um herbúðirnar, og ef vjer þá skiptumst á, að halda vörðinn og njósna, munu óvinirnir síður fá oss veidda. 10. 10 Enn skuluð þjer og íhuga það, er jeg nú mun segja. Ef vjer vissum það vist, að Keirisofos mundi koma með nóg skip, þá þyrfti einskis þess við, er jeg ætla að mæla; en með því að það er óvist, þá þykir mjer ráð, að reyna og að afla oss skipa hjer; því að ef hann kemur með skip, þá höfum vjer því nægri skip til burtsiglingarinnar, ef hjer eru og skip; en ef hann kemur eigi með nein skip, þá megum vjer þó nota þau, er vjer höfum hjer. 11. En jeg sje opt skip sigla hjer með landi 11 fram. Ef vjer þá biðjum Trapezúnt-búa um langskip, og tökum svo hin og leggjum þeim að landi, tökum frá þeim stýrin, og gætum þeirra, til þess er vjer höfum fengið næg skip til brottfarar, þá munum vjer að öllum líkindum eigi verða í vandræðum með skip, sem vjer þurfum til ferðarinnar«. Þetta var og samþykkt. 12. «Hugleiðið þá», mælti hann, «hvort það er og 12 eigi sanngjarnt, að fœða þá menn á almennan kostnað, sem vjer tökum, alla þá stund, sem þeir sitja um kyrrt fyrir vora

13 skuld, og semjum um flutningskaupið, svo að þeir einnig hafi
 hag af því, að bjarga oss«. Þetta var einnig samþykkt. 13. »Þá
 sýnist mjer», kvað hann, »ef oss tekst eigi að fá næg skip,
 að fela þjóðum þeim á hendur, er búa með sjó fram, að ryðja
 þá vegina, sem vjer heyrum að torfærir sjeu; en þær munu
 láta að orðum vorum, bæði sökum þess, að þær eru hræddar,
 14 og einnig sökum þess, að þær vilja losast við oss«. 14. Þá
 æptu liðsmenn, að eigi skyldi fara landveg; en með því að
 Xenófon sá grunnhyggni þeirra, þá ljet hann enga atkvæða-
 greiðslu fram fara, en fjekk þjóðirnar til með góðu, að ryðja
 vegina, og kvað þær mundu fljótar losast við Grikki, ef veg-
 15 irnir væru gjörðir greiðfærir. 15. Grikkir fengu sjer og fimmtugsessu hjá Trapezúnt-búum, og skipuðu yfir Dexippos, lakverskan utanbæjarmann. En Dexippos þessi hirti ekki um, að taka nein skip, en strauk á burt með fimmtugsessuna, og hjelt út úr hafinu svarta. En hann fjekk makleg málagjöldin síðar; því að hann var drepinn af Nikandros hinum lakverska, þar sem hann var með ýmislegt ráðabrugg hjá Seifpesi í Þrakverjalandi.
 16 16. Þeir fengu og þritugsessu, og var Polykrates frá Apenuborg skipaður yfir hana. Hann flutti öll þau skip, er hann náði, til herbúðanna. Þeir tóku og farm þann úr skipunum, sem á var, og settu verði hjá, svo að farminum væri óhætt; en mættu sjálfir hafa skipin til skipatöku með fram ströndun-
 17 um. 17. En á meðan þessu fór fram, fóru aðrir Grikkir til rána, og fengu sumir nokkuð, en sumir ekki neitt. Kleinetos fór með sveit sína og aðra sveit til, og var sá staður torsóttur, er hann hjelt til, og fjell hann þar sjálfur, og margir þeirra, er með honum voru.

ANNAR KAPÍTULI.

1 1. En er vistir fengust eigi lengur svo nálægt, að komizt yrði samdægurs aptur til herbúðanna, fjekk Xenófon sjer leiðsögumenn af Trapezúnt-búum, og heldur með helming liðsins til móts við Dríla, en hinn helminginn ljet hann eptir vera, og skyldi hann geyma herbúðanna; því að Kolkar höfðu blaupið burt frá heimilum sínum, og fóru margir saman; sátu þeir á
 2 hæðunum yfir uppi, og sættu færi við Grikki. 2. En Trapezúntbúar fylgdu Grikkjum eigi þangað, er hægt var að fá vistirnar; því að þeir voru vinveittir landsbúum þar; en til Dríla fylgdu

þeir Grikkjum fúslega, því að þeir sættu illu af þeim; en þar var land fjöllótt og leiðir ógreiðar, enda Drílar herskaastir allra þeirra manna, er búa í Pontos. 3. En er Grikkir voru komnir upp í landið, lögðu Drílar eld í öll þau virki, er þeim þótti að tekin yrðu, og hjeldu svo á burt, og varð þar engu náð, nema svinum og nautum, og einstaka öðrum skepnum, er sloppið höfðu úr eldinum. Eitt var það virki, er nefnt var höfuðborg þeirra, og höfðu allir þangað þyrpzt. Um virkið lá gljúfur eitt, ákaflega djúpt, og var óhægt aðgöngu að virkinu. 4. Smáskjöldungarnir hlupu fimm eða sex skeiðrúm á undan stórskjöldungunum, og hjeldu yfir gljúfrið; sáu þeir þá mikinn fjenað og annað góss, og rjeðu því á virkið. Með þeim fylgdust og margir spjótberendur, er farið höfðu til vistafanga; urðu þeir, sem yfir gljúfrið fóru, meira en tvær þúsundir að tölu. 5. Siki eitt breitt var grafið í kring um virkið, og krakar reknir niður í sikisbarminn, og þjettir trjákastalar reistir þar á ofan; gátu þeir því eigi tekið virkið, og vildu þeir þá halda burtu, en þá rjeðu virkisbúar á þá. 6. En er þeir gátu eigi komizt burtu, með því að einstigi eitt var að fara niður í gljúfrið virkismegin, senda þeir boð til Xenófons, er fyrir rjeð stórskjöldungunum. 7. Sendimaður segir, þá er hann kom, að virkið sje fullt af miklum fjárhlutum, »en vjer getum hvorki unnið virkið, því að það er rammgjört, og eigi er það heldur neinn hægðarleikur, að komast burtu, því að þeir sækja þá út úr virkinu og ráðast á oss; og er torvelt braut að komast«. 8. Þegar Xenófon heyrði þetta, hjelt hann til gljúfursins; bauð hann þá stórskjöldungunum að nema staðar, en sjálfur fór hann yfir gljúfrið með hundraðshöfðingjunum, og hugði að, hvort betra mundi vera, að fara aptur burtu með þá, er höfðu farið yfir gljúfrið, eða þá að fara með stórskjöldungana yfir, í þeirri veru að virkið yrði unnið. 9. Honum virtist eigi tækt, að koma mönnunum burtu, nema með miklu manntjóni, en hundraðshöfðingjarnir ætluðu og, að þeir mundu fá náð virkinu. Xenófon fjellst á þetta, með því að hann treysti blótspánum; því að blótgoðarnir höfðu sagt, að bardagi mundi reyndar áttur verða, en þó mundi greiðast vel úr að lokum. 10. Hann sendir þá hundraðshöfðingjana til að sækja stórskjöldungana yfir gljúfrið, en sjálfur varð hann eptir, og ljet alla smáskjöldungana hörfa aptur, og leyfði engum að skjóta á óvinina. 11. En er stórskjöld-

arnir komu, bauð hann hverjum hundraðshöfðingja að fylkja svo sinni sveit, sem honum þætti hentast, til bardaga, því að hundraðshöfðingjar þeir, er ávallt höfðu keppt sín á milli í vaskleik, voru nú í nánd hver öðrum. 12. Hundraðshöfðingjarnir gjörðu þetta; en hann bauð öllum smáskjöldungunum, að ganga á fram, og halda hendinni á spjótreminni, með því að þeir ættu að skjóta spjótunum, þá er hann gæfi merki til; og bogskytjunum bauð hann, að hafa ör á streng, með því að þeir ættu að skjóta, þá er hann gæfi merki; og hinu ljettbúna liðinu bauð hann, að hafa leðurpoka sína fulla af steinum; og sendi hann menn, er vel voru til fallnir, til að annast þetta.

13. Þegar allt var undir búid, og hundraðshöfðingjarnir, flokksforingjarnir, og þeir, er eigi töldust minni menn þeim, höfðu allir skipað sjer í fylkingu, og horfðu hver á annan, var fylkingin að lögun eins og hált tungl, því að svo varð að vera vegna landslagsins; 14. því næst hófu þeir upp hersönginn, og var lúður þeyttur; þustu þá stórskjöldungarnir fram með herópi og hlupu, en jafnframt var kastað skeytum, spjótum, örum, og slöngusteinum, og flestir voru þeir, er köstuðu steinum úr hendi sjer; sumir voru og þeir, er báru eld að. 15. Óvinirnir yfirgáfu þá krakana og turnana sökum hins mikla vopnaburðar, svo að Agasías frá Stýmfalos og Filoxenos frá Pellene lögðu af sjer vopnin, og stigu upp á virkisvegginn í tómum kyrtlunum, og drógu þá hver annan upp, en sumir höfðu komizt upp sjálfir, og virtist svo, sem virkið væri þegar tekið. 16. Smáskjöldungarnir og það hið ljettbúna liðið ruddist þá inn og rændi, hver því, er hann gat hendur á fest; en Xenófon nam staðar við virkishliðið, og aptraði öllum þeim stórskjöldungum, sem hann gat, frá að fara inn; því að einn flokkur fjandmannanna sást á hæðum nokkrum, og var þar vígi gott. 17. Að litlum tíma liðnum heyrðist óp nokkurt inni í virkinu, og flúðu þá sumir með ránfeng sinn, en eigi leið á löngu, áður sumir voru særðir, og varð þröng mikil við hliðið. Þegar þeir voru spurðir, sem út hlupu, hvað á gengi, sögðu þeir: »Inni í virkinu er vígi eitt, og er þar fjöldi mikill óvina fyrir; hafa þeir hlaupið út úr viginu og vega að þeim, sem inn í virkið eru komnir«. 18. Því næst bauð Xenófon kallar-anum Tolmídes, að hann skyldi lýsa því yfir, að hver sá skyldi ganga inn, er nokkuð herfang vildi fá. Rjedu þá margir til

inngöngu, og sigrast þeir, er inn ruddust, á hinum, er út úr víginu
 rjeðu, og reka þá aptur inn í vígið. 19. Grikkir rændu þá öllu 19
 því, er utanvígis var, og höfðu út með sjer; en stórskjöldungarnir
 fylktu sjer, sumir við krakagarðana, en sumir við veginn, er lá
 til virkisins. 20. Xenófon og hundraðshöfðingjarnir skyggndust 20
 um, hvort auðið mundi, að vinna vígið; því að þá var þeim
 óhætt; en að öðrum kosti virtist harðla örðugt, að komast
 burtu; en er þeir lituðust um, þótti þeim, sem virkið væri
 með öllu óvinnandi. 21. Grikkir bjuggust þá til burtferðar, og 21
 rifu upp krakana, hver þann, sem hann var við; voru þeir
 menn þá sendir á burtu, er óvígir voru, svo og þeir, sem með
 farangrinum fóru, og allur þorri stórskjöldunganna, en hundr-
 aðshöfðingjarnir hjeldu hver þeim eptir, er hann trúði bezt.
 22. En er liðið hjelt burtu, hlupu margir út úr virkinu, og 22
 höfðu þeir vandskildi, spjót, brynhosur og pafllagónska hjálma.
 Sumir stigu upp á húsinn, beggja vegna með fram stræti því,
 er lá upp að víginu; 23. var því eigi hættulaust, að elta fjand- 23
 mennina upp að vígishliðunum; því að þeir köstuðu stórviðum
 niður; og var því hætta mikil, bæði að halda kyrru fyrir, og
 eins að halda burtu; fór nú og óttaleg nótt í hönd. 24. Með- 24
 an Grikkir börðust þannig, og örvæntu allrar undankomu, gaf
 einhver guðanna þeim ráð til að frelsast úr lifsháska þessum.
 Allt í einu stóð hús nokkurt á hægri hönd við strætið í ljós-
 um loga, og var eigi vitað, hver í því hafði kveykt. En er
 húsið hrundi, þutu fjandmennirnir burtu af húsunum hægra
 megin strætisins. 25. En er tilviljunin kenndi Xenófon þetta, 25
 bauð hann að kveykja og í húsunum vinstra megin; en þau
 voru af viði gjör, og læsti eldurinn sig því skjótt um þau; og
 flúðu þá fjandmennirnir einnig af þeim húsunum. 26. Þeir, 26
 sem stóðu fyrir framan, voru nú einir til meins, og var auð-
 sýnt, að þeir ætluðu sjer að ráðast á Grikki, er þeir hjeldu
 burtu niður frá virkinu. Xenófon býður þá, að allir þeir, er
 væru fyrir utan skotmál, skyldu bera saman við inn á milli
 sjálfra þeirra og fjandmannanna. En er nægur viður var sam-
 an borinn, slógu þeir eldi í; en þeir kveyktu og í húsum
 þeim, sem stóðu við sjálfan virkisgarðinn, svo að óvinirnir
 hefðu nokkuð þar að sýsla. 27. Þannig sluppu Grikkir nauðu- 27
 lega burtu frá virkinu, þá er þeir höfðu kveykt eld á millum

sín og óvinanna; brann þar allur bærinn upp til kaldra kola, húsin, turnarnir og krakarnir, og allt annað, nema vígið sjálf.

28 28. Daginn eptir hjeldu Grikkir burtu, og höfðu með sjer
vistirnar. En með því að þeir voru hræddir við leiðina niður
til Trapezúnt, er vegurinn var bæði brattur og mjór, gjörðu
29 þeir launsátur að yfirsýn. 29. Maður nokkur, ættaður frá Mý-
siu, og hjet Mýsos, tók fjóra eða fimm Kriteyinga, og fór í
kjarr eitt, og beið þar, og ljet sem hann vildi felast fyrir fjad-
mönnum; en skildir þeirra blikuðu við hjer og hvar, er þeir
30 voru úr eir. 30. Þegar fjadmennirnir sáu þetta, óttuðust þeir,
að þeim væri fyrirsát gjör; en á meðan hjelt liðið niður eptir.
En er Mýsiumanni þótti, sem liðið væri komið nægilega langt
á undan, gaf hann fjelögum sínum vísbendingu, að þeir skyldu
flýja sem harðast þeir mættu; stóð hann þá upp og hefur á
31 rás undan, og sveitungar hans. 31. Aðrir Kriteyingar sögðu,
að þeir hefðu verið hræddir um, að þeim mundi verða náð á
hlaupinu; hlupu þeir því út úr leiðinni, og veltu sjer niður
brekkurnar, uns þeir komust í skóg nokkurn, og frelsuðust svo.
32 32. En Mýsiumaðurinn hljóp veginn, kallaði hástöfum, og bað
að hjálpa sjer. Grikkir hjálpuðu honum, og sluttu hann burtu,
og hafði hann verið særður. Þeir, sem höfðu farið til hjálpar
við hann, hopuðu þá á hæl, og dundu skot fjadmannanna á þeim;
en nokkrir af Kriteyingum skutu og aptur á móti. Með þessu
móti komast þeir allir með heilu og höldnu til herbúðanna.

ÞRIÐJI KAÞÍTULI.

1 1. En er hvorki Keirisofos kom, og eigi voru heldur nægi-
leg skip fyrir höndum, nje heldur auðið, að fá vistir lengur,
þótti ráðlegast að halda burt; sluttu þeir þá á skip út allt hið
sjúka fólk, og alla þá, er eldri voru en fertugir, börn og kon-
ur, og allt það af farangrunum, er þeir þurftu eigi á að halda;
ljetu þeir þá Filesíos og Sofainetos, er elztir voru hershöfð-
ingjar, og stíga á skip, til að annast þetta; en aðrir fóru land-
2 veg, og var vegur ruddur. 2. Þeir koma á þriðja degi til Kera-
súnt; en það er grísk borg, nýlenda frá Sínópe, í landi Kolka,
3 og stendur við sjó fram. 3. Þar hjeldu þeir kyrru fyrir í tíu
daga. Þar er liðið kannað og talið; var það með vopnum, með-
an á því stóð; varð tala þess átta þúsundir og sex hundruð.
Þessir voru þá eptir af hinum tíu þúsundum, eða nær því; en

hinir höfðu farizt, sumir fyrir vopnum óvinanna, sumir í snjónum, og nokkrir af sjúkleik.

4. Þar skipta þeir og fje því, er þeir höfðu fengið fyrir hertekna menn. Tíunda partinn tóku þeir frá handa Apolló og Artemis í Efesos; og tók hver hershöfðingjanna sinn hlutann til geymslu handa guðum þessum; en í stað Keirisosar tók Neón frá Asíne einn hlutann. 5. Xenófon ljét smíða hofgjöf handa Apolló af hans hlut, og festir upp í fórnahirzlu Aþenuborgarmanna í Delfí, og ritaði á gjöfina bæði sitt nafn, og nafn Proxenosar, er drepinn var með Klearkosi, og gjörði hann það af því, að Proxenos var gestavinur hans. 6. En þann hlutann, er hlotnaðist Artemis í Efesos, skilur hann eptir hjá Megabyzos, hofstjóra Artemisar, þá er hann fór með Agesilási úr Asíu til Boiótíu; því að hann ætlaði, að hann mundi eiga hættuför fyrir höndum, er hann fór með Agesilási; lagði Xenófon svo fyrir Megabyzos, að kæmist Xenófon klaklaust af, skyldi Megabyzos skila honum aptur fjenu; en hlekkist honum eitt-hvað á, skyldi hann láta gjöra einhvern grip handa Artemis, þann er hann ætlaði að gyðjunni mundi vel líka. 7. En er Xenófon var útlægur gjör, og dvaldi í Skillúnt, er Spartverjar höfðu gjört í grennd við Ólympíu, þá kemur Megabyzos til Ólympíu, til að horfa á leikina, og selur þá Xenófon aptur í hendur geymslufjeð. Xenófon tók við fjenu, og kaupir fyrir það land til handa gyðjunni, þar sem vjefrjettin vísaði til. 8. En svo vildi til, að fljót það, er Selínos heitir, rann um mitt land þetta. En sómuleiðis rennur fljót eitt, er og heitir Selínos, fram hjá musteri Artemisar í Efesos, og eru fiskar og skelfiskar í hvoru-veggja fljótinu. En í landhlutanum við Skillúnt eru og alls konar dýr, sem veidd eru. 9. Xenófon gjörði og blótstall og musteri fyrir þetta hið helga fje, og upp frá þeim tíma fórnaði hann ávallt gyðjunni á ári hverju tíunda hlutanum af eptirtekju lands þessa, og tóku allir bæjarmenn og nágrannarnir, bæði karlar og konur, þátt í hátíð þessari. En veizlugestunum veitir gyðjan bygg, brauð, vín, eptirmat, og nokkurn hluta af fórnardýrunum frá hinu helga haglendi, svo og þeim dýrum, sem veidd eru; 10. því að synir Xenófons og annara bæjarmanna fóru á veiðar undir hátíðina; fóru og með þeim aðrir menn, er það vildu. Voru þá veidd svín, ráðyr og hirtir, bæði á því hinu helga svæðinu og á Folóe. 11. Staður þessi er á

leiðinni frá Lakedaimon til Ólympíu, nær tuttugu skeiðrúm frá musteri Seifs í Ólympíu. Á hinu helga svæði er engi eitt, lundar og fjöll, þjettvaxin trjám, og er þar næg hagbeit fyrir svín, sauði, naut og hesta; og geta einnig vagneykir þeirra, er 12 hátiðina sökja, haft þar góðan haga. 12. Við musterið sjálfst var gróðursettur lundur einn af yrktum trjám, sem bera alls konar æta ávexti, eptir því sem á árstímum stendur. Musterið er, þótt lítið sje, gjört í líkingu þess hins mikla mustervis í Efesos; líkneskjan líkist og líkneskjunni í Efesos, að svo miklu leyti sem hún getur líkzt, með því að hún er af kýprusviði gjör, 13 en hin af gulli. 13. Stöpull einn stendur og hjá musterinu, og er þar letur þetta á ritað: »*Landið er helgað Artemis. Hver sá, sem það hefur til umráða, og nýtur eptirtekju þess, hann fórnir tíunda hlutanum ár hvert; en fyrir það, sem um fram verður, skal hann halda musterinu við. En ef einhver er sá, er eigi gjöri þetta, mun gjöðjan annast það*».

FJÓRÐI KAPÍTULI.

1 1. Frá Kerasúnt hjeldu þeir fram ferðinni sjóleiðis, er 2 áður höfðu sjóleiðis farið, en hinir fóru landveg. 2. En er þeir voru komnir á landamæri Mossýnoika, senda þeir til þeirra Tímesípeos frá Trapezúnt, því að hann var vinur þeirra; spyrja Grikkir þá Mossýnoika, hvort þeir eigi heldur að fara um land þeirra, sem vinaland sje, eða sem óvinaland. Mossýnoikar kváðust eigi mundu hleypa þeim um lönd sín, því að þeir treystu 3 landvörnum sínum. 3. Tímesípeos segir Grikkjum þá frá, að þeir, er búi hinu megin, sjeu fjandmenn Mossýnoika. Var þá af ráðið, að kalla Mossýnoika til, og spyrja þá, hvort þeir vildu ganga í samband við Grikki. Tímesípeos var þá sendur 4 til þeirra, og kom hann aptur með höfðingja þeirra. 4. En er þeir komu, áttu þeir mót með sjer, höfðingjar Mossýnoika og hershöfðingjar Grikkja; talaði þá Xenófon af hendi Grikkja, en Tímesípeos túlkaði.

5 5. »Vjer viljum, Mossýnoikar, komast til Grikklands á fæti; því að vjer höfum eigi skip. En þeir menn tálma oss, sem 6 hjer búa, og vjer heyrum að sjeu fjandmenn yðrir. 6. Ef þjer því viljið, þá eigið þjer kost á, að fá oss í samband við yður, og hefna yðar, ef þessir menn hafa nokkru sinni sýnt yður nokkurn 7 ójöfnuð, og gjöra þá yður undirgefna framvegis. 7. En ef þjer

látið oss undan ganga, þá ihugið, hvaðan þjer munduð fá svo mikinn liðsafla, að berjast með yður». 8. Til þessa svaradi höfðingi Mossýnoika, að þeir bæði þekktust þetta og vildu gjöra samband við þá. 9. Xenófon mælti: »Til hvers æskið þjer þá að nota oss, ef vjer gjörumst bandamenn yðrir? og að hverju leyti eruð þjer þess megnugir, að styrkja oss að komast gegnum landið»? 10. Þeir mæltu: »Vjer getum ráðizt hinu megin inn í land fjandmanna vorra og yðvarra, og sent yður hingað bæði skip og menn, er berjast með yður og segi yður til leiðar«.

11. Höfðingar Mossýnoika veittu þá tryggðir að þessu, og tóku tryggðir hið sama, og hjeldu síðan á braut, en næsta dag komu Mossýnoikar aptur með þrjú hundruð báta, er allir voru eintrjaningar, og voru þrír menn á hverjum bát; stigu tveir þeirra á land og fylktu sjer, en einn var kyrr í hverjum bát. 12. Þeir, sem í bátunum voru, fóru braut með þá, en hinir urðu eptir og skutu á fylkingu þannig: þeir skipuðu sjer í flokka, hjer um bil hundruð manns í hverjum, og skipaði hver flokkurinn sjer andspænis öðrum, sem söngflokkar væru; þeir höfðu vandskildi, og var utan um skildina loðið nautsleður hvítt, og líktust þeir viðbendisblaði; en í hægri hendi höfðu þeir nær sex álna langt skotspjót, og stóð fram úr því járnbroddur, en á eptri enda skaptsins var hnúður. 13. Þeir voru í smákyrtlum, er eigi náðu lengra en niður undir knje, en þykkir voru þeir sem sekkstrigi; þeir höfðu leðurhjalma á höfðum, slíka sem hjalmar Paflagóna eru, og stóð hárskúfur upp úr þeim miðjum, mjög svo líkur perskum höfuðfaldi; þeir höfðu og járnaxir. 14. Því næst tók einn að ganga, en hinir fylgdu allir eptir syngjandi, og gengu eptir hljóðfalli; gengu þeir í gegnum raðir Grikkja og stórskjöldungana, og hjeldu þegar í mót óvinunum til virkis eins, er virtist vera auðteknast. 15. Virki þetta stóð fyrir framan bæ þann, er talinn var höfuðborg þeirra, og var þar hið rammgjörvasta virki Mossýnoika, og áttu þeir ófrið um virki þetta sín á milli, því að þeir, er virkið höfðu á valdi sínu, voru ávallt taldir drottnar allra Mossýnoika, og sögðu þeir menn, er nú voru með Grikkjum, að hinir hjeldu virkinu eigi rjettlega, því að það væri sameign þeirra; en þeir hefðu tekið það, og bæru fyrir því hærri hlut. 16. En nokkrir Grikkja fylgdu þeim og, eigi að boði hershöfðingjanna, heldur til að

ræna. Fjandmennirnir ljetu þá halda á fram um hrið, og hreifðu sig eigi; en er þeir komu í nánd við virkið, þustu þeir út, og reka þá á flóttu; drápu þeir og mikinn fjölda útlendinganna, og nokkra Grikkja, þeirra er með þeim höfðu farið upp undir virkið, og eltu þá, uns þeir sáu Grikki, er komu til liðs við
17 þá. 17. Hinir sneru þá við og fóru á braut; skáru þeir þá höfuðin af þeim, er fallið höfðu, og sýndu Grikkjum og fjandmönnum sínum, og stigu um leið dans eptir eins konar lagi, er þeir sungu.

18 18. Grikkjum sárnaði það næsta mjög, að þeir höfðu gjört fjandmennina hugrakkari, svo og það, að Grikkir, sem fjöldamargir höfðu fylgt bandamönnum þeirra, höfðu lagt á flóttu;
19 en það höfðu þeir aldrei áður gjört á herferðinni. 19. Xenófon stefndi þá Grikkjum saman og mælti: «Þjer skuluð alls eigi láta hugfallast, liðsmenn, sökum þess, sem gjörzt hefur; því að hjer er og nokkuð gott í efni, það er jafnast við
20 hið illa, sem orðið er. 20. Í fyrsta lagi er það, að þjer vitið, að þeir, sem eiga að vera leiðsagar vorir, eru reyndar fjandmenn þeirra manna, er vjer neyðumst og að eiga fjandskap við. Því næst er það, að Grikkir þeir, sem skeyttu eigi um fylkingaskipun vora, og þóttust færir um, að framkvæma hið sama með útlendingunum, sem með oss, þeir hafa fengið makleg málagjöld, svo að þeir munu síður fyrirláta fylkinga-
21 skipun vora aptur. 21. En yður ber að stilla svo til, að bæði þeim af útlendingunum, sem eru vinir vorir, virðist, að þjer sjeuð sjálfum þeim vaskari, og þjer sýnið það fjandmönnum yðurum, að þeir muni nú eigi berjast við aðra eins menn, og þeir börðust áður við, er þeir áttu við ófylkta menn.

22 22. Þennan dag hjeldu Grikkir þá þannig kyrru fyrir; en næsta dag færðu þeir fórnir, og fengu góðar spár; því næst gengu þeir til morgunverðar, og skipuðu síðanliðinu í langflokka; þeir skipuðu og útlendingunum á sama hátt í langflokka í vinstri fylkingararminn, og lögðu síðan á stað; bogmennirnir voru skipaðir á millum langflokkanna, og var lítið bil á millum
23 þeirra og öndverðrar fylkingar stórskjöldunganna. 23. Því að nokkrir af óvinunum hlupu fram, og köstuðu grjóti; en þeir voru ljettbúnir; en bogmennirnir tálmuðu þeim og ljettskjöldungarnir. Hinir gengu hægan gang, og stefndu fyrst að virki því, sem útlendingarnir höfðu verið reknir frá deginum áður,

og þeir, sem með þeim voru; því að þar höfðu óvinirnir fylkt sjer til viðtöku. 24. Útlendingarnir tóku þá á móti smáskjöldungunum, og börðust við þá; en er stórskjöldungarnir nálg-uðust, sneru þeir undan. Smáskjöldungarnir fylgdu þegar á eptir þeim, og ráku flóttann upp að höfuðborginni; en stór-skjöldungarnir fylgdu eptir í fylkingu. 25. En er þeir voru komnir upp að húsnum höfuðborgarinnar, söfnuðust allir óvin-irnir þar saman, og hófu orustu, og skutu skotspjótum; en þeir höfðu og önnur spjót, sem svo voru digur og löng, að einn maður fjekk naumast valdið; með þessum spjótum reyndu þeir að verjast í höggorustu. 26. En er Grikkir ljētu eigi undan hefjast, en gengu fast að, flúðu óvinirnir einnig þaðan, og fyrir-ljetu allir virkið. Konungur þeirra bjó í timburhúsi því, er stóð á meginvígínu; ala hann þar allir landsmenn sameiginlega, og geymir hann vígisins. Hann vildi eigi ganga út, nje heldur þeir, sem voru í virki því, er fyr var tekið, og voru þeir þar brenndir ásamt timburhúsunum. 27. En er Grikkir rændu virkin, fundu þeir í húsunum forða af brauðhleifum, er blaðið var upp, og voru ársgamlir, að því er Mossýnoikar sögðu, en hið nýja korn lá með kornstöngunum; en það var mest allt rúghveiti. 28. Þar fund-ust og stykki af höfrungakjöti, er saltað var niður í stórker, og höfrungafeiti í smákerum, en Mossýnoikar notuðu hana, sem Grikkir nota viðsmjör, en uppi á loptunum var mikið af sam-skeytalausum valhnotum. 29. Þessar hnetur höfðu þeir mest matar, og suðu þær, en bökðu brauð. Þar fannst og vín; virtist það rammt vera, er það var drukkið óblandað; en er það var blandað, var það ilmandi og sætt.

30. Grikkir snæddu þar morgunverð, og hjeldu síðan fram ferðinni, en gáfu virkið upp í vald Mossýnoikum þeim, sem með þeim höfðu verið. Öll önnur virki, er fjandmennirnir höfðu á valdi sínu, og Grikkir fóru fram hjá og auðteknust voru, yfirgáfu sumir Mossýnoikar, eða sumir gáfu þau sjálfviljuglega upp. En flest voru virkin þannig, sem nú skal greina. 31. Bœirnir voru átta tygi skeiðrúma hver frá öðrum, sumir meira, en sumir minna; og er bæjarbúar kölluðu hverjir til annara, heyrðu þeir kallið úr einum bæ í annan; svo var landið hátt og holt. 32. En er Grikkir voru komnir til vana sinna, sýndu þeir þeim nokkur ríkra manna börn, er voru vel alin, og voru þau fædd á soðnum línötum; voru þau næsta sælleg og hör-

undsbjört, og skorti lítið á, að þau væru eins digur, og þau voru há; á bökum þeirra og allt að framanverðu voru stungnar marglitar blómmyndir. 33. Landsmenn leituðust við að hafa samræði við fylgikonur þær, sem Grikkir höfðu með sjer, og það í allra augsýn, því að þetta var siður hjá þeim. Allt var fólkíð hörundsbjart, bæði karlar og konur. 34. Þeir menn, sem í herförinni voru, sögðu, að þetta væri hin siðlausasta þjóð, er þeir hefðu komið til á ferð sinni, og ólíkust Grikkjum í háttum sínum; því að þeir höfðust það að á mannamótum, er aðrir menn mundu gjöra í einrúmi, og eigi dirfast að gjöra annars, og þegar þeir voru einsamlir, höguðu þeir sjer, sem væru þeir með öðrum; þeir töluðu bæði við sjálfa sig, og hlógu, þótt þeir væru einir, og dönsuðu, hvar sem þeir voru staddir, eins og væru þeir að sýna sig fyrir öðrum.

FIMMTI KAPÍTULI.

1. Um þetta land, sem bæði óvinir þeirra byggðu og vinir, fóru Grikkir í átta áföngum, og koma til Kalýba. Þeir voru fámennir, og háðir Mossýnoikum, og var járnvinna atvinnuvegur flestra þeirra. 2. Þaðan halda Grikkir til Tibarena; en land Tibarena var miklu sljettara en landið áður, og höfðu þeir eigi eins rammgjör virki við sjó fram. Hershöfðingjarnir vildu gjarnan veita aðgöngu að virkjunum, og stuðla að því, að liðið hlyti einhverja hagsmuni; tóku þeir því eigi við gjöfum þeim, er komu frá Tibarenum, en buðu sendimönnum að biða, til þess er þeir hefðu ráðið ráðum sínum, og færðu því næst fórnir. 3. Og er þeir höfðu fórnað mörgum fórnum, lýstu allir blótgoðarnir því yfir að lokum, að goðin þekktust alls eigi ófriðinn; tóku þeir þá við gjöfunum, og fóru um landið á tveim dögum, sem væri það vinaland, og komu til Kotýóra; en það er grísk borg, og byggja hana nýlendumenn Sínope-manna, og stendur borgin í landi Tibarena. 4. Þangað fór liðið landveg. Vegalengdin frá orustustaðnum við Babýlon og allt norður til Kotýóra var hundrað tuttugu og tveir áfangar, sex hundruð og tuttugu perskar mílur, átján þúsundir og sex hundruð skeiðrúma, og höfðu þeir verið átta mánuði á leiðinni. 5. Í Kotýóra dvöldust þeir í fjörutíu og fimm daga. Á þessum tíma færðu þeir fyrst guðunum fórnir; því næst höfðu þeir helgigöngur, hver þjóðflokkur Grikkja út af

fyrir sig, og svo kappleiki. 6. Vistir tóku þeir sumpart úr Pafla- 6
goníu, og sumpart úr löndum Kotýóra-manna; því að Kotýóra-
menn bjeldu þeim eigi torg, og tóku eigi heldur sjúklinga þeirra
inn í bæinn.

7. Meðan Grikkir dvöldust þar, koma sendimenn frá Sínópe; 7
voru Sínópe-menn hræddir um Kotýóraborg, og landið, þar eð
þeir heyrðu, að það væri herjað; því að Sínópe-menn áttu bæ-
inn, og guldu bæjarmenn þeim skatt. Þá er sendimenn komu
til herbúðanna, tóku þeir þannig til máls; en sá hjet Hekatón-
nýmus, sem fyrir svörunum var, og var hann talinn mikill
mælskumaður:

8. »Sínópe-menn hafa sent oss, hermenn, bæði til að lofa 8
yður fyrir það, að þjer, sem eruð Grikkir, hafið sigrazt á útlend-
ingum, og því næst til að samfagna yður, að þjer eruð komnir
hingað með heilu og höldnu úr mörgum og ógurlegum hætt-
um, eptir því sem vjer heyrum sagt. 9. Með því að vjer erum 9
og sjálfir Grikkir, þykir oss viðurkvæmilegt, að vjer hljótum
eitthvað gott af yður, sem eruð einnig Grikkir, og sætum eigi
neinum óskunda af yður; því að vjer höfum aldrei gjört yður
nokkurt mein. 10. Kotýóra-búar þessir eru nýlendumenn vorir; 10
tókum vjer land þetta frá útlendingum og gáfum þeim, og sakir
þess gjalda þeir oss skatt þann, sem vjer höfum á þá lagt, og
sömuleiðis Kerasúnt-búar og Trapezúnt-menn; þessa vegna
ætla Sínópe-menn, að sjer sje gjört það illt, er þjer gjörið
þessum mönnum. 11. Nú heyrum vjer sagt, að nokkrir yðar 11
hafi ráðizt með ofbeldi inn í bæinn, og búi í húsunum, og
taki leyfislaust úr landinu, það er þjer þarfnizt. 12. Þetta 12
teljum vjer eigi rjettvíst; en ef þjer farið þessu fram, þá er
oss nauðugur einn kostur, að gjöra vináttu við Korýlas, Pafla-
goníu-menn, og hvern annan, er vjer getum«.

13. Nú reis Xenófon upp og mælti fyrir hönd liðsmanna: 13
»Vjer erum komnir hingað, Sínópe-menn, glaðir yfir því, að vjer
höfum frelsað líf vort og vopn; því að eigi var oss unnt, að
gjöra hvorttveggja í senn, að flytja herfang með oss, og berj-
ast við fjandmenn vora. 14. Og er vjer nú komum til hinna 14
grísku borga, keyptum vjer vistir í Trapezúnt; því að Trapezúnt-
menn bjeldu oss torg; og fyrir sóma þann, er þeir sýndu oss,
og gjafir þær, er þeir gáfu liðinu, höfum vjer sýnt þeim sóma
aptur á móti; og við þá af útlendingunum, er hafa verið þeim

vinveittir, höfum vjer hlífzt; en fjanðmönnum þeirra, sem þeir fóru sjálfir með oss í móti, gjörðum vjer allt það illt, er vjer mátt-
15 um. 15. Spyrjið þjer þessa menn, hvernig vjer höfum reynzt þeim; því að þeir menn eru hjer enn við staddir, sem borgar-
16 menn sendu með oss til leiðsagnar fyrir vináttu sakir. 16. En ef vjer komum einhverstaðar þar, að vjer fáum eigi vistir keyptar, hvort sem heldur er í landi útlendinga eða Grikkja,
17 þá tökum vjer þær, eigi af ágengni, heldur af nauðsyn. 17. Enda þótt Kardúkar og Taokar og Kalðaiar væru eigi þegnar konungsins, og væru næsta geigvænlegir, komumst vjer samt sem áður í óvináttu við þá, sökum þess, að nauður rak oss til,
18 að taka vistirnar, er þeir vildu eigi selja oss þær. 18. En þótt Makrónar aptur á móti væru útlendingar, töldum vjer þá þó með vinum vorum, og tókum ekkert af eigum þeirra með of-
ríki, þar eð þeir ljētu oss þær vistir falar til kaups, sem þeir gátu.

19. En ef vjer höfum tekið eitthvað frá Kotýórabúum, er þjer segið að sjeu yðrir menn, þá er það þeim sjálfum að kenna; því að þeim fórst eigi við oss sem vinum, heldur lokuðu þeir borghliðunum, og vildu hvorki leyfa oss inngöngu í borgina, nje heldur senda oss vistir til kaups utanborgar; en um þetta kenndu þeir jarli yðrum. 20. En þar sem þú segir, að vjer höfum ráðizt með ofbeldi inn í borgina, og sitjum þar, þá beiddum vjer þá, að taka hið sjúka liðið í hús sín; en er þeir luku eigi upp fyrir oss borghliðunum, þá hjeldum vjer inn í bæinn, sem leið lá, en beittum engu ofríki við þá, nema hvað sjúklingarnir búa í húsunum, en fæða sig sjálfir; vjer höfum og varðhöld á borghliðunum, svo að jarl yðvar hafi eigi vald á hinu sjúka liði voru, heldur sje það undir oss komið,
21 að flytja það burtu, þá er vjer viljum. 21. En aðrir vjer liggjum, eins og þjer sjáið, undir berum himni, hver á sínum stað, búnir þess, að gjöra vel við hvern þann, sem ferst vel við oss, en reka hvern þann af höndum oss, sem gjörir á hluta vorn.
22. Þar sem þú hafðir þau heityrði, að þjer munduð fá Korýlas og Paflagoníumenn í fjelag við yður gegn oss, ef yður litist svo, þá munum vjer jafnvel berjast við ykkur hvoratveggja, ef nauðsyn krefur; því að vjer höfum þegar áður barizt við aðrar þjóðir, margfalt fjölmennari en yður; eða vjer fáum og jarl-
23 inn í Paflagoníu í vináttu við oss, ef oss lízt svo; 23. því að

vjer heyrum sagt, að hann vilji ná borg yðvarri, og virkjum, er standa við sjó fram; munum vjer því hjálpa honum í því, er hann vill fram hafa, og reyna þannig að gjörast vinir hans».

24. Eptir þetta var auðsýnt, að hinum sendimönnunum, sem voru með Hekatónýmosi, þótti miður, það er hann hafði sagt; gekk þá annar af þeim fram, og mælti, að þeir væru eigi komnir til að kveykja ófrið, heldur til að sýna, að þeir væru vinir þeirra. «Og ef þjer komið til Sínópe-borgar, munum vjer þar taka við yður með gjöfum; en bæjarbúum hjer munum vjer nú bjóða, að láta yður fá það, er þeir geta; því að vjer sjáum, að það er allt satt, sem þjer segið». 25. Eptir þetta sendu bæði Kotýóra-búar Grikkjum gjafir, og hershöfðingjar Grikkja hjeldu sendimönnum Sínópe-búa veizlu sem gestavinum sínum; töluðust hvorirtveggja þá margt við og ræddu um það, er nauðsyn þótti til bera, og spurðust hershöfðingjar Grikkja þá auk annars fyrir um leið þá, er þeir áttu ófarna; áttu þeir og tal um það annað, er þeir þurftu, Grikkir og Sínópe-búar.

SJÖTTI KAPÍTULI.

1. Þannig endaði þessi dagurinn. Næsta dag stefndu hershöfðingjarnir liðsmönnum til þings, og rjeðu þeir þá af, að kalla fyrir sig Sínópe-menn, og ráðgast við þá um ferð þá, er þeir áttu fyrir höndum; því að ef þeir ættu að fara landveg, þá þótti þeim, sem Sínópe-menn mættu verða þeim til mikils gagns, með því að vera leiðsagar þeirra; því að þeir voru kunnugir í Paflagoníu; og ef þeir ættu að fara sjóleiðis, þóttust þeir við þurfa Sínópe-manna; því að þeir einir þóttu færir um, að afla liðinu nægra skipa. 2. Grikkir kölluðu því sendimennina fyrir sig, báru ráð sín saman við þá, og beiddu þá, með því að þeir væru menn grískir, að taka fyrst vel við sjer, þar eð þeir væru og Grikkir, með því, að vera þeim velviljaðir, og ráða þeim ráð þau, er vænst væru til heilla.

3. Þá stóð upp Hekatónýmos, og afsakaði sig fyrst um það, er hann hafði sagt, að þeir mundu gjöra sjer jarlinn í Paflagoníu að vini, og kvaðst hann eigi hafa mælt það í þeirri veru, að þeir mundu fara með ófrið á hendur Grikkjum, heldur til að sýna, að þeir mundu fremur kjósa vináttu Grikkja, þótt þeir ættu kost á, að gjörast vinir útlendinganna.

En er Grikkir skorðu á hann, að leggja sjer ráð, ákallaði
4 hann guðina og mælti þannig: 4. »Ef jeg legg yður þau ráð,
er mjer virðast bezt, þá óska jeg, að mjer hlotnist margt gott,
en ef jeg gjöri það eigi, þá hlotnist mjer það hið gagnstæða.
Því að mjer þykir sem helgi ráðlegginganna, sem svo er nefnd,
eigi hjer við; því að verði sú reyndin á, að jeg ráði yður
heilt, þá munu þeir margir vera, að lofi mig; en ef svo reyn-
5 ist, að jeg sje yður óheilráður, munu margir biðja mjer ó-
bæna. 5. Reyndar veit jeg, að vjer munum hafa miklu meira
ónæði og amstur, ef þjer farið sjóveg; því að vjer verðum að
afla skipanna; en ef þjer farið landveg, þá verðið þjer að
6 standa í bardögum. 6. Þó ber mjer að segja, það er mjer
býr í brjósti; því að jeg er bæði kunnugur landi Paflagoníu-
manna, og veit, hvað þeir eiga undir sjer. Í landinu er hvort-
7 tveggja, hinar fegurstu sljettur og afar-há fjöll. 7. Og fyrst
er þá það, að jeg veit einkar-vel, hvar fara verður inn í land-
ið; því að eigi verður annarstaðar komizt, en á millum hárra
fjalla-múla, er standa beggja vegna við veginn, og geta jafnvel
mjög fáir menn varið þá leið, ef fyrir eru; en ef her manns-
sæti þar fyrir, mundi eigi allt mannkynið þar um komast. Þetta
8 gæti jeg sýnt, ef þjer viljið senda einhvern með mjer. 8. Þá
veit jeg og, að þar eru sljettir vellir, og riddaralið, sem út-
lendingarnir sjálfir telja betra en allt riddaralið konungs. Og
nú fyrir skemmstu hlýddi lið þetta eigi bodi konungs, að koma
9 til hans; því að höfðingi þess er dramblátari en svo. 9. En
þótt þjer gætuð leynilega náð fjöllum þessum, eða orðið fyrri til
bragðs að taka þau, og sigrazt, er niður á sljetturnar kemur,
bæði á riddaraliðinu, og fótgönguliðinu, sem er yfir hundrað
og tuttugu þúsundir að tölu, þá komið þjer til fljótanna, og
er fyrst þeirra Þermódont; er það þriggja hundraða feta breitt;
tel jeg það mjög torvelt yfirferðar, einkum er fjöldi óvina
stendur fyrir, og margir sækja eptir. Annað fljótíð er Íris;
það er og þrjú hundruð feta á breidd; þriðja er Halýs; er
það eigi minna en tvö skeiðrúm á breidd, og megið þjer eigi
komast yfir það skipalaust; en hver er sá, er þau fá til? Svo
er og Parþeníos óvætt, því að yður mun bera að því, þótt þjer
10 kæmuzt yfir Halýs. 10. Jeg tel því landleiðina yður eigi torfæra,
heldur með öllu ófæra. En ef þjer farið sjóleiðis, þá getið þjer
haldið hjeðan til Sínope, og frá Sínope til Heraklesborgar, en

frá Heraklesborg er engin torfæra, hvorki á landi nje sjó; því að í Heraklesborg og er fjöldi skipa.»

11. En er hann hafði þetta mælt, uggðu nokkrir, að hann segði þetta sökum vináttu við Korýlas; því að hann var gistingavinur hans; en sumir ætluðu og, að hann vænti sjer gjafa fyrir ráð þetta; en nokkrir hugðu, að hann mælti þetta til þess, að Grikkir skyldu eigi fara landveg um land Sínópe-manna, og vinna þar hervirki. En Grikkir greiddu þá atkvæði fyrir því, að fara sjóleiðis. 12. Eptir það tók Xenófon til máls og mælti: »Liðsmenn hafa kosið, Sínópe-menn, að fara þá leið, sem þjer ráðið þeim; en þó er svo, að ef skipin verða nógu mörg, svo að enginn þurfi hjer eptir að verða, þá munum vjer fara sjóleiðina; en ef vjer eigum sumir eptir að verða, en sumir að eins að fara sjóveg, þá stígum vjer eigi á skipin. 13. Því að vjer vitum, að hvar sem helzt vjer verðum aflameiri, þar getum vjer bæði bjargað oss og haft vistir; en ef vjer verðum einhverstaðar aflaminni en fjandmenn vorir, þá er auðsýnt, að farið mun með oss sem þræla«. 14. Þá er sendimenn heyrðu þetta, báðu þeir Grikki, að senda menn með sjer; og senda þeir þá Kallímakos frá Arkadíu, Aristón frá Aþenuborg, og Samólas frá Akaiu; og fóru menn þessir með sendimönnum.

15. En á meðan á þessu stóð, er það af Xenófon að segja, að hann sá, að margir griskir stórskjöldungar, smáskjöldungar, bogmenn, slöngumenn og riddarar, allt hervanið lið og því hraust, voru saman komnir við hafid svarta, þar sem svo mikils liðs mundi eigi hafa aflað orðið með litlu fje; þótti honum það þá eitthvað fagurt, að þeir reistu þar bæ, og jykju með því lönd og veldi Grikklands. 16. Þótti honum, sem sú borg mundi mikil verða, er hann hugleiddi, hversu fjölmennir þeir sjálfir voru, svo og hvílikir þeir menn voru, er bjuggu um kring hafid svarta; kallaði hann þá fyrir sig Sílanos frá Ambrakíu, er verið hafði blótgoði Kýrosar, og blótaði, til að leita frjettar um þetta, áður en hann segði það nokkrum liðsmanna. 17. En Sílanos bar kvíðboga fyrir, að þetta mundi af verða, og liðið mundi taka sjer einhverstaðar bólfestu; lýstur hann þá upp þeim kvitt í herbúðunum, að Xenófon hafi það ráð með höndum, að liðið haldi þar kyrru fyrir og gjöri þar borg, og hann fái þannig aflað sjer sjálfum orðstírs og veldis. 18. En Sílanos vildi sjálfur komast sem fljótast til Grikklands; því að hann hafði enn óskertar

þær þrjár þúsundir Dareiospeninga, er hann fjekk hjá Kýrosi, þá er það reyndist satt, sem hann hafði við blótið spáð Kýrosi um hina tíu dagana. Þá er liðsmenn heyrðu um ráðdagjörð Xenófons, töldu sumir þeirra það hið snjallasta ráð, að setjast þar að, en allur þorrinn var því móthverfur.

- 19 19. Tímásión frá Dardanos og Þórax frá Boiótíu segja þá við kaupmenn nokkra, sem þar voru staddir, og voru frá Heraklesborg og Sínópe, að hætt væri við, að liðið, sem væri svo mikið, tæki sjer bólfestu við hafið svarta, nema því að eins, að þeir útveguðu því mála, svo að það gæti keypt sjer vistir, áður en það sigldi braut; «því að þetta er ráð Xenófons, og skorar hann á oss, að ávarpa þegar liðið þessum orðum, þá er skipin koma: 20. » «Nú sjáum vjer, góðir menn, að vjer erum ráðalausir, bæði að afla oss vista þeirra, er vjer þurfum á sjónum, og að gleðja vini vora, sem heima eru, er vjer þangað komum; en ef þjer viljið kjósa yður bústað einhverstaðar í byggðinni umhverfis hafið svarta, og halda þangað, sem hver vill, en lofa þeim, er vill, að halda heim, en þeim að vera hjer kyrrum, sem það vill, þá hafið þjer skip, svo að þjer getið skjótlega farið þangað, sem þjer viljið». 21. Þegar kaupmenn heyrðu þetta, sögðu þeir það þegar borgarmönnum; Tímásión frá Dardanos sendi með þeim Eifrymakos frá Dardanos og Þórax frá Boiótíu, og skyldu þeir segja hið sama. Þegar Sínópe-búar og Herakleiu-menn heyrðu þetta, senda þeir til Tímásións, og bjóða honum fje til að sjá um, að liðið sigli burtu. 22. En hann varð glaður við, er hann heyrði þessi boð, og mælir þannig til liðsins á samkomu einni: «Vjer eigum eigi, góðir liðsmenn, að hugsa um, að taka oss hjer bólfestu, nje meta nokkuð meira en Grikkland. En jeg heyri þann pata, að sumir sjeu að blóta, til að leita frjettar um þetta mál, en segi yður eigi frá. 23. En ef þjer siglið braut, þá lofa jeg yður, að greiða yður mála upp frá næsta nýi, Kýziospening hverjum um mánuðinn; og jeg skal fylgja yður til Tróas; því að jeg er þaðan, og hef verið útlagi gjör; mun fœðingarbær minn verða yður liðsinnandi; því að bæjarmenn munu fúslega taka við mjer. 24. Jeg skal og sjálfur segja yður leið þangað, er þjer getið fengið mikla fjármuni. Jeg er kunnugur í Aiolis, Frygiu, Tróas, og öllu ríki Farnabazosar, bæði sökum þess, að jeg er þaðan ættaður, og sökum þess,

að jeg var þar í hernaði með þeim Klearkosi og Derkyllidas“. 25. Þá stóð aptur upp Þórax frá Boiótíu; hann hafði ávallt deilt við Xenófon um herforustuna. Hann sagði, að er þeir kœmu út úr hafinu svarta, þá yrði fyrir þeim Kerros-skagi, fagurt land og auðugt, og þar gæti sá tekið sjer bólfestu, er vildi, en sá, er það vildi eigi, hann gæti haldið heim. En hann kvað það og hlægilegt, að leita sjer landnáms í löndum útlendinga, er nóg væri land og frjótt í Grikklandi. 26. »En uns þjer komizt þangað«, mælti hann, »lofa jeg yður málanum, eins og Tímasión«.

Þessum orðum mælti hann, með því að hann vissi, hverju Herakleiu-menn hjetu Tímasión, ef Grikkir sigldu burtu. 27. Xenófon þagði, meðan þessu fór fram. Þá stóðu þeir upp, Fílesíos og Lýkón, og voru þeir báðir frá Akaiu; töluðu þeir um, hve voðalegt það væri, að Xenófon skyldi af sjálfsdáðum telja þá á, að setjast að þar í landi, og blóta í þessu skyni, en bera það þó eigi undir liðið, nje tala neitt um það við almenning. Xenófon var því nauðbeygður til, að standa upp og taka til máls, og mælti hann svo:

28. »Jeg fœri guðunum fórnir, liðsmenn, eins og þjer sjáið, eptir því sem jeg hef fõng á, til að leita vjefrjetta, bæði um yður og sjálfan mig, svo að jeg bæði segi, hugsji og gjõri það, er yður verði til mests sóma og gagns, og mjer einnig. Og nú blótaði jeg til frjettar beint um það, hvort betra væri, að inna til við yður um þetta mál, og reyna að koma því fram, eða alls eigi fást við það. 29. En blótgoðinn Sílanos svaraði mjer því, að blótin spáðu góðu í aðalatriðunum; því að hann vissi, að jeg var og eigi ókunnur blótspám, sökum þess, að jeg er ávallt við staddur blótin; en hann sagði, að á blótunum mætti sjá vjel og svikráð við mig; því að hann vissi, að hann sætti fœri sjálfur, að rægja mig við yður. Hann kveykti sjálfur þann kvitt, að jeg hefði í hyggju, að koma þessu fram, án þess að leita yðar samþykkis til. 30. En ef jeg sæi, að þjer væruð í nauðum staddir, fœri jeg að hugleiða, hvernig verða mætti, að þjer næðuð borg nokkurri, og gæti svo hver sá, er vildi, siglt þegar á brott, en sá, er það vildi eigi, mætti þá á brott sigla, er hann hefði aflað sjer nægs fjár, til að liðsinna ættingjum sínum. 31. En er jeg nú sje, að Herakleiu-menn og Sínope-búar senda yður skip til að sigla burtu á, og sumir

heita yður mála frá næsta nýi, þá þykir mjer ágætt, að komast með heilu og höldnu þangað, sem vjer viljum komast, og taka laun auk frelsis vors. Jeg sleppi þá fyrirætlun minni, og hygg, að þeir eigi og að sleppa ætlun sinni, er til mín komu, og sögðu, að þetta bæri að gjöra. 32. Min ætlun er þessi: svo lengi sem þjer eruð margir saman, eins og nú, þykir mjer, sem þjer bæði munið mikils metnir, og munið hafa vistir; því að sigrinum fylgir og kosturinn, að taka frá þeim, er minna mega; en ef þjer sundrirt, og afli yðvar skiptist í smádeildir, getið þjer hvorki fengið vistir, nje komizt burtu með góðu móti. 33. Mjer sýnist því hið sama, sem yður, að halda til Grikklands; og ef einhver verður eptir, eða verður staðinn að því, að hann vilji yfirgefa liðið, áður en því er óhætt, þá sje hann ákærður, sem væri hann illræðismaður. Og hver sá, mælti hann, »er þetta sýnist, hann rjetti upp höndina«. Allir rjettu upp höndina. 34. En Silanos æpti upp, og vildi sýna fram á, hversu sanngjarnt það væri, að hver sá mætti burtu halda, er það vildi. En liðsmenn ljetu hann eigi ná að tala, en hótudu, að þeir skyldu hegna honum, ef hann vildi hlaupast burtu, og þeir næðu honum. 35. Þá er Herakleiu-menn spurðu, að Grikkir hefðu ráðið af, að sigla braut, og Xenófon hefði sjálfur látið ganga til atkvæða um það, senda þeir skipin, en málafeð, er þeir hjetu Tímasión og Þóraxi, um það prettuðust þeir. 36. Þeim mönnum, er lofað höfðu málanum, hnykkti þá við, og óttuðust þeir liðið; tóku þeir þá hina hershöfðingjana með sjer, er þeir höfðu borið það undir, er þeir áður gjörðu; en það voru allir, nema Neón frá Asíne; en hann hafði undirherstjórn hjá Keirísososi; en Keirísosfos var enn eigi kominn; koma þeir þá, Tímasión og Þórax, til Xenófons, og segja, að þá iðri ráðs síns, og þeim þyki bezt, að sigla til Fasis, úr því að skip sjeu fyrir hendi, og taka land Fasisbúa. Sonarsonur Aietesar var þá konungur þeirra. 37. Xenófon svaraði, og kvaðst eigi mundu bera upp fyrir liðinu neitt af þessu; »en stefnið þjer liðinu til móts«, sagði hann, »og berið þetta upp fyrir því, ef þjer viljið«. Þá lætur Tímasión frá Dardanos þá ætlun sína í ljósi, að eigi skuli til þings stefna, heldur skuli þeir reyna, að tala upp, hver fyrir sig, sína hundraðshöfðingja; gengu þeir þá burtu, og gjörðu svo.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

1. Liðsmenn fengu njósn um, að þetta var í ráði, og segir Neón þeim, að Xenófon hafi fengið hina aðra hershöfðingja á sitt mál, og hafi í hyggju, að beita liðsmenn brögðum, og halda með þá aptur til Fasis. 2. En er liðsmenn heyrðu þetta, undu þeir því illa; gjörðust þá flokkadrættir með liðsmönnum, og stóðu þeir í hópum, og vöktu mikinn kvíða fyrir, að þeir mundu fara eins að, og þeir fóru að við kallara Kolkis-manna og torgstjórana; þeir grýttu þá alla, nema þá, sem flúðu til sjávar. 3. En er Xenófon varð þessa áskynja, þótti honum rjettast, að stefna liðsmönnum til þings sem fljótast, og láta þá eigi þyrpast saman af sjálfdáðum, og bauð hann kallaranum, að stefna til þings. 4. En er liðsmenn heyrðu til kallarans, þrustu þeir mjög fúslega saman. Xenófon minntist þá eigi á, að hershöfðingjarnir höfðu komið til hans, en tekur þannig til máls:

5. »Góðir liðsmenn, jeg heyri sagt, að sumir sjeu að bakbíta mig fyrir það, að jeg beiti yður brögðum, og vilji fara með yður til Fasis. Hlýðið þá fyrir guðanna sakir á orð mín, og verði jeg ber að einhverjum misgjörningi, þá ber mjer eigi að komast hjeðan, fyr en jeg hef sætt maklegri hegningu; en ef yður þykir, sem þeir gjöri mjer rangt til, er rægja mig, þá farið með þá, eins og þeir hafa til unnið. 6. En þjer vitið þó víst vel«, kvað hann, »hvar sólin kemur upp, og hvar hún rennur til viðar, og ef einhver ætlar að halda til Grikklands, að hann verður að halda í vestur; en ef einhver vill halda til útlendinganna, að hann verður þvert á móti að stefna í austur. Er þá nokkur sá, er gæti blekkt yður svo, að þjer tryðuð því, að sólin renni þar til viðar, er hún kemur upp, en komi þar upp, er hún rennur til viðar? 7. En þjer vitið það og, að norðanvindurinn ber út úr hafinu svarta til Grikklands, en sunnanvindurinn inn á við til Fasis; og þegar á norðan blæs, þá segið þjer að góður byr sje til Grikklands. Er þá unnt, að nokkur geti tælt yður til, að stíga á skip, þá er vindurinn er á sunnan? 8. En gjörum svo ráð fyrir, að jeg ljeti yður stíga á skip, þá er logn væri; mun jeg þá eigi hafa að eins eitt skip til brautsiglingar, þar sem þjer að minnsta kosti hefðu hundrad? Hvernig ætti jeg þá að geta neytt yður til, að sigla með mjer móti vilja yðar, eða tælt yður til, að fara með

9 mjer? 9. Jeg gjöri ráð fyrir, að jeg gæti beitt yður þeim brögðum, eða tryllt yður svo, að þjer kæmust til Fasis, og þar mundum vjer þá stíga á land; sannlega munduð þjer þá verða þess vísir, að þjer væruð eigi í Grikklandi; jeg, sem hefði beitt yður þessum brögðum, yrði einn, en þjer, sem tældir væruð, því nær tíu þúsundir vopnaðra manna. Hvernig gæti þá nokkur einn maður fremur sætt hegningu, en sá, er sæi svo illa ráð bæði fyrir sjálfum sjer og yður?

10 10. En þetta eru orð heimskra manna, og þeirra, er öfunda mig, sökum þess að jeg er virtur af yður. Og þó mun það eigi rjett af þeim, að öfunda mig; því að hverjum þeirra aprta jeg frá, að leggja yður eitthvert heilræði, ef hann getur, eða að berjast fyrir yður og sjálfan sig, ef hann vill, eða að ala önn fyrir óhultleik yðar, ef einhver vill það gjöra? Legg jeg þá tálma fyrir nokkurn mann, er þjer kjósið yður fyrirliða? Takist einhver annar herstjórnina á hendur; jeg legg þar til leyfi mitt; en láti hann það einungis sjást, að hann vinni yður eitthvert gagn. 11. Jeg hef þá talað nóg um þetta; en ef einhver yðar ætlar, að hann annaðhvort sjálfur hafi verið blektur í þessu efni, eða að hann hafi blekkt einhvern annan, þá taki hann til máls og segi til þess. 12. En er þjer fáíð þetta mál nóg samlega rætt, þá gangið þó eigi fyr í burt hjeðan, en þjer heyríð um atvik eitt, er jeg sje að hefist með liðsmönnum; því að ef það læsir sig út, og svo fer, sem virðist, þá er mál fyrir oss, að hugsa um sjálfa oss, að vjer reynumst eigi sem hinir vestu menn og mestu niðingar, bæði fyrir guðum og mönnum, og það bæði fyrir vinum og óvinum, og verðum svo fyrir-
litnir«.

13 13. Þá er liðsmenn heyrðu þetta, skildu þeir eigi, hvað þetta gæti verið, og skoruðu á Xenófon að segja, hvað hann ætti við. Hann tekur þá aptur til máls og mælir svo: »Þjer vitið líklega, að í fjöllunum voru hjeruð nokkur, er útlendingar byggja, og voru þeir vinveittir Kerasúnt-búum; þaðan komu nokkrir menn niður til vor, og seldu oss blótdýr, og það annað, sem þeir höfðu; jeg ætla og, að nokkrir yðar færu til hins næsta þorps þeirra, keyptu þar sitt hvað, og hyrfu síðan aptur. 14. Þá er hundraðshöfðinginn Klearetos fjekk að vita, að þorp þetta var bæði lítið og varnarlaust fyrir, með því að íbúar töldu það vera í vinalandi, heldur hann þangað um nótt til rána, en sagði

engum af oss frá; 15. hafði hann hugsað sjer, ef hann ynni 15
þorpið, að snúa eigi aptur til liðsins, en stíga á skip það, sem
tjaldnautar hans sigldu með landi fram, og hafa með sjer her-
fangið, ef hann annars fengi nokkurt, og sigla síðan út úr haf-
inu svarta. Nú verð jeg þess vís, að tjaldnautar hans, sem á 16
stefndi þeim því öllum til sín, er hann gat talað upp til þessa,
og hjelt með þá til þorpsins. En hann dagar uppi á leiðinni;
safnast þá íbúarnir saman, og skjóta á þá frá virkjum nokkr-
um, og höggva; vega þeir þar Klearetos og marga hinna; en
nokkrir þeirra komast til Kerasúnt. 17. Þetta gjörðist sama 17
daginn, og vjer hjeldum hingað landveg; þá voru enn nokkrir
þeirra í Kerasúnt, er sjóleiðis fóru, og höfðu enn eigi lagt úr
læggi.

Eptir þetta, segja Kerasúnt-búar, koma þrír aldraðir menn
úr þorpinu, og beiðast að mega ganga á ráðstefnu með oss. 18
18. En er þeir náðu oss eigi, sögðu þeir Kerasúnt-mönnum, 18
að þá furðaði á því, hvað oss hefði gengið til, að leita á þá.
En er Kerasúnt-menn kváðust hafa skýrt þeim frá, að þetta verk
hefði eigi unnið verið eptir sameiginlegu ráði, þá hefðu sendi-
menn orðið glaðir við, og viljað sigla hingað, til að segja oss,
hvað gjörzt hafði, og sagt, að þeir, sem vildu, skyldu taka lík-
in og grafa þau. 19. Nú hefði svo viljað til, að nokkrir af 19
Grikkjum þeim, er undan hefðu komizt, hefðu enn verið í
Kerasúnt; en er þeir urðu þess vísir, hverja leið útlendingarnir
hjeldu, gjörðust þeir bæði sjálfir svo djarfir, að þeir köstuðu
grjóti á þá, og eggjuðu hið sama aðra til þess; og eru þá
hinir þrír sendimenn grýttir í hel.

20. Þá er svona var komið, koma Kerasúntmenn til vor, 20
og segja frá atvikum; og er vjer, hershöfðingjarnir, spurðum
þetta, varð oss gramt í geði, og bárum ráð vor saman við
Kerasúnt-búa, hvernig lík Grikkja þeirra, er fallið höfðu, yrðu
grafin 21. En meðan vjer siljum á ráðstefnu þessari fyrir ut- 21
an herbúðirnar, heyrum vjer allt í einu háreysti mikið, og var
sagt: »Höggðu, höggðu; kastaðu, kastaðu«, og að vörmu spori
sjáum vjer, að margir hlaupa að með steina í höndum, en
sumir eru að taka upp grjót. 22. Með því að Kerasúnt-búar höfðu 22
sjeð, hvað fram hafði farið heima hjá þeim, urðu þeir felmts-
fullir, og hlaupa á skip. 23. Nokkrum af oss skaut og sann- 23

lega skelk í bringu. Jeg gekk þá til þeirra, og spurði, hvað um væri að vera; en sumir þeirra vissu ekkert, og höfðu þó steina í höndum. Loksins hitti jeg einhvern, er vissi, hvað um var, og segir hann mjer, að torgstjórarnir breyti næsta
24 voðalega við liðið. 24. Og í þessu bili sjer einhver torgstjór-
ann Zelarkos, þar sem hann stefnir niður til sjávar, og æpti maðurinn upp yfir sig. En er hinir heyrðu það, skunda þeir
25 eptir honum, eins og þeir hefðu sjeð villigölt eða hjórt. 25. En þá er Kerasúnt-búar sáu, að liðsmenn veittu þeim eptirför, þykir þeim það víst, að þeir ætli að ráðast á sig; hafa þeir þá á rás undan, og fleygja sjer í sjóinn. Nokkrir vorra manna köstuðu sjer og í sjóinn, og drukknaði hver sá, er eigi var syndur.
26 26. Og hvað hugsið þjer um þessa menn? Þeir gjörðu oss ekkert mein, en óttuðust, að æði hefði að oss komið, sem hundum.

Ef þessu þá heldur á fram, þá hugleiðið, hver verður
27 hagar liðs vors. 27. Þjer munuð eigi vera þess færir, þótt þjer leggizt allir á eitt, að hefja ófrið við þann, sem þjer viljið, eða semja frið; en hver einstakur maður, er vill, mun geta farið með liðið til hvers, sem hann vill. Og ef nokkrir sendimenn koma til yðar, og beiðast friðar, eða einhvers annars, þá munu hverjir, sem vilja, drepa þá, og láta yður eigi ná að
28 heyra erindi þeirra. 28. Því næst er það, að fyrirliðar þeir, sem þjer kjósið sameiginlega, munu einskis metnir; en hver sá, er gjörist sjálfur hershöfðingi, og vill segja: »Kastaðu, kastaðu«, sá hinn sami getur án dóms og laga drepíð hvern þann af yður, sem hann vill, hvort heldur er fyrirliði eða óbreyttur liðsmaður, ef nokkrir vilja hlýða honum, eins og nú varð
29 reyndin á. 29. Íhugið, hverju þessir sjálfkjörnu hershöfðingjar hafa á orkað fyrir yður; því að ef Zelarkos torgstjóri hefur gjört yður rangt til, þá siglir hann nú burt, svo að honum hefur eigi hegnt verið; en ef hann hefur eigi haft nein rangindi í frammi við yður, þá flýr hann frá hernum af ótta fyrir, að hann muni
30 ranglega láta líf sitt, án dóms og laga. 30. Þeir sem grýttu sendimennina, hafa valdið því, að þjer eruð hinir einu af Grikkjum, er eigi sje óhætt að koma til Kerasúnt, nema því að eins, að þjer komið með liðsafa. Þeir hafa og valdið því, að þjer getið nú jafnvel eigi látið kallara hættulaust taka lík þau, sem sjálfir vegendurnir áður buðu yður að jarða; því að hver mun

vilja gjörast kallari, er sjálfur hefur drepið kallara? 31. En 31
vjer höfum nú beðið Kerasúnt-búa að jarða líkin. Ef þetta er
þá rjett og gott, þá skuluð þjer kveða svo á, svo að hver haldi
vörð á sjálfum sjer, með því að slíkt mun síðar meir að hönd-
um bera, og reyna til, að ná góðu vígi, og setjast þar. 32. 32
En ef yður virðist, að þess konar athæsi sje sæmandi villidýr-
um, en eigi mönnum, þá sinnið eitthvert ráð, til að reisa
skorður við slíku. En ef þjer gjörið það eigi, hvernig munum
vjer þá — jeg skýt því til Seifs — fá fært guðunum þakknæmar
fórnir, er vjer höfumst að guðleysis-verk? eða hversu munum vjer
fá barizt við fjandmenn vora, ef vjer drepum hver annan? 33. 33
Hvaða vinaborg mun enn fremur við oss taka, sú er sjer slíkt
lagaleysi hjá oss? Og hver mun með öruggu geði flytja oss
vistir, ef vjer gjörum oss bera að því, að vjer hrjótum svo hin
helgustu rjettindi? Og þar sem vjer væntum oss lofs og hród-
urs af hverjum manni, hver mundi þá verða til að lofa oss, er
vjer högum oss svo? Jeg veit víst, að vjer mundum kalla þá
menn illa, er slíkt hefðust að.

34. Eptir þetta stóðu allir upp, og sögðu, að frumkvöðl- 34
um þessa skyldi hegna, og framvegis mætti það eigi leyf-
ast, að hefja nokkurs konar lagaleysi; en ef nokkur byrjaði á
því, skyldi þá menn til dauða leiða; svo skyldi og öllum hers-
höfðingjunum stefnt til dóms, og hver önnur rangindi dæmd,
er framin hefðu verið, frá því er Kýros fjell; en hundraðshöfð-
ingjana settu þeir til dómara. Eptir áeggjun Xenófons og
ráðum blótgoðanna var af ráðið, að hreinsa liðið, og var það
gjört.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

1. Það var og af ráðið, að hershöfðingjarnir skyldu gjöra 1
grein fyrir því, sem liðið væri. Og er þeir gjörðu það, voru
þeir Filesios og Xanþikles dæmdir útlagir um tuttugu mínur í
skaðabætur fyrir rýrnun á förmum þeim, er þeir skyldu gæta;
en Sofainetos skyldi gjalda tíu mínur sökum hirðuleysis í her-
forustu þeirri, er hann hafði verið til kjörinn. Nokkrir báru
sakir á Xenófon, og sögðu, að hann berði þá, og kærðu hann
um það, að hann beitti hroka við þá. 2. Xenófon stóð þá 2
upp, og bauð þeim fyrst, er fyrst hafði hafið máls á þessu, að
segja, hvar hann hefði verið bariun. En hann svaraði: »Þar sem

við sjálft lá, að vjer mundum frjósa í hel, og snjórinn var
3 mestur«. 3. Xenófon mælti: »Ef jeg hef sýnt hroka af mjer í
vetrarkulda þeim, er þú talar um, þá er vistir voru þrotnar,
og eigi varð þefur fundinn af víni, og margir gáfust upp af
áreynslu, og fjandmennirnir fylgdu á hæla oss, ef jeg hef þá
4 sýnt hroka af mjer, játa jeg, að jeg sje óhemjulegri en asnar,
sem sagt er um að kergi komi í við illa meðferð. 4. En
segðu þó«, kvað hann, »af hverjum sökum þú varst barinn.
Beiddi jeg þig um nokkuð, og barði þig svo, er þú vildir eigi
gefa mjer það? eða heimtaði jeg nokkuð af þjer? eða deildi
jeg við þig um uppáhald þitt? eða gjörði jeg nokkuð á hluta
5 þinn í ölæði?« 5. Maðurinn sagði, að ekkert af þessu hefði
verið; spurði þá Xenófon hann, hvort hann væri í liði stór-
skjöldunganna. Hinn kvað nei við. Xenófon spurði hann þá
aptur, hvort hann væri einn af smáskjöldungunum. Hann kvað
það heldur eigi vera, en sagði, að tjaldnautar hans hefðu lagt
fyrir hann, að reka mül einn, og kvaðst hann þó vera frjáls
6 maður. Þá kannast Xenófon við hann, og spurði: 6. »Ert þú
það, er fluttir hinn veika mann?« »Já, víst var svo«, kvað
hann; »því að þú neyddir mig til þess, en fleygðir farangri
7 tjaldnauta minna viðs vegar«. 7. »En þessi sundrung«, mælti
Xenófon, »varð á þann hátt, sem nú skal greina; jeg skipti
farangrinum á millum annara til flutnings, og bauð þeim, að
koma með hann til mín; og er jeg hafði tekið við því aptur,
seldi jeg þjer það allt óskert í hendur, þá er þú hafðir sýnt
mjer manninn. En heyrið nú«, kvað hann, »hvornig á þessu
stóð; það er sannlega þess vert.

8. Maður nokkur varð eptir, sökum þess að hann mátti
eigi ganga lengur. Jeg þekkti manninn einungis að því, að
hann var einn af oss; þröngdi jeg þjer, að koma honum á fram,
svo að hann dæi eigi; því að fjandmennirnir voru á hælum oss,
9 að því er jeg ætla«. Þetta játaði og maðurinn. 9. »Jeg ljét
þig þá fara á undan«, mælti Xenófon, »en rekst jeg þá eigi
fram á þig aptur, er jeg kem með apturverðina, þar sem þú
ert að grafa gröf, til að jarða manninn í? og nam jeg þá eigi
10 staðar og hældi þjer? 10. En er maðurinn beygði á sjer fót-
inn að oss viðstöddum, kölluðu þeir, er við voru, að hann væri
lifandi; en þú sagðir: »Hann má vera svo lifandi, sem hann
vill; því að jeg ber hann eigi«. Þá sló jeg þig; það segir þú

satt; því að jeg þóttist sjá, að þú vissir, að maðurinn var lifandi«. 11. »Hvað um það?« mælti hinu; »dó hann að síður fyrir það, þá er jeg sýndi þjer hann?« »Vjer eigum nú allir eitt sinn að deyja«, mælti Xenófon; »en á þá að kviksetja oss, þótt svo sje?« 12. Þá æptu allir upp, að Xenófon hefði barið þennan mann of lítið. Xenófon bauð þá hinum öðrum að segja, hvers vegna hver hefði verið sleginn. En þeir stóðu eigi upp, og tók hann þá sjálfur til máls og mælti svo:

13. »Góðir menn, jeg játa það, að jeg hef slegið marga liðsmanna sökum óreglu þeirra, þá er ljetu sjer það nægja, að frelsast fyrir aðgjörðir yðar, er bæði genguð í fylkingu, og börðuzt, þar er þess þurfti við, en hlupu sjálfir úr fylkingu og fóru á undan, og vildu ræna, og taka meira blutskipti en þjer. En ef vjer hefðum allir farið svo að ráði voru, mundum vjer allir farizt hafa. 14. Jeg barði enn fremur nokkra þá, er sýndu af sjer bleyðiskap, og vildu eigi rísa á fætur, en gefast á vald fjandmönnum, og þröngvaði jeg þeim til, að halda fram ferðinni; því að einhverju sinni var það í hinu mikla illviðri, að jeg beið eptir mönnum nokkrum, er voru að taka plögg sín saman, og sat jeg langa hríð; en þá fann jeg, að jeg með naumindum gat staðið upp og rjett frá mjer fæturna. 15. Með því að jeg hafði fengið raun þessa á sjálfum mjer, rak jeg hvern þann á fram, er jeg sá sitja með deysfð og drunga; því að hreifingin og áreyuslan vakti eins konar hita og mjúkleika, en kyrrsetan og hreifingarleysið sá jeg að olli bæði því, að blóðið storknar, og tærnar kelur af, og vitið þjer, að margir hafa slíkt reynt. 16. Aðra þá, er sümuleiðis drógust einhverstaðar aptur úr sökum ómennsku, og tálmuðu bæði ferð yðar, sem á undan fóruð, og vorri, er síðar fórum, sló jeg með hnefanum, svo að þeir yrðu eigi lostnir spjótum af fjandmönnum. 17. Þeir geta þá og stefnt mjer til sektar, nú er þeir eru komnir úr háskanum, ef þeir hafa sætt einhverju ranglæti af mjer. En ef þeir hefðu komizt í hendur fjandmönnum, hve miklum rangindum hefðu þeir þá svo sætt af þeim, að þeir hefðu beiðzt bóta fyrir?

18. »Orð mín eru hreinskilin«, kvað hann, »því að ef jeg hef refsað einhverjum honum sjálfum til góðs, virði jeg svo, sem jeg eigi að sæta sömu refsingu, sem foreldrar af sonum sínum og kennendur af lærisveinum. Læknar skera einnig og

19 brenna til góðs. 19. En ef þjer ætlið, að jeg hafi gjört þetta af broka, þá ihugið, að jeg er nú fyrir fulltingi guðanna hughraustari heldur en jeg þá var, og hugrakkari nú en þá, og drekk meira vín, en þó slæ jeg engan; því að jeg sje, að yður er nú óhætt. 20. En er óveður er, eða stjórsgjóir ríða að, sjáið þjer þá eigi, að stafnbúi firrtist við frambyggja jafnvel sökum einnar bendingar, og skipstjórnarmaður við apturbyggja? því að í þess konar efnum eru smá-yfirsjónir nægar til að spilla öllu. 21. Þjer lögðuð og sjálfir þann úrskurð á, að jeg berði þá eigi um skör fram; þjer stóðuð hjá, og höfðuð sverð í höndum, en eigi atkvæðasteina, og þjer áttuð þess kost, að hjálpa þeim, ef þjer hefðuð viljað; en jeg sver þess við Seif, að þjer hvorki hjálpuðuð þeim, nje börðuð þann með mjer, er óregluna gjörði. 22. Þess vegna hafið þjer samþykkt illvirkjum þeirra, með því að þjer þolduð þeim þrjúzku þeirra; því að ef þjer viljið skoða huga yðar um, þá ætla jeg, að þjer munið sjá, að það eru sömu mennirnir, sem þá voru bleyðimannlegastir, og nú eru brokafyllstir. 23. Hnefleikamaðurinn Boiskos frá Þessalíu hafði sig þá undan, að bera skjöld sinn, og barði því við, að hann væri veikur, en nú hefur hann þegar flett marga Kotýóra-búa klæðum sínum, eptir því sem jeg heyri sagt. 24. Ef þjer því viljið fara skynsamlega að ráði yðru, eigið þjer að fara með þennan mann gagnstøtt því, sem farið er með hundana; því að grimmir hundar eru bundnir um daga, en á nóttum er þeim slegið lausum; en ef þjer viljið bera yður hyggilega að, þá eigið þjer að binda þennan mann á næturnar, en slá honum lausum um daga. 25. En ef einhverjum yðar hefur líkað illa við mig, kvað hann, »þá furðar mig, að þjer skulið minnst á það, og eigi þegja yfir því; en þótt jeg hafi annaðhvort hjálpað einhverjum í gegn kuldanum, eða stökkt fjandmönnum frá, eða liðsinnt einhverjum sjúkum eða nauðstöddum, á það minnst enginn; eigi getið þjer heldur þess, þótt jeg hafi hœlt einhverjum, er hegðuðu sjer vel, eða sýnt dugandi mönnum þann sóma, sem í mínu valdi stóð. 26. En sannlega er það fagurt, rjettvíst, sanngjarnt, og unaðsamara, að minnst fremur þess, sem vel er gjört, en hins, sem illa er gjört. Eptir það stóðu þeir upp, og minntust þess, er vel hafði gjört verið; og varð sá endir á, að vel fór.

NÍUNDI KAPÍTULI.

1. Eptir þetta lifðu sumir, meðan þeir dvöldu þar, á því, 1
er þeir keyptu á torgi, en sumir á ránsfeng úr Paflagoníu. En
Paflagónar hrifsuðu og næsta mjög frá þeim, er á sundrungu
voru, og á næturnar reyndu þeir, að bekkjast til við þá, er
tjaldað höfðu álangdar frá meginliðinu, og sökum þessa sýndu
þeir hvorir öðrum allan fjandskap. 2. En Korýlas, sem þá var 2
jarl í Paflagoníu, gjörir menn til Grikkja; voru þeir riðandi, og
höfðu fagrar kápur; áttu sendimenn þessir að segja, að Korý-
las væri þess búinn, að gjöra Grikkjum eigi mein, ef þeir
gjörðu honum eigi heldur mein. 3. En hershöfðingjarnir svör- 3
uðu, að þeir mundu ráðgast um þetta við liðið, en sendimön-
num sjálfum hjeldu þeir veizlu, en þeir buðu og þeim öðrum,
er þeim þóttu þess verðastir. 4. Skáru þeir þá nokkur naut 4
af hinum hernumdu dýrum og önnur skurðardýr, og veittu vel;
lágu þeir á laufbingjum, er þeir mötudust, og drukku af horn-
bikurum, er þeir hittu þar í landi.

5. En er dreypifórnum var lokið, og þeir höfðu sungið 5
lofsöng, risu Þrakverjar fyrstir upp, og stigu dans eptir hljóð-
pípu; voru þeir vopnaðir; stukku þeir hátt í lopt upp og liðugt,
og skylmdust með rýtingum, en að lyktum hjó annar til hins,
svo að öllum þótti, sem hann hefði lostið manninn; en maður-
inn fjell einhvern veginn af tómum lálalátum. 6. Þá æptu 6
Paflagónar, og sá, er höggvið hafði, fletti hinn vopnum, gekk
út og söng sitalkas-brag. En aðrir Þrakverjar báru manninn út,
sem hann dauður væri; en hann hafði engin meiðsli beðið. 7. 7
Eptir það stóðu upp Ainfanar og Magnetar, og stigu dans þann,
er karpaiadans er nefndur; þeir voru og vopnaðir. 8. En dans- 8
inum var svo háttáð: Maður einn leggur hjá sjer vopn sín,
sáir korni og plægir; en meðan hann er að því, snýr hann
sjer iðulega við, sem sje hann hræddur; þá kemur þar ræningi
að; en er hinn sjer það, þrífur hann til vopna sinna, gengur
á mótí ræningjanum, og berst fyrir framan vagninn og akneyt-
in; þessir menn gjörðu einnig þetta eptir hljóðfalli, og var
leikið á hljóðpípu. Að síðustu batt ræninginn manninn, og fer
í burtu með akneytin; en stundum sigrast og plógmaðurinn á
ræningjanum; bindur hann þá báðar hendur hans á bak aptur,
festir hann við nautin, og rekur hann svo á undan sjer.

9. Eptir þetta gekk fram Mýsos, og hafði hann siun smá- 9

skjöld í hvorri hendi; stundum dansaði hann, svo sem hann berðist við tvo, er móti honum væru skipaðir, en stundum ljet hann, sem hann verðist með skjöldunum á móti einum; stundum snerist hann í hring, steptist kollhnýsu, og hjelt þó skjöldunum; og þótti fagurt á hann að horfa. 10. Að síðustu steig hann hinn perska dans, og sló skjöldunum saman, beygði sig í knjáliðunum, og rjetti sig upp aptur; og þetta gjörði hann allt eptir hljóðfalli hljóðpípunnar. 11. Eptir hann gengu fram Mantíneiu-menn; nokkrir aðrir Arkadíu-manna stóðu og upp; voru þeir herklæddir, sem þeir gátu fagurlegast; gengu þeir fram eptir hljóðfalli, og var blásið fyrir þeim herlag; sungu þeir herbrag og dönsuðu, eins og vant er í helgigöngum, sem haldnar eru til tignar við guðina. En Paflagóna furðaði mjög, er þeir sáu, að allir dansarnir voru stignir í herklæðum. 12. Þá er Mýsos sá, að þeir voru forviða við þetta, leiðir hann inn dansmey eina, og hafði hann fengið leyfi til þess hjá eigandanum, sem var frá Arkadíu. Dansmey þessa hafði Mýsos búið, sem fegurst hann mátti, og fengið henni ljettan skjöld. Hún stje Pyrriksdans ljettlega. 13. Þá varð mikið lófaklapp, og spurðu Paflagónar, hvort konur berðust og með þeim. Þeir sögðu, að þetta væru þær konur, er hefðu stökkt konunginum úr herbúðunum. Þannig lauk þessari nótt.

14. Næsta dag leiddu þeir sendimennina fyrir liðið, og rjeðu liðsmenn af, að gjöra hvorki Paflagónum mein, nje sæta neinum óskunda af þeim. Eptir þetta hjeldu sendimennirnir á braut; en frá Grikkjum er það að segja, að þeim þótti nú skip vera næg; stigu þeir þá á skip, og sigldu hagstæðan byr heilan sólarhring, og höfðu Paflagóníu á vinstri hönd sjer. 15. Annan dag koma þeir til Sínópe, og lögðu inn í Harmene við Sínópe. En Sínópe-meun búa í Paflagóna-landi, en eru nýlendumenn Miletosmanna. Sínópe-menn sendu Grikkjum gestgjafir; voru það þrjár þúsundir skeppur byggmjöls, og fimmtán hundruð kvartil víns. 16. Keirisofos kom og þangað með þrennæring, og gjörðu liðsmenn sjer von um, að hann kæmi með eitthvað handa þeim; en hann kom með ekkert, en sagði, að herskipaforinginn Anaxíbíos og hinir aðrir hældu þeim, og hann lofaði, að þeir skyldu fá mála, ef þeir hjeldu út úr hafinu svarta.

17. Liðsmenn dvöldu þar í Harmene fimm daga. En með

því að þeir þóttust nálgast Grikkland, tóku þeir fremur en áður að velta því fyrir sjer, hversu þeir mættu hafa eitthvað heim með sjer. 18. Þeir ímynduðu sjer þá, að ef þeir kysu sjer einn fyrirliða, þá mundi sá eini geta neytt liðsins betur, hvort sem væri á nótt eða degi, heldur en ef margir væru fyrirliðarnir; og ef drepa skyldi huldu á eitthvað, þá mundi það þannig fremur leynt fara; og ef eitthvað skyldi vinna með skunda, mundi minna seínlæti við haft; því að þá þyrftu hershöfðingjar eigi að ráðgast sin á milli; en þá mætti framkvæma það, er þessi eini maður hefði ráðið af; en áður höfðu hershöfðingjarnir farið í öllu eptir atkvæðafjölda. 19. En er þeir fóru að velta þessu fyrir sjer, sneru þeir augum sínum að Xenófon; gengu hundraðshöfðingjarnir þá til hans, og sögðu, að þetta sje álit liðsins; sýndu þeir honum hver um sig vinsemd, og leituðust við að fá hann til þess, að gangast undir herstjórnina. 20. Xenófon var raunar fús til þessa, með því að hann ætlaði, að hann með því móti mundi bæði sjálfur verða meira virtur af vinum sínum, og að meiri orðstír mundi af honum fara í borginni; hann ætlaði og, að svo mætti fara, að hann gjörði liðinu eitthvert gagn.

21. Þessar hugleiðingar vöktu hjá honum löngun til þess, að gjörast einvaldur hershöfðingi. En er hann á hinn bóginn ihugaði, að hverjum manni er hulið, hversu fer um það, sem ókomið er, og að hann ætti því á hættu, að týna sæmd þeirri, er hann áður hafði aflað sjer, tvískiptist hugur hans. 22. En er hann var á þessu reiki, hvað hann skyldi af ráða, þótti honum bezt, að ráðfrjettast við guðina; tók hann tvö blótdýr, og fórnaði Seifi konungi, því að honum hafði verið til hans vísað af vjefrjettinni í Delfi; hann ætlaði og, að draumur sá, er hann dreymdi, þá er hann tók fyrst að eiga þátt í herstjórninni, væri frá þeim hinum sama guði. 23. Hann minntist og þess, að þegar hann fór frá Efesos, til að láta koma sjer á framfæri við Kýros, hafði örn einn skrækt hægra megin við hann, en setið þó, og að því, sem blótgoðinn hafði sagt, sá er fylgdi honum, vissi það á eitthvað mikið, og meira en gæfu og virðingu valdalauss manns, en þó eigi fyrirhafnarlaust; því að blótgoðinn sagði, að aðrir fuglar rjeðu helzt á örninn, er hann sæti; en þó væri það eigi fyrirboði um auð; því að örninn tæki heldur vistir á flugi. 24. Þá er Xenófon er að blótinu, sýnir

guðinn honum berlega, að hann skuli hvorki sækjast eptir yfirherstjórninni, nje heldur takast hana á hendur, þótt þeir
25 kysu hann til hennar. Þannig fór þá þetta. 25. Liðið safnaðist þá saman, og rjeðu allir til, að kjósa einn fyrirliða, og er þetta var samþykkt, var stungið upp á Xenófon til þess. En er það virtist auðsætt, að þeir mundu kjósa hann, ef til atkvæða kæmi, stóð Xenófon upp, og mælti:

26 26. »Með því að jeg er maður, góðir menn, gleðst jeg við það, að jeg er virtur af yður, og kann jeg yður þakkir fyrir, og óska þess, að guðirnir veiti mjer það, að jeg mætti verða yður að einhverju liði. En að jeg sje kjörinn af yður hershöfðingi, þar sem lakverskur maður er hjer með yður, það sýnist mjer yður eigi haganlegt; heldur munduð þjer sökum þess siður fá liðveizlu Lakverja, ef þjer þyrftuð einhvers við;
27 jeg tel mjer og þetta eigi heldur með öllu hættulaust; 27. því að jeg sje, að þeir hættu eigi að herja á ættborg mína, fyr en þeir fengu alla þjóðina til að játa Lakverja jafnvel yfirmenn
28 sína. 28. En er þjóðin hafði játað því, hættu þeir þegar styrjöldinni, og sátu eigi lengur um borgina. Ef jeg þá, þótt jeg sjái þetta, virtist að rýra virðingu þeirra, þar sem jeg hefði færi
29 á, þá uggir mig, að jeg næsta fljótt mundi ranka við mjer. 29. En þar sem þjer ætlið, að flokkadrættir mundu siður verða, ef einn væri fyrirliðinn, heldur en ef þeir væru margir, þá skuldu þjer vita, að jeg skal eigi sýna neinn mótþróa, þótt þjer kjósið einhvern annan; því að jeg tel hvern þann, sem í styrjöld gjörir uppreist á móti fyrirliðanum, rísa í gegn síuu eigin frelsi; en ef þjer kjósið mig, þá mundi mig eigi furða á því, þótt þjer fynduð einhvern þann, er þykktist bæði við yður og mig«.

30 30. Þá er hann hafði þetta mælt, stóðu ýmsir upp með enn meiri ákafa, og sögðu, að hann ætti að vera fyrirliðinn. Agasías frá Stymfalos sagði, að hlægilegt væri, ef þetta væri svo; því að þá yrðu Lakverjar að reiðast, ef þeir, er kæmu saman til veizlu, kysu eigi lakverskan mann til veizlustjóra; því að ef þessu er svo varið«, kvað hann, »þá virðist svo, sem vjer megum jafnvel eigi vera hundraðshöfðingjar, með því að vjer erum frá Arkadíu«. Þá gjörðu liðsmenn góðan róm að máli
31 hans með háreysti, og þótti, sem hann hefði vel mælt. 31. En er Xenófon sá, að meira þurfti við, gekk hann fram og

mælti: »Góðir menn«, kvað hann, »svo að þjer fáið fulla vissu yðar, þá sver jeg þess við alla guði og allar gyðjur, að þá er jeg varð áskynja fyrirætlunar yðvarrar, fórnaði jeg, og leitaði frjettar um það, hvort yður væri betra, að fá mjer þessa her-
stjórn í hendur, og mjer, að gangast undir hana, eða eigi; en guðirnir gáfu mjer slíka fyrirbendingu við fórnirnar, að jafnvel leikmaður hefði getað sjeð, að jeg ætti að skirrast þetta ein-
veldi«. 32. Þeir kjósa þá Keirisofos; en er hann var kjörinn, gekk hann fram, og mælti: »Vitið vel, góðir menn«, kvað hann, »að jeg mundi eigi heldur uppreist gjöra, þótt þjer hefðu annan kosið. Þó hafið þjer gjört Xenófon vel til, er þjer kusuð hann eigi; því að nýlega hefur Dexippos rægt hann við Anaxibíos, svo sem honum var unnt, enda þótt jeg vildi þagga niðri í honum«. En hann kvaðst ætla, að Xenófon vildi heldur hafa herstjórnina með Tímasióni frá Dardanos, er hafði verið einn af liði Klearkosar, heldur en með sjer, er væri maður lakverskur. 33. »En með því að þjer hafið kosið mig«, kvað hann, »skal jeg þó og reyna, að gjöra yður það gagn, sem jeg get. Og nú skuluð þjer búast svo við, að þjer getið farið burtu á morgun, ef byr gefur; en vjer munum halda til Heraklesborgar; eiga því allir að reyna, að komast þangað; en er vjer komum þangað, getum vjer borið ráð vor saman um hið annað«.

TÍUNDI KAPÍTULI.

1. Þeir lögðu úr höfn næsta dag, og sigldu hagstæðan byr í tvo daga með landi fram. Á leiðinni sáu þeir bæði Jasóns-strönd, þar sem sagt er að Argó hafi lagt að landi, og litu á mynnin á fljótunum, fyrst á Þermódont, því næst á Íris, þá á Halýs, og eptir það á Parþeníos; en er þeir höfðu siglt um fram Parþeníos, komu þeir til Heraklesborgar; það er grísk borg, nýlenda frá Megara, og stendur í landi Mariandýna. 2. Þeir lögðu að landi við Akeronts-skaga; er sagt, að Herakles hafi gengið þar niður til undirheima, til að sækja hundinn Kerberos, og eru þar enn sýndar menjar þessa niðurgangs; það er gjóta ein, meira en tvö skeiðrúm að dýpt. 3. Herakleibúar senda Grikkjum þangað gjafir: þrjár þúsundir mæla byggmjöls, og tvær þúsundir kvartila víns, og tuttugu naut og hundr-

að fjár. Þar rennur um sljettuna fljót eitt, sem nefnt er Lýkos; og er það nær tvö hundruð feta á breidd.

4 4. Liðsmenn söfnuðust þá saman, og rjeðust um, hvort þeir skyldu fara landveg, það sem eptir var leiðarinnar, eða halda sjóleiðis út úr hafinu svarta. Stóð þá upp Lýkón frá Akaiu og mælti: »Mig furðar á hershöfðingjunum, góðir menn, að þeir skuli eigi reyna að afla oss vista; því að gjafir þær, er vjer höfum fengið, munu eigi verða þriggja daga forði fyrir lið

5 vjer förum. 5. Mjer sýnist því ráð, að biðja Herakleiu-búa um eigi minna en þrjár þúsundir Kyzíkos-peninga«. Annar maður sagði, að þeir ættu að biðja um mánaðar-mála, eigi minna en tíu þúsundir Kyzíkos-peninga, og ættu þeir að kjósa sendimenn, og senda þá nú þegar til borgarinnar, »meðan vjer sitjum hjer, og vita, hverju þeir svara, og gætum vjer þá hagað

6 ráðum vorum eptir því«. 6. Nú var farið að stinga upp á sendimönnum, og var fyrst nefndur til Keirisófos, þar eð hann hafði verið kosinn yfirhershöfðingi; en sumir stungu upp á Xenófon. En þeir risu báðir gegn því örðuglega; því að þeim þótti báðum lið sama, að eigi ætti að neyða gríska borg og vinveitta, til að gefa það, sem bæjarbúar vildu eigi gefa fúslega.

7 7. Þá er því liðsmenn þóttust sjá, að þessir menn voru ófúsir til fararinnar, sendu þeir Lýkón frá Akaiu, og Kallímakos frá Parrasafylki, og Agasías frá Styμφalos. Þessir menn fóru til Heraklesborgar, og sögðu bæjarbúum, hvað Grikkir höfðu af ráðið; en sagt var og, að Lýkón hefði haft við heitunarorð, ef

8 þetta væri eigi gjört. 8. Þá er Herakleiu-búar heyrðu þetta, kváðust þeir mundu bera ráð sín saman um það; fluttu þeir þá þegar eigur sínar úr sveitabyggðinni, efndu til torgs innanborgar, og var borghliðum þegar í stað læst, og vopnað lið sást á borgarveggjum.

9 9. Frumkvöðlarnir að óróa þessum sökuðu hershöfðingjana um, að þeir hefðu ónýtt fyrirtæki þetta, og tóku Arkadíu-menn og Akaiar að flokka sig, en fyrir þeim voru einkum þeir Kallímakos frá Parrasafylki og Lýkón frá Akaiu. 10. Töluðu þeir um, hversu svívirðilegt það væri, að einn maður frá Apenuborg, er eigi hefði neinn afla til liðsins, skyldi drottna yfir Pelopsskagamönnum og Lakverjum, og að þeir skyldu sjálfir hafa erfðið, en aðrir hljóta hagnaðinn, og þó væru það þeir,

er hefðu bjargað Grikkjum; því að þeir, sem hefðu borgið, væru Arkadíumenn og Akaiar, en hitt liðið væri svo sem ekkert. Það var og satt, að þeir Arkadíumenn og Akaiar voru meir en helmingur alls liðsins. 11. Ef þeir því vildu fara hyggilega að ráði sínu, sögðu þeir, að þeir ættu að safnast saman, og kjósa sjer hershöfðingja af sínum eigin mönnum, og halda svo fram ferðinni sjer einir, og reyna að afla sjer einhverra gæða. 12. Þetta var ráðið, og yfirgáfu þá Arkadíumenn þeir og Akaiar, sem með Keirísofosi voru, þá Keirísofos og Xenófon, gengu í flokk sjer, og kjósa sjer tíu hundradshöfðingja af sínum eigin mönnum; kváðu þeir svo á, að fyrirliðar þessir skyldu framkvæma það, er ákveðið væri eptir atkvæðafjölda. Yfirherstjórn Keirísofosar var því þá á enda sjötta eða sjöunda daginn frá því, er hann var kjörinn.

13. Xenófon vildi þó fylgjast með honum, með því að hann ætlaði, að það væri óhættara, heldur en að hvor færi sjer. En Neón hvatti hann til, að fara einn sjer; því að Keirísofos hafði sagt honum, að Kleandros, jarl í Byzantíon, hefði sagzt mundu koma með þrennæringa til Kalpe-hafnar. 14. En þetta rjeð hann Xenófon til þess, að enginn annar næði í þrennæringana, en að þeir og liðsmenn þeirra gætu einir haldið burtu á þeim. En Keirísofosi hafði fallizt hugur við það, er til hafði borið; svo hafði hann og fengið hatur á liðinu sökum þess, og lætur því Xenófon á sjálfsvaldi, að gjöra sem hann vill. 15. Xenófon bjóst nú til að skiljast við liðið, og sigla braut; en er hann færði Herakles leiðsaga fórnir, og leitaði frjettar um það, hvort betra væri fyrir hann og heillavænlegra, að fara svo, að hann hefði þá liðsmenn með sjer, er eptir voru hjá honum, eða skiljast við þá, gaf guðinn honum bendingu þess á innýflum blótdýranna, að hann skyldi fylgjast með hernum. 16. Þannig þrískiptist þá liðið; verða Arkadíumenn og Akaiar meira en fjórar þúsundir og fimmm hundruð að tölu, og voru það eintómir stórskjöldungar. En með Keirísofosi verða nær fjórtán hundruð stórskjöldunga og sjö hundruð smáskjöldunga; en það voru Þrakverjar þeir, er með Klearkosi höfðu verið. En með Xenófon verða sautján hundruð stórskjöldunga, og nær þrjú hundruð smáskjöldunga; en hann einn hafði og riddaralið; en það voru nálægt fjórutíu riddarar.

- 17 17. Arkadíumenn höfðu aflað sjer skipa hjá Herakleiu-
búum, og sigla þeir fyrstir á braut, svo að þeir gætu að ó-
vörum ráðið á Bípyníumenn, og fengið sem mest hlutskipti;
ganga þeir af skipum í Kalpe-höfn, hjer um bil í miðju Þrak-
18 verjalandi. 18. Keirisofos hjelt þegar burtu frá Heraklesborg,
og fór landveg í gegnum landið; en er hann kom í Þrakverja-
land, fór hann með sjó fram, því að hann var orðinn sjúkur.
Xenófon fjeck sjer skip, en gekk af þeim á landamærum Þrak-
verjalands og Herakleulands, og stefndi svo um þvert landið.
-

SJÖTTA BÓK.

FYRSTI KAPÍTULI.

1. Í sögunni hjer á undan hefur frá því sagt verið, ¹ hversu Keirisofos missti yfirherstjórnina, og hversu lið Grikkja sundraðist. En nú skal frá því greina, sem þeir að höfðust hverjir fyrir sig. 2. Arkadíumenn lögðu á næturþeli inn í ² höfnina Kalpe, og halda síðan til hinna næstu þorpa, en þau voru nær fimmtíu skeiðrúm frá sjó. En er birti af degi, fór hver hershöfðingi með sinn flokk til einhvers þorpsins. En til hvers þess þorps, er virtist í stærra lagi, þangað hjeldu tveir hershöfðingar saman með liðsflokka sína. 3. Þeir tóku ³ og til háls einn, þar sem þeir skyldu allir koma saman; og með því að þeir höfðu komið á óvart, tóku þeir fjölda manna höndum, og náðu miklum smáfjenaði. 4. Þrakverjar, sem und- ⁴ an höfðu flúið, söfnuðust þá aptur saman; en margir sluppu úr höndum stórskjöldunganna, er þeir voru ljettvopnaðir. En er þeir voru saman komnir, ráða þeir fyrst á liðsflokk Smikresar, eins af hershöfðingjum Arkadíumanna, er hann var á leiðinni þangað, sem á var kveðið að flokkarnir skyldu hittast, og flutti með sjer fjárhlut mikinn. 5. Í fyrstunni hjeldu ⁵ Grikkir fram ferðinni og börðust um leið; en er þeir fara yfir gil nokkurt, stökkva Þrakverjar þeim á flóttu, og drepa Smikres og alla sveitunga hans; en af öðrum herflokk, sem Hegesandros, einn hinna tíu hershöfðingja, rjeð fyrir, skildu þeir eina átta eptir; Hegesandros hjelt og sjálfur lífi. 6. Hinir hundr- ⁶ aðshöfðingjarnir náðu samkomustaðnum, sumir með þrautum, en sumir þrautalaust.

Þá er Þrakverjum hafði tekizt þetta svo vel, kölluðu þeir hverjir á aðra, og söfnuðust þeir saman um nóttina, öruggir í huga; og með degi fylktu þeir sjer í hring um hálsinn, þar sem Grikkir höfðu tjaldað; var þar fjöldi manns saman kominn, bæði riddarar og smáskjöldungar, og streymdu æ fleiri og fleiri saman; 7. skutu þeir á stórskjöldungana, en biðu ⁷ sjálfir ekkert tjón; því að Grikkir höfðu hvorki bogmenn nje

spjótamenn, nje heldur riddara; en hinir hlupu að þeim eða
riðu, og skutu á þá; en í hvert skipti og Grikkir gengu að
þeim, veitti þeim hægt að renna undan, en aðrir rjeðu þá á
8 Grikki annarstaðar. 8. Margir Grikkja urðu sárir, en enginn
hinna, og sökum þessa gátu Grikkir eigi komizt af hálsinum;
9 en Þrakverjar bægðu þeim og að síðustu frá vatni. 9. Nú
voru Grikkir í miklum kröggum staddir, og tóku því að semja
um grið; urðu þeir og hvorirtveggja sammála um allt, nema
það eitt, að Þrakverjar vildu eigi gisla selja, þótt Grikkir
beiddust; og á þessu stóð. Þannig fór fyrir Arkadíumönnum.
10 10. En frá Keirisofosi er það að segja, að hann heldur
með sjó fram; er honum engin árás gjör, og kemur hann
til hafnarinnar Kalpe; en Xenófon stefnir um mitt landið;
riddararnir skunduðu fyrir, og hitta nokkra gamla menn á
ferð. Þessir menn voru leiddir fyrir Xenófon, og spyr hann
11 þá, hvort þeir hafi spurt nokkuð til annars grískts hers. 11.
Þeir sögðu allt, sem gjörzt hafði, og að setið sje um Grikki
á hálsinum, og að allir Þrakverjar hafi kringt um þá. Grikkir
höfðu þá sterka vörðu á mönnum þessum, svo að þeir hefðu
þá til leiðsaga, þar sem á þyrfti að halda; skipaði Xenófon nú
njósnaarverði, stefndi síðan liðsmönnum saman, og tók þannig
12 til máls: 12. »Liðsmenn, sumir Arkadíumanna eru dauðir, en
þá, sem eptir eru, er setið um á hálsi einum; er það ætlun
mín, að ef þeir bíða bana, munum vjer og enga bjargar-
von eiga, þar sem fjendur vorir eru svo fjölmennir og styrkt-
13 ir í huga. 13. Það er því hið snjallasta ráð fyrir oss, að
veita þeim lið sem skjótast, svo að vjer getum barizt með
þeim, ef þeir eru enn heilir á hófi, svo að vjer verðum eigi
14 einir eptir, og verðum eigi einir í hættunni. 14. Vjer skulum
því eigi setja herbúðir vorar, fyr en vjer höfum haldið svo
langt fram, að oss þykir tími til kominn, að taka kveldverð.
Á ferðinni skal Tímasíon fara fyrir með riddarana, þó svo, að
hann missi eigi sjónar á oss, og njósna, hvað fyrir er, svo
15 að ekkert verði oss leynt». 15. Xenófon sendi og ljettbúna
menn af hinu ljettvopnaða liðinu fram með hliðunum og á
hæðirnar, og skyldu þeir gjöra hinum bendingu, ef þeir sæju
einhverstaðar eitthvað; hann bauð þeim og, að brenna hvað
16 eina, sem þeir hittu og brunnið gæti; »16. því að vjer mund-
um eigi geta runnið neitt hjeðan; því að það er langur vegur,

að halda aptur til Heraklesborgar», mælti hann, »og langur vegur til Gullborgar, en fjandmennirnir í nánd; en stytzt verður að komast til Kalpe-hafnar; og þykir oss líklegt, að Keirisofos sje þar, ef hann hefur af komizt. En þar eru hvorki skip, er vjer getum farið á þaðan, og ef vjer dveljum þar, eru þar jafnvel eigi vistir til eins dags. 17. En ef þeir 17
bíða bana, sem kvíadir eru, þá veitir oss örðugra, er vjer erum einir eptir með þeim Keirisofosi, að komast í gegnum hættarnar, heldur en, ef þeir frelsast, að komast allir til hins sama staðar, og leita frelsis vors í sameiningu. En oss ber að halda fram ferð vorri með þeirri sannfæringu, að nú sje annaðhvort að deyja við góðan orðstír, eða að vinna hið fegursta verk, það, að bjarga svo mörgum Grikkjum. 18. Að 18
líkindum hagar guðinn því þannig, sá guð, er vill auðmýkja hina raupsömu sökum ofmetnaðar þeirra, en unna oss, sem hyrjum á guðunum, meiri frægðar en þeim. En yður ber að fylgja mjer, og hafa hugann á því, að þjer megið gjöra það, sem fyrir yður kann að verða lagt».

19. Þá er hann hafði þannig mælt, lagði hann á stað, 19
og fór á undan; en riddararnir fóru svo dreift, sem hættulaust var, og brenndu og bældu, þar sem þeir fóru um. Smáskjöldungarnir fóru um hæðirnar, og brenndu allt, sem þeir sáu og brunnið gat; hið sama gjörði og meginliðið, ef þeir rákust fram á eitthvað, sem eptir hafði orðið, svo að allt landið virtist standa í ljósum loga og liðið margt vera. 20. 20
En er tími var til kominn, gengu þeir upp á háls nokkurn, og settu þar tjöld sín; sáu þeir þá elda fjandmannanna, og voru þeir nær fjörutíu skeiðrúmum frá þeim; sjálfir kyntu þeir og sem flesta elda, að þeir máttu. 21. En þegar er þeir 21
höfðu snætt kveldverð, var boðið, að slökkva alla eldana. Þeir settu síðan verði, og sváfu af um nóttina; en er lýsa tók af degi, gjörðu þeir bæn sína til guðanna, fylktu sjer, síðan sem þeir skyldu í orustu, og hjeldu fram ferðinni, sem hraðast þeir máttu. 22. En Tímasíon og riddararnir, sem 22
leiðsögumennina höfðu og undan fóru, komust svo upp á hálsinn, þar sem Grikkir voru umkringdir, að þeir vissu eigi sjálfir af; sjá þeir þá hvorki lið vina sinna nje óvina, en að eins kerlingar og karla, fátt eitt af smáfjenaði og nautum, sem eptir hafði verið skilið; og þetta segja þeir Xenófon og

23 liðinu. 23. Þeir vissu eigi fyrst, hvernig á þessu gæti staðið, og furðaði á því, en síðar fengu þeir að vita hjá þeim mönnum, sem eptir höfðu orðið, að Þrakverjar höfðu haldið braut þegar um kveldið, en Grikkir sögðu þeir að farið hefðu um morguninn, en hvert þeir hefðu farið, kváðust þeir eigi vita.

24 24. Þá er þeir Xenófon fengu þessar fregnir, lögðu þeir upp og hjeldu fram ferðinni, er þeir höfðu snætt morgunverð, og vildu komast sem fyrst til Kalpe-hafnar, til hinna annara. Á leiðinni sáu þeir troðninginn eptir Arkadíumenn og Akaia, og lá hann um veginn til Kalpe. En er þeir hittust, og sáu 25 hvorir aðra, urðu þeir glaðir, og fõðmuðust sem bræður. 25. Arkadíumenn fengu þá að vita hjá þeim Xenófon, hví þeir höfðu slökkt eldana; »því að þá er vjer sáum eigi eldana«, mæltu þeir, »ælluðum vjer í fyrstunni, að þjer munduð ráða á fjandmennina um nóttina; og, eptir því sem oss virtist, óttuðust fjandmennirnir það einnig, og hjeldu því á braut; því 26 að þeir fóru braut nær því í sama mund. 26. En er þjer komuð eigi, og tíminn leið, ælluðum vjer, að þjer hefðuð fengið að vita, hvernig fyrir oss var komið, og að þjer hefðuð orðið hræddir, og hlaupizt til sjávar; kom oss þá saman um, að verða eigi eptir af yður. Þannig er því þá háttað, að vjer erum og hjer komnir».

ANNAR KAPÍTULI.

1 Þennan daginn hjeldu þeir þá kyrru fyrir þar á sævarströndinni við höfnina. Þessi staður, sem kallaður er Kalpehöfn, er í Þrakverjalandi í Asiu; en Þrakverjaland þetta hefst við mynnið á hafinu svarta, og nær til Heraklesborgar, og er á 2 hægri hönd, þá er siglt er inn í hafið svarta. 2. Frá Byzantíon til Heraklesborgar er löng dagleið á þrennæringi undir árum; en þar á millum er enginn bær, hvorki vinveittur, nje grískur; heldur búa þar Þrakverjar frá Bípyníu, og er mælt, að þeir beiti mestu grimmd við þá af Grikkjum, sem þeir festa hendur á, hvort heldur það eru skipbrotsmenn, eða þeir komast 3 í hendur þeim á annan hátt. 3. Kalpehöfn liggur á milli hvorrartveggja borgarinnar, Heraklesborgar og Byzantíons; er þar tangi, sem gengur út í sjóinn; sjávarmegin er þverhniptur klettur, og þar, sem hann er lægstur, er hann fullir tuttugu faðmar á hæð, en eiðið, sem gengur úr nesinu upp að meg-

inlandinu, er í mesta lagi fjögur hundruð feta á breidd; en nesið fyrir framan eidið er svo stórt, að tíu þúsundir manna gætu búið þar. 4. En höfn ein liggur undir sjálfum klettinum, og er á vesturströndinni. Þar á nesinu sprettur og upp ósalt vatn og gnóglegt, rjett við sjóinn. Þar við sjóinn er og afar-mikill og fagur skipaviður, og mikið af öðrum við. 5. Fjallið við höfnina nær um tuttugu skeiðrúm inn í landið, og er jarðvegur þar djúpur og grjótlaus, en þeim megin, sem að sjónum veit, er það þjettsett alls konar trjám, mörgum og stórvöxnum, og það um meira en tuttugu skeiðrúm. 6. Hitt landið er bæði mikið og fagurt, og eru þorp þar mörg og byggð; því að jörðin ber þar bæði bygg og hveiti, og alls konar lýðis-ávexti, hirsí, sesamkornu, gnægð af fikjum, mikið af vínvið, er sætt vín fæst af, og allt annað, nema viðsmjörstrje.

7. Þannig var landinu háttað. Þeir höfðu tjöld sín á sævarströndinni, en vildu eigi setja þar herbúðir, því að þær gætu orðið að bæ; því að svo mátti þykja, sem einhverjir þeir, sem vildu reisa borg, hefðu með brögðum komið þeim þangað. 8. Því að flestir liðsmanna höfðu haldið að heiman og gengið á mála til farar þessarar, eigi sökum atvinnuskorts, heldur sökum þess, að þeir spurðu um mannkosti Kýrosar; höfðu sumir og aðra menn með sjer, og sumir höfðu og lagt fje í sölurnar; sumir höfðu og strokið frá feðrum og mæðrum; sumir höfðu og yfirgefið börn sín; ætluðu þeir, að þeir mundu fá aflað venzlamönnum sínum fjár, og horfið svo heim aptur, með því að þeir heyrðu, að aðrir fylgdarmenn Kýrosar hlytu mikinn fjárblut. Þar eð þannig var ástall fyrir þeim, þráðu þeir að komast til Grikklands.

9. En er dagur ljómaði daginn eptir samfundi þeirra, færði Xenófon fórnir, til að leita frjettar um burtförina; því að nauðsyn bar til, að fara í vistaleit; en hann hugsaði og um gröpt þeirra manna, er fallið höfðu. En er fórnunum var lokið, fylgdu honum einnig Arkadíumenn, og greptruðu flesta hinna dauðu, hvern þar, sem hann hafði fallið; því að þeir höfðu þegar legið fimm daga, og var því eigi framar auðið, að flytja þá braut; nokkra þá, er lágu á veginum, báru þeir saman, og veittu þeim hina sæmlegustu greptrun, sem þeir gátu eptir ástæðum; en þeim mönnum, sem þeir fundu eigi, reistu þeir stóran haug, kyntu bál mikið, og lögðu blómsveiga ofan á

hauginn, og þá er þeir höfðu þetta gjört, hurfu þeir aptur til her-
10 búðanna. 10. Því næst tóku þeir kveldverð, og lögðust síðan til
svefns. Næsta dag gengu allir liðsmenn á ráðstefnu; gengust
einkum fyrir því hundraðshöfðingjarnir Agasías frá Stymfalos
og Hierónýmos frá Elis, og aðrir hinir elztu Arkadíumanna;
11 11. rjeðu þeir það með sjer, að ef nokkur miuntist upp frá
því á, að tvískipta liðinu, skyldi hann engu fyrir týna nema
lífinu; en á ferðinni um landið skyldi liðinu skipað á sama
hátt sem áður, og hershöfðingjarnir vera hinir sömu og áður.
Keirisófos hafði sýkt af ólgusýki, drukkið lyf, og beðið bana
af. Í stað hans kom Neón frá Asíne.

12 12. Því næst stóð upp Xenófon og mælti: »Að líkindum
hljótum vjer, liðsmenn, að fara hjeðan á fæti; því að eigi eru
skipin; en vjer verðum og að fara þegar, því að ef vjer dvelj-
um, þá eru engar vistirnar. Vjer skulum því leita frjettar
með blótum», kvað hann, »en þjer skuluð búast svo við, sem
þjer eigið bardaga fyrir höndum, ef þjer hafið nokkru sinni átt
bardögum að sæta; því að fjandmennirnir eru orðnir hug-
13 rakkari aptur. 13. Því næst fórnudu hershöfðingjarnir, og var
þar við staddur spámaðurinn Arexíon frá Arkadíu, en Sílanos
frá Ambrakíu hafði leigt skip í Heraklesborg, og strokið á
braut þaðan. En er þeir blótuðu til brautfarar, spáðu blótin
14 eigi góðu. 14. Þeir hjeldu því kyrru fyrir þennan daginn, og
dirfðust nokkrir þá að segja, að Xenófon vildi nema landið til
byggðar, og hefði því fengið spámanninn til að segja, að fórn-
15 irnar spáðu eigi góðu um brautförina. 15. Xenófon ljét því
kallara gjöra kunnugt, að næsta dag skyldi hver vera við stadd-
ur fórnina, sem vildi, og ef nokkur spámaður væri til, sagði
hann, að hann skyldi vera við, og líta á fórnina. Því næst
16 fórnaði hann, og var fjöldi manna við staddur. 16. Þeir fórn-
uðu þá aptur þrisvar sinnum, til að leita frjettar um brautför-
ina, en heillamerki fengust eigi. Liðsmenn voru mjög sorg-
bitnir yfir þessu; því að vistirnar, sem þeir höfðu, þá er þeir
komu þangað, voru mjög á þrotum, og ekkert var torg.

17 17. Eptir þetta áttu þeir fund með sjer; tók þá Xenófon
aptur til máls og mælti: »Góðir menn, blótin ganga oss alls
eigi í vil til brautfarar, eins og þjer sjáið; en jeg sje, að þjer
eruð vistapurfar; mjer virðist því nauðsyn til bera, að leita
18 frjettar um þetta». 18. Þá reis einhver upp og mælti: »Fer það

og að líkum, að frjettirnar gangi oss eigi í vil, því að í gær heyrði jeg af skipi nokkru, sem kom af frjálsum vilja, að Kleandros, jarl í Byzantíon, ætli að koma bæði með byrðinga og þrennæringa». 19. Sökum þess þótti öllum rjettast, að vera kyrrir; en nauðsyn bar þó til, að fara og afla vista. Og um þetta var blótað enn þrívægis, en blótin spáðu eigi góðu. Liðsmenn gengu þá þegar til tjalds Xenófons, og kváðust engar vistir hafa. En hann kváðst eigi mundu halda á brott með þá, meðan blótspárnar rjeðu eigi til þess.

20. Daginn eptir var enn blótað, og þyrptist nær allt liðið í kring um blótin; því að öllum lágu þau mjög á hjarta; en nú skorti það, er til fórnanna skyldi hafa. Hershöfðingjarnir hjeldu þá eigi brott, en stefndu til móts. 21. Þá tók Xenófon til máls: »Að líkindum eru fjandmenn vorir saman, og komumst vjer því eigi hjá því að berjast; ef vjer því skildum eptir farangur vorn á víggirtum stað, þjuggjumst sem til bardaga, og hjeldum svo á brant, þá eru líkindi til, að spárnar gengju oss betur að óskum». 22. Þá er liðsmenn heyrðu þetta, æptu þeir, að alls eigi ætti að leita til víggirðingarinnar, heldur skyldi fórna sem skjótast. En þar var ekkert sauðsje eptir; þeir keyptu því akneyti, og fórnðu þeim, og bað Xenófon Kleanór frá Arkadíu að annast fórnina, ef nokkuð væri undir því komið, að annar sæi um fórnina; en fórnin tókst eigi að heldur.

23. Neón var hershöfðingi yfir því liði, sem Keirisofos hafði átt fyr að ráða. Þegar hann sá, að fólkíð var í nauðum sökum matarskorts, vildi hann gjöra þeim til geðs; hafði hann hitt mann nokkurn frá Heraklesborg, sem kváðst vita af þorpum þar í nándinni, og gætu þeir þaðan vistir fengið; ljet Neón því gjöra það liðsmönnum kunnugt, að ef einhver vildi fara til vistafangs, mundi foringinn vera til. Nú leggja á stað nær tvær þúsundir manna, búnaðar smáspjótum, belgjum, sekkjum og öðrum ílátum. 24. En er þeir voru komnir í þorpin, og tvístruðu sjer til fangsins, ráðast fyrstir á þá riddarar Farnabazosar; því að þeir voru komnir til liðs við Bípyna; ætluðu þeir, ef þeir gætu, með tilstyrk Bípyna að aptra Grikkjum frá, að komast til Frygiu. Riddarar þessir drápu eigi minna en fimmm hundruð Grikkja; en hinir flúðu til fjalls. 25. Fregnirnar um þetta ber einn flóttamanna til herbúðanna. Með því að spárnar höfðu enn verið óheilvænlegar þennan daginn,

tók Xenófon uxa einn frá vagni, því að eigi voru önnur fórnardýr, slátraði uxanum, og hjelt síðan til liðs við flóttamenn, og hafði með sjer alla þá, sem eigi voru fimmtugir að aldri.
26 26. Þeir tóku þá með sjer, sem lífs voru eptir, og halda síðan aptur til herbúðanna. Nú var nær sólarlagi, og voru Grikkir næsta hryggir í huga, er þeir gengu til kveldverðar; en nokkrir Bihynar höfðu laumazt gegnum skógarrunnana, og rjeðu allt í einu á framverðina, drápu suma þeirra, en eltu suma alla leið
27 til herbúðanna. 27. Við þetta urðu óhljóð mikil, og hlupu þá allir Grikkir til vopna; en eigi þótti hættulaust, að elta fjandmennina, og taka upp herbúðirnar á næturþeli; því að landið var mjög skógi vaxið; lágu þeir því með vopnum um nóttina, og skipuðu næga vörðu.

ÞRIÐJI KAPÍTULI.

1 1. Þannig höfðust þeir við um nóttina; en er lýsti af degi, hjeldu hershöfðingjarnir á undan til vígisins, en hinir fylgdu eptir með vopnin og farangurinn. En áður en dagverðarmál var komið, grófu þeir síki eitt, þar sem gengið var inn í vígið, og settu stauragarð hvervetna við, en ljetu þó þrjú hlið á vera; kom þá skip eitt frá Heraklesborg með
2 byggmjöl, sláturfjenað og vín. 2. Xenófon var árla á fótum, og blótaði til frjettar um burtförina; og þegar við fyrstu fórn reynast spárnar góðar. Og er blótið var þegar á enda, sjer spámaðurinn Arexíon frá Parrasafylki heilla-örn, og skorar þá á Xenófon, að halda á stað. 3. Þeir gengu þá yfir síkið, leggja niður vopn sín, og ljetu kallara boða, að liðsmenn skyldu vopnast, þá er þeir hefðu snætt morgunverð, og halda á stað, en láta eptir farangurinn og hertekna menn þar í herbúðunum.
3 4. Fyrirliðarnir hjeldu þá allir braut, nema Neón; því að rjettast þótti, að láta hann vera eptir, til að gæta þess, sem í herbúðunum var. En er hundraðshöfðingjarnir og liðsmennirnir skyldu við Neón, þótti þeim, sem eptir voru, óvirðing, að fylgja eigi hinum, sem braut fóru; skildu þeir því eptir alla þá í búðunum, sem voru meira en hálfimmtugir; þessir urðu
4 þá eptir, en hinir lögðu af stað. 5. En þeir höfðu eigi farið fimmtán skeiðrúm, þá er þeir rákust fram á lík; ljetu þeir þá þá menn, sem aptastir voru, nema þar staðar, sem fyrstu líkin
5 sáu, og grófu öll líkin, sem fylkingin náði til. 6. En er þeir
6

höfðu jarðað fyrstu likin, hjeldu þeir lengra fram, og ljetu eptri hluta fylkingarinnar aptur nema staðar við þá, er fremstir voru af þeim, er ógreptraddir voru, og jörðuðu á sama hátt öll þau lík, sem liðið náði til. En er þeir komu á veg þann, sem frá þorpunum lá, lágu likin þar í köstum; báru þeir þau þá saman og jörðuðu þau.

7. Nú var þegar komið af hádegi; fóru þeir þá með liðið út úr þorpunum, tóku vistirnar, hver það sem hann sá, og settu þær í miðja fylkinguna; sjá þeir þá allt í einu fjandmennina, þar sem þeir halda í breiðfylkingu yfir hálsa nokkra, sem gegnt þeim voru; var það fjöldi manna, bæði riddarar og fótgöngulið, því að Farnabazos hafði sent þá Spíprídates og Hrapínes með liði, og voru þeir nú þar komnir. 8. En er fjandmennirnir komu auga á Grikki, námu þeir staðar nær fimmtán skeiðrúmum frá þeim. Arexíon, spámaður Grikkja, blótar þá þegar, og voru blótin heillavænleg þegar hin fyrstu. 9. Þá mælir Xenófon svo: »Mjer virðist ráðlegt, hershöfðingjar, að skipa varðsveitir við breiðfylkinguna, svo að þeir geti komið til liðs við hana, ef þess gjörist þörf, og óvinirnir ráði á ruglingi að fylktu liði með góðri niðurskipun«. Þetta kom öllum saman um. 10. »Farið þjer þá fyrir«, mælti hann, »gegn þeim, sem andspænis eru, svo að vjer stöndum eigi kyrrir, er vjer höfum sjezt og sjeð óvinina; en jeg mun koma og setja aptursveitirnar þar, sem yður virðist ráðlegast«.

11. Hinir fyrirliðarnir hjeldu þá undan í hægðum; en Xenófon tók þjár aptursveitirnar, og voru tvö hundruð manna í hverri; bauð hann einni þeirra að fylgja þeim hægra megin, svo sem hundrað fet frá. Samólas frá Akaiu rjeð fyrir þessari sveit. Aðra sveitina ljet hann fara í miðjunni, og var fyrir henni Pyrrías frá Arkadíu. En eina setti hann vinstra megin, og rjeð fyrir henni Frasías frá Aþenuborg. 12. Þeir, sem undan fóru, komu á leiðinni að dalverpi einu miklu og torfæru; námu þeir þá staðar, með því að þeir vissu eigi, hvort yfir dalverpið var fært. Þeir láta þá þau boð ganga, að hershöfðingjarnir og hundraðshöfðingjarnir skuli halda fram til framliðsins. 13. Xenófon skildi eigi í, hvað það væri, er ferðinni aptraði; en fljótt fær hann að heyra boðin, og ríður hann þá, sem skjótast hann má. En er fundum þeirra bar saman,

segir Sofainetos, sem elztur var hershöfðingjanna, að eigi væri vert, að halda yfir slíkt dalverpi.

14 14. Xenófon tók þá skjótt fram í og mælti: »Þjer þekkið mig að því, góðir menn, að jeg hef aldrei viljandi stofnað yður í neina hættu; því að jeg ætla, að þjer þurfið eigi frægðar
15 fyrir hreysti, heldur frelsis. 15. En nú er þannig ástatt, að bardagalaust verður eigi hjeðan komizt; því að ef vjer göngum eigi á móti óvinunum, munu þeir veita oss eptirför, er vjer
16 höldum á braut, og ráða á oss. 16. Íhugið þá, hvort betra sje, að leggja fram vopnum vorum, og ganga svo á móti óvinunum, eða snúa vopnum vorum undan óvinunum, og sjá
17 þá svo sækja aptan að oss. 17. Þjer vitið þó víst, að það þykir engin frægð, að hörfa undan óvinum sínum, en það gjörir jafnvel hina hugminni hugrakka, að elta þá. Jeg vildi og heldur veita óvinum eptirför með hálfu minna liði, en renna fyrir þeim með hálfu meira. Jeg veit og um þessa menn, að jafnvel eigi þjer búizt við, að þeir muni veita oss viðnám, ef vjer veitum þeim aðgöngu, en öllum oss skilst það, að þeir muni
18 hafa hug til, að veita oss eptirför, ef vjer höldum burtu. 18. Ættum vjer þá eigi fegins-hendi að sæta færinu, að fara yfir torfært dalverpi, og hafa það að baki oss, er vjer eigum að berjast? Því að jeg að mínu leyti vildi æskja þess, að óvinunum þøettu allir vegir greiðfærir til brautfarar; en vjer eigum að láta oss lærast jafnvel af landslaginu, að oss er engin bjargarvon, nema vjer sigrumst. 19. En mig furðar á því, ef nokkur ætlar dalverpi þetta ógurlegra, en aðrar torfærar, er vjer höfum um farið. Því að hversu megum vjer komast yfir sljettlendið, ef vjer sigrumst eigi á riddurunum? og hversu megum vjer fara yfir fjöll þau, er vjer höfum yfir farið, ef svo margir
20 ljett skjöldungar veita oss eptirför? 20 En ef vjer komumst með heilu og höldnu til sjávar, hversu mikið dalverpi er þá eigi hafið? en þar eru hvorki skip, til að slytjast braut á, nje heldur vistir, sem vjer megum alast við, ef vjer dveljumst þar; en því fyr sem vjer komum þar, því fyr verðum vjer að fara
21 þaðan aptur til vistafanga. 21. Er það þá eigi betra, að berjast nú, er vjer höfum matazt, heldur en berjast fastandi á morgun? Góðir menn, blótin eru bæði oss heillavænleg, og spáfuglarnir spá góðu, og innýflin hin fegurstu; látum oss þá halda gegn óvinunum. Þar eð þeir hafa sjeð allt lið vort,

eigum vjer eigi að láta þá snæða glaða í huga, nje heldur hafa tjöld sín, þar sem þeir vilja«.

22. Hundraðshöfðingjarnir báðu hann þá fara fyrir, og mælti enginn í móti. Hann fór og fyrir, og bauð, að hver skyldi halda þar yfir dalverpið, sem hann væri staddur; því að hann ætlaði, að liðið mundi þannig fá fljótar safnast hinu megin við dalverpið, heldur en ef það færi brúna, sem var á dalverpinu«. 23. En er þeir voru yfir komnir, hjelt Xenófon fram með fylkingunni og mælti: »Minnzt þess, góðir menn, hversu margar orustur þjer hafid unnið með aðstoð guðanna, er þjer hafid gengið í gegn óvinunum, og hvað þeir verða að þola, sem renna fyrir óvinum sínum, og hafid það hugfast, að vjer erum við dyrnar að Grikklandi. 24. Fylgið þá Heraklesi leiðtoga, og eggid hver annan með nafni. Unaðsamt er það að vísu, að mæla og gjöra það, sem karlmannlegt er og fagurt, og halda þannig uppi minningu sinni meðal þeirra, sem hver vill«. 25. Þannig mælti hann, er hann reið fram með fylkingunni, og fór þegar fyrir með liðið í breiðfylkingu; skipuðu þeir þá smáskjöldungunum til beggja hliða, og hjeldu á móti óvinunum. Þeim hafði og boðið verið, að halda spjótunum við hægri öxl sjer, uns merki væri gefið með lúðurblastri; en síðan skyldu þeir leggja spjótunum fram til atlögu, og ganga jöfnum fetum, en enginn skyldi hlaupa. Eptir þetta fóru merki-orðin um: »Seifur frelsari, Herakles leiðtogi«. Óvinirnir biðu þeirra, því að þeir ætluðu, að þeir hefðu gott vígi. 26. En er Grikkir nálgudust, æptu smáskjöldungar þeirra heróp og tóku að hlaupa á móti óvinunum, áður en nokkur byði þeim það; en óvinirnir hjeldu á móti, bæði riddararnir og meginher Bihyna, og stökkva smáskjöldungunum á flóttu. 27. Fylking stórskjöldunganna fór með hraða, og er hún mætti óvinunum, gall þegar við lúðurinn; hófu þeir þá upp hersöng, og æptu síðan heróp, og lögðu jafnframt fram spjótunum; en úr því veittu óvinirnir eigi viðnám frammar, heldur tóku á rás undan. 28. Tímasion veitti þeim þá eptirför með riddurunum, og drápu þeir svo margra óvinanna, sem þeir máttu, svo faliðaðir sem þeir voru; tvístraðist þá þegar vinstra fylkingarhorn óvinanna, þar sem riddaralið Grikkja sótti að, en hæggra fylkingarhornið nam staðar á hálsi einum; því að þar var linlega að sótt. 29. En er Grikkir sáu, að þeir námu staðar, töldu þeir hægast og hættu-

minnst, að ráða þegar á þá. Þeir hófu þá upp hersöng, og lögðu þegar að þeim; en hinir biðu þá eigi. Smáskjöldungarnir ráku þá flóttann, uns hægri fylkingararmurinn tvístraðist og; en fáir fjellu; því að Grikkjum stóð stuggur af riddaraliði óvinaanna, sem var mikið. 30. En er Grikkir sáu, að riddaralið Farnabazosar var enn saman, og að riddarar Bipyna sóttu til þess, og að þeir sáu af hálsi einum, hvað gjörðist, rjeðu þeir af, þótt þreyttir væru, að ráða að þeim, sem bezt þeir mættu, svo að þeim yxi eigi hugur, og þeir næðu eigi að hvilast. 31. Þeir skutu þá á fylkingu, og halda svo fram á leið. Riddarar óvinaanna taka þá á rás undan niður hallandann, sem þeir væru eltir af riddurum, því að þeir hjeldu niður í dalverpi eitt; en það vissu Grikkir eigi, og hættu því eptirförinni, enda var áliðið orðið. 32. Þeir fóru þá þangað aptur, sem fyrsta hriðin varð, og reistu þar sigurvörðu eina, og hjeldu svo um sólsetur niður til sjávar; en nær sextíu skeiðrúm voru til herbúðanna.

FJÓRÐI KAPÍTULI.

1. Síðan tóku óvinirnir að hugsa um efni sín, og fluttu bæði heimafolk sitt og fjemuni svo langt á braut, sem þeir máttu; en Grikkir biðu þess, að Kleandros og þrennæringarnir og önnur skip kæmu; fóru þeir hvern dag með eyki og þræla, og rændu, án þess þeim væri frammar nein hætta búin; þeir tóku hveiti, bygg, vín, belgjurtir, hirsigrjón og fikjur, því að þar í landi voru alls konar vistir, nema viðsmjör. 2. Þá er liðið hjelt kyrru fyrir og hvíldist, gat hver einstakur farið til rána, og mátti hver halda því, er hann náði, en er allur herinn fór, var það talin almennings-eign, þótt einhver færi sjer og næði einhverju. 3. Þeir höfðu þá alls-gnægtir, því að vistir komu alstaðar að úr hinum grísku borgum, og þeir menn, er fram hjá sigldu, lögðu glaðir að landi, er þeir heyrðu, að þar væri verið að efna til borgar, og þar væri höfn. 4. Óvinir þeir, er í grenndinni bjuggu, sendu nú og til Xenófons, er þeim berst sú fregn, að hann efnir þar til bæjar, og spyrja þeir, hvað þeir skuli vinna til vináttu hans; en hann leiddi sendimenn fyrir liðsmenn sína. 5. Í þetta mund kemur og Kleandros með tvo þrennæringa, en ekkert annað skip; en er hann kom, vildi svo til, að herinn hafði haldið braut frá her-

búðunum, og höfðu sumir farið til rána, en sumir haldið til fjallsins; höfðu þeir náð miklu af smáfjenaði; en þeir voru hræddir, að fjenaður þessi yrði frá þeim tekinn, og tala því við Dexippos, sem strokið hafði frá Trapezúnt með simmtugsessuna, og biðja hann, að bjarga fjenaðinum, og skyldi hann sjálfur halda nokkrum hluta, en skila þeim hinu aptur.

6. Hann rekur þegar burtu liðsmenn þá, sem þar stóðu umhverfis, og sögðu, að þetta væri almenningsfje, gengur síðan tafarlaust til Kleandrosar, og segir honum, að liðsmenn vilji fara með ránskap. Kleandros býður að leiða ránsmennina fyrir sig. 7. Dexippos tekur þá einn og leiðir hann fram. En Agasías bar þar að, og tekur manninn af honum; því að sá var sveitungi hans, er fram var leiddur. En hinir aðrir liðsmenn, er við voru staddir, taka að kasta steinum í Dexippos, og kalla hann svikara. Margir af skipverjum urðu þá hræddir, og flúðu til sjávar, og Kleandros einnig. 8. En Xenófon og hinir aðrir hershöfðingjar öptruðu liðsmönnum, og sögðu Kleandrosi, að engin væri hættu búin; en að ályktun liðsins væri orsök til þessa atburðar. 9. En Kleandros kvaðst mundu sigla á braut, og boða, að engin borg skyldi við þeim taka, með því að þeir væru fjandmenn; gjörði hann það bæði sökum þess, að Dexippos æsti hann, og honum sveið, að hann hefði látið skjóta sjer skelk í bringu; en Lakverjar höfðu þá yfirforræði allra Grikkja.

10. Grikkjum þóttu þá ískyggilegar ástæður, og báðu hann að gjöra þetta eigi. En hann kvaðst eigi láta það ógjört með öðru skilyrði en því, að sá væri fram seldur, er hafið hefði steinkastið, og sá, er tekið hefði manninn. 11. En maðurinn, sem hann vildi hafa fram seldan, var Agasías; en hann var stöðugur vin Xenófons, og því rægði Dexippos hann. Þá er í þessi vandræði var komið, stefndu fyrirliðarnir hernum saman, og sumir þeirra lítilsvirtu Kleandros, en Xenófon þótti málið eigi lítils-virði; stóð hann þá upp og mælti:

12. »Góðir liðsmenn, mjer þykir eigi lítils umvert um mál þetta, ef Kleandros heldur burtu frá oss, sem hann segir, með þessum huga; því að nú eru hinar grisku borgir í nánd; en Lakverjar hafa yfirforræði Grikklands; en jafnvel hver einn þeirra fær því framgengt í borgunum, sem hann vill. 13. Ef maður þessi bægir oss þá fyrst burtu frá Byzantíon, og býður

siðan hinum öðrum bæjarstjórum, að láta oss eigi koma í borgirnar sökum þess, að vjer höfum óhlýðnast Lakverjum, og gjörumst lagabrotsmenn, og þessi fregn berst að auki af oss til flota-
stjórans Anaxibiosar, þá mun oss hvorttveggja veita örðugt, bæði
14 að halda kyrru fyrir, og sigla braut; því að nú sem stendur hafa
Lakverjar ráðin bæði á landi og sjó. 14. Vjer eigum því eigi
sökum eins manns eða tveggja að hamla hinum frá, að komast
til Grikklands, heldur verðum vjer að hlýðnast Lakverjum, hvað
sem þeir bjóða; því að borgir þær, sem vjer erum úr, hlýðn-
15 ast þeim og. 15. Með því að jeg heyri, að Dexippos hafi sagt
Kleandrosi, að Agasías mundi eigi hafa gjört þetta, nema jeg
hefði hvatt hann til þess, þá vil jeg losa bæði yður og Aga-
sías úr sökinni, ef Agasías segir sjálfur, að jeg sje að nokkru
valdur þessa, og ef jeg hef hafið steinkast eða eitthvert annað
16 ofriki, dæmi jeg mig verðan hinnar hörðustu hegningar, og
mun leggja mig undir þá hegningu. 16. En jeg ætla og, að
ef Kleandros ber sök á einhvern annan, þá beri honum og
að leggja sig undir dómsatkvæði hans; því að þannig munduð
þjer losast við sakargiptina; en eins og málið er nú vaxið, eru
það harðir kostir, ef vjer, sem höfum ætlað, að vjer mundum
hljóta lof og heiður á Grikklandi, ef vjer í stað þess verðum
jafnvel eigi taldir öðrum jafnir, heldur rækir gjörvir úr hinum
grísku borgum«.

17. Því næst reis upp Agasías og mælti: »Jeg sver þess,
menn, bæði við guði og gyðjur, að hvorki hefur Xenófon, nje
nokkur annar yðar, eggjað mig þess, að taka manninn; en
mjer sveið það, þá er jeg sá Dexippos, sem þjer vitið að hefur
svikið oss, leiða burtu einn sveitunga minna, vaskan mann, og
18 tók jeg hann úr höndum hans; jeg játa það. 18. En þjer
skuluð eigi selja mig fram, en eptir ráði Xenófons vil jeg leggja
mig sjálfan undir dómsatkvæði Kleandrosar, hvað sem hann
vill gjört hafa; sökum þessa skuluð þjer eigi berjast við Lak-
verja, en komizt þangað óhultir og með heilu og höldnu, sem
hverjum er ljúft. En kjósið þó nokkra af yður og sendið með
mjer til Kleandrosar, að þeir tali máli mínu, og gæti hags míns,
19 ef mër skyldi sjást yfir eitthvað«. 19. Herinn gaf honum þá
lof til, að kjósa menn til farar með sjer, en hann kaus hers-
höfðingjana. Siðan fóru þeir til Kleandrosar, Agasías og hers-

höfðingjarnir, og maðurinn, sem Agasías hafði tekið. Hers-
höfðingjarnir tóku þá til máls :

20. »Liðsmenn hafa sent oss til þín, Kleandros, og biðja þig, ef þú ber sakir á alla, að dæma sjálfur, og gjöra sem þú vilt, eða ef þú ber sakir á einhvern einn eða tvo eða fleiri, telja þeir, að þeir eigi að leggja sig undir dóm þinn. Ef þú þá ber nokkrar sakir á einhvern af oss, þá erum vjer hjer fyrir þjer; og ef þú telur nokkurn annan sekan, þá segðu það; því að enginn sá skal þjer úr greipum ganga, sem oss vill hlýðn-
ast«.

21. Því næst gekk fram Agasías og mælti: »Jeg er sá, Kleandros, sem tók mann þennan úr höndum Dexipposar, og hvatti þess, að berja Dexippos; 22. Því að jeg þekki þennan mann að því, að hann er vaskur maður; en um Dexippos er mjer það kunnugt, að hann var af liðinu kosinn fyrirliði fyrir fimmtugsessu þeirri, sem vjer fengum hjá Trapezúntbúum, og skyldi hann afla oss skipa, svo að vjer kæmumst braut með heilu og höldnu, en hann strauk og gjörðist svikari gegn liðsmönnum þeim, er hann hafði frelsazt með. 23. Vjer höfum þá bæði svipt Trapezúntbúa fimmtugsessunni, og þykjum sökum hans ódrengr vera, og hefðum allir týnt lífi voru, ef farið hefði eptir því, sem ráðlag hans hefur verið til; því að hann heyrði það, eins og vjer, að ófært væri að fara hjeðan á fœti, og ætla sjer svo að komast yfir fljótin, og ná með heilu og höldnu til Grikklands. Slíkur er þá þessi maður, sem jeg tók manninn af. 24. En vit það víst, að ekkert slíkt mundi jeg gjört hafa, ef þú hefðir tekið einhvern mann á braut, eða einhver þinna manna, eða einhver sá, sem eigi hefði strokið á braut frá oss. Ætlaðu því, ef þú ræður mjer nú bana, að þú drepir þá vaskan mann sökum bleyðimanns og varmennis«.

25. Þá er Kleandros heyrði þetta, kvaðst hann eigi mundu mæla Dexipposi bót, ef hann hefði þetta gjört; en þó kvaðst hann ætla, að Dexippos ætti eigi að sæta ofríki, þótt hann væri hið mesta varmenni, heldur ætti að hegna honum eptir dómi, »sem þjer og nú teljið rjett. 26. Farið þjer því nú, og látið mann þennan hjer eptir, en komið aptur til dóms, er jeg kalla yður. En úr því að þessi maður játar sjálfur, að hann hafi tekið manninn, ásaka jeg framar hvorki liðið allt, nje neinn annan einstakan«. 27. Maður sá, er tekinn hafði verið, tók þá til máls og mælti: »Ef þú ætlar, Kleandros, að jeg hafi ver-

id tekinn, sökum þess að jeg hafi eitthvað rangt gjört, þá hvorki sló jeg nokkurn nje kastaði steinum, heldur sagði jeg, að fjeð væri almennings-eign; því að það var ályktun liðsmanna, að þótt einhver einstakur næði sjerstaklega einhverju herfangi, þá er liðið færi til vistafanga, þá skyldi það vera almennings-
28 eign, sem næðist. 28. Þetta sagði jeg, og af þeim sökum tók Dexippos mig og leiddi mig á braut, svo að enginn ljeli neitt til sín heyra, og hann fengi sjálfur einn hlutann, en varðveitti hitt fjeð ránsmönnum til handa gagnstætt samkomulaginu«. Kleandros svaraði þessu þannig: »Þar eð svona stendur á þjer, þá vertu hjér kyrr, svo að vjer getum og borið ráð vor saman um þig«.

29 29. Síðan gengu þeir Kleandros til dagverðar, en Xenófon stefndi liðinu saman, og rjeð því, að gjöra menn á fund Kleandrosar, og skyldu þeir tala máli manna þessara. 30. Þeim kom þá saman um, að senda hershöfðingjana og hundradshöfðingjana og Drakontíos frá Spórtu, og aðra þá menn, er til þess þóttu fallnir, og biðja Kleandros fyrir hvern mun, að sleppa mönnunum.
31 31. Þá er sendimenn komu til Kleandrosar, tekur Xenófon svo til máls: »Mennirnir eru á valdi þínu, Kleandros, og liðsmenn hafa jákvætt því, að þú mættir gjöra, hvað þú vildir, bæði við þessa menn og sjálfa sig alla samt; en nú biðja þeir þig og grátbæna, að sleppa mönnunum við sig, og drepa þá eigi, því að þeir hafa margar þrautir þolað að undanfögnu fyrir hersins
32 sakir. 32. En ef þú veitir þeim þetta, heita þeir þjer því í mótt, ef þú vilt gjörast fyrirliði þeirra og guðirnir eru mildir þeim, að sýna þjer, að þeir bæði eru siðprúðir, og að þeir kunna að hlýða fyrirliða sínum, og með fulltingi guðanna að
33 hræðast eigi óvinina. 33. Þeir biðja þig og þess, að koma til sín og gjörast fyrirliði sinn, og reyna svo bæði Dexippos og sjálfa þá, hversu hver um sig er, og launa hverjum fyrir sig
34 eptir maklegleikum«. 34. Þá er Kleandros heyrði þetta, mælti hann: »Sannlega sver jeg þess við guðina, að jeg skal gefa yður greið svör. Jeg bæði sel yður mennina í hendur, og skal sjálfur koma; og ef guðirnir láta oss nokkra auðnu hljóta, skal jeg koma yður til Grikklands. Þessar ræður eru og mjög andstæðar því, sem jeg hef heyrt suma segja um yður, að þjer gjörið liðið frásnúið Lakverjum«.

35 Þeir gjörðu góðan róm að orðum hans, og hjeldu síðan



1866.